

Fornleifar í Grafningi

Nesjar, Hagavík, Krókur, Villingavatn, Bíldsfell, Tunga, Hlíð, Stóri-Háls, Litli-Háls og Torfastaðir

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS069-98181
Reykjavík 1998

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um fornleifaskráningu	5
Lögbundin skilgreining á fornleifum	7
3. Fyrri fornleifaathuganir í Grafningi.	9
4. Saga byggðar í Grafningi	10
5. Aðalskráning fornleifa 1998	21
ÁR-473 Nesjar	25
ÁR-476 Hagavík	37
ÁR-477 Krókur	46
ÁR-478 Villingavatn	57
ÁR-480 Bíldsfell	72
ÁR-481 Tunga	91
ÁR-482 Hlíð	99
ÁR-483 Stóri-Háls	106
ÁR-484 Litli-Háls	115
ÁR-485 Torfastaðir	119
ÁR-711 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Þingvallahreppi gamla	129
6. Fornleifar og byggð	130
7. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	134
8. Heimildaskrá	136

Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið	12
Kort 2. Dreifing minjastaða og landamerki	23
Kort 3. Nesjar túnakort	26
Kort 4. Nesjar aðalkort	29
Kort 5. Hagavík túnakort	39
Kort 6. Hagavík aðalkort	42
Kort 7. Krókur túnakort	47

<i>Kort 8. Krókur aðalkort</i>	<i>50</i>
<i>Kort 9. Villingavatn túnakort</i>	<i>58</i>
<i>Kort 10. Villingavatn aðalkort</i>	<i>62</i>
<i>Kort 11. Bíldsfell túnakort</i>	<i>73</i>
<i>Kort 12. Bíldsfell aðalkort</i>	<i>76</i>
<i>Kort 13. Tunga túnakort</i>	<i>92</i>
<i>Kort 14. Tunga aðalkort</i>	<i>97</i>
<i>Kort 15. Hlíð túnakort</i>	<i>100</i>
<i>Kort 16. Hlíð aðalkort</i>	<i>104</i>
<i>Kort 17. Stóri-Háls túnakort</i>	<i>108</i>
<i>Kort 18. Stóri-Háls/Litli-Háls aðalkort</i>	<i>112</i>
<i>Kort 19. Litli-Háls túnakort</i>	<i>116</i>
<i>Kort 20. Torfastaðir túnakort</i>	<i>121</i>
<i>Kort 21. Torfastaðir aðalkort</i>	<i>123</i>

1. Inngangur

Snemma árs 1997 hófst vinna við fornleifaskráningu á jörðum Reykjavíkurborgar á Hengilssvæðinu. Gerð var áætlun um fornleifaskráningu í landi Nesjavalla, Ölfusvans, og Úlfljótsvatns auk afréttarlanda í Henglinum sem tilheyra Ölfushreppi. Í fyrsta áfanga var gerð heimildakönnun um fornleifar á jörðum í efri hluta Grafningshrepps og löndum Ölfusinga á Hengilssvæðinu og var gerð sérstök skýrsla um hana sem út kom í apríl 1997.¹ Í þeirri skýrslu eru birtar upplýsingar um 375 minjastaði og auk þess greinargerð um sögu byggðar á skráningarsvæðinu. Á grunni heimildakönnunar var síðan gerð vettvangsathugun á öllum minjastöðum í landi Nesjavalla og Ölfusvatns í júní 1997. Skráðir voru 70 staðir og birtist afrakstur þeirrar vinnu í skýrslu sem kom út síðar sama ár.² Snemma árs 1998 ákvað Grafningshreppur að ráðast í aðalskráningu fornleifa á þeim jörðum í hreppnum sem ekki væru eign stofnana Reykjavíkurborgar og var á vordögum 1998 lokið við heimildakönnun um fornleifar í öllum Grafningshreppi. Áætlað var að aðalskrá allar jarðir í hreppnum sem óskráðar voru en Rafmagnsveita Reykjavíkur skarst úr leiknum á síðustu stundu og varð því ekki úr fornleifaskráningu á Úlfljótsvatni að þessu sinni en reiknað er með að hún verði gerð sumarið 1999. Í þessari skýrslu er birtur afrakstur fornleifaskráningar í landi jarðanna Nesja, Hagavíkur, Króks, Villingavatns, Hlíðar, Bíldsfells, Tungu, Torfastaða, Stóra-Háls og Litla-Háls en heildaryfirlit um fornleifar í Grafningi mun bíða eftir að skráningu á fornleifum í landi Úlfljótsvatns ljúki.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.³ Hér er að finna yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (2. kafli). Eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskrám í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningaránnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál,

¹ Birna Gunnarsdóttir & Orri Vésteinsson, *Menningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns*, Árbæjarsafn & Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1997.

² Orri Vésteinsson: *Fornleifar í landi Nesjavalla og Ölfusvatns*; Árbæjarsafn og Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1997.

minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknum á skráningarsvæðinu (3. kafli) og byggðasögu sveitarinnar (4. kafli). Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 1997 (5. kafli). Í 6 kafla er birt yfirlit um eru dregin saman megininkenni byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu og í 7 kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

Við skráninguna var beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið af Fornleifastofnun Íslands frá 1989. Heimildakönnun var unnin af Birnu Gunnarsdóttur og Sædísí Gunnarsdóttur sem einnig sá um vettvangsathuganir með aðstoð frá Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Mjöll Snæsdóttur. Einig veitti Haraldur Þór Egilsson Sædísí fulltingi í fjallgöngum. Orri Vésteinsson hafði yfirumsjón með verkinu og ritaði kafla um byggðasögu. Ragnar Edvardsson hreinteiknaði kort og gekk frá skýrslunni til prentunar. Sigurgeir Skúlason landfræðingur lét í té örnefnakort af Grafningi sem hann hefur gert og fær hann bestu þakkir. Sérstakar þakkir fá einig hinir fjölmörgu heimildamenn sem veittu upplýsingar og margháttáða aðstoð við skráningarstarfið.

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sérlagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifikönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi

³ Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994

kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbindingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvislegar vísbindingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsfyrvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta

fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfírráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á forminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skrám um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðajónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Lögbundin skilgreining á fornleifum

Í næsta kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki aðalskráningu fornleifa. Hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bærjarstæði og bærarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföustum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar.

3. Fyrri fornleifaathuganir í Grafningi.

Í Grafningi eru fáar fornleifar sem vakið hafa athygli manna. Í skýrslum sóknarpresta um merkar formmenjar frá 1817 er getið um stein á hlaðinu á Ölfusvatni, sem þá var talinn hafa verið notaður sem skírnarfontur, og Hofhól í túninu þar. Einnig er þar lýst þremur haugum við Sogið þar sem landnámsmennirnir Úlfþjótur, Villingur og Ölver áttu að hafa verið grafnir en þeir haugar eru í landi Úlfþjótsvatns.⁴ Tuttugu árum síðar sendi Hið íslenska bókmenntafélag út spurningalistu til sóknarpresta og var þar m.a. spurt um merkar fornminjar. Presturin á Þingvöllum, Símon Beck, nefndi í svarskýrslu sinni meðal annars nokkur eyðibýli í landi Nesja, það er Setbergsból, Vatnsbakka, Kleifardal og Veghamra og einnig nefnir hann Rauðabólsstaði í landi Hagavíkur.⁵

Fyrsta eiginlega fornleifikönnunin var gerð af Kristian Kálund sem ferðaðist um Ísland upp úr 1870 til að lýsa sögustöðum sem fjallað er um í fornsögum. Hann segir fyrstur manna frá Grímkelstóftum í túnfæti á Króki en virðist þó ekki hafa skoðað þær sjálfur. Hann lýsir einnig meintum hofleifum í túninu á Ölfusvatni auk Grímkelsgerðis, Grímkelsleiðis og blótsteinsins þar.⁶

Skömmu síðar, eða 1880 var Sigurður Vigfússon við rannsóknir á alþingisstaðnum á Þingvöllum og fór þá einnig um nágrannasveitirnar og skoðaði minjastaði sem tengdust sögu þinghaldsins eða frásögnum Íslendingasagna. Í ítarlegrri grein um Þingvöll lýsir Sigurður enn frekar Hofhólnum á Ölfusvatni og segir frá haugunum við Sogið sem hann taldi náttúruminjar þó útilokaði ekki að þar hefðu fornmann verið grafnir.⁷ Í maí 1898 gerði Brynjúlfur Jónsson frá Minna Núpi, sem um árabil vann að fornleifaathugunum á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, könnun í Grafningi og skoðaði þá sömu staði og Kálund hafði fjallað um. Hann

⁴ FF, 219-220.

⁵ SSÁ, 192

⁶ KK I, 89-90

⁷ Sigurður Vigfússon 1881, 19-20.

skoðaði Grímkelstóftir og lýsir þeim ítarlega en einnig gerði hann dauðaleit að Steinröðarstöðum, sem getið er í Landnámabók. Í leit sinni skoðaði Brynjúlfur allmarga minjastaði í landi Nesja og skrifaði upp lýsingar á þeim.⁸

Eftir að Brynjúlfur hætti ferðum sínum skömmu eftir aldamótin 1900 dró mjög úr fornleifaathugun á Íslandi, en nýr þjóðminjavörður, Matthías Þórðarson, ferðaðist ekki um landið eins og forgögumenn hans heldur sat lengstum í Reykjavík og hugði að safngripum. Matthías friðlýsti þó fjölda minjastaða á Íslandi í kringum 1930 og fór þar mest eftir skýrslum þeirra Kálunds, Sigurðar og Brynjúlfss og þar á meðal sex staði á skráningarsvæðinu:

- Rústir í Vatnsbrekku í Nesjalandi
- Rústir á Setbergsbólum í Nesjalandi
- Rústir í Kleifardal í Nesjalandi
- Grímkelsgerði með Grímkelsleiði í túninu á Ölfusvatni
- Jarðfastur steinn með áletrun í túninu á Ölfusvatni
- Rústir Grímkelstófta í túnfæti á Króki⁹

1958 skoðaði Kristján Eldjárn nokkrar tóftir á svæðinu og gróf m.a. í svokallaðar Grímkelstóftir fyrir neðan túnið í Króki. Markmið þessarar athugunar var að fá staðfestingu á sögn Harðar sögu um býlið Grímkelstaði þar sem Grímkell bjó áður en hann flutti bæ sinn að Ölfusvatni. Egill Guðmundsson á Króki sýndi Kristjáni tóftir á fleiri stöðum, m.a. í Álftalautum og sést þar í einni tóftinni að grafin hefur verið lítil ferköntuð hola sem sennilega er eftir Kristján.¹⁰

4. Saga byggðar í Grafningi

Samkvæmt báðum megingerðum Landnámabókar reisti landnámsmaðurinn í Grafningi sér bú á Bíldsfelli. Leysingi hans, Steinröður Melpatreksson, sem á að hafa

⁸ Brynjúlfur Jónsson 1899, 1-5

⁹ Fornleifaskrá, 77; ÍF XIII, 5, nmgr. 1.

verið af göfugum ættum frá Írlandi, fékk hinsvegar land þar norðan við, svokölluð Vatnslönd og á að hafa búið á Steinröðarstöðum.¹¹ Ekki er getið um nyrðri mörk á landnámi Þorgríms bílds á Bíldsfelli eða um mörk milli landareigna þeirra Steinröðar en líklegt verður að telja að Vatnslönd eigi að vísa til landsvæðisins þar sem síðar voru jarðirnar Úlfþjótsvatn, Villingavatn og Ölfusvatn. Óvist er hvort land Nesja hefur átt að vera innan landnáms Steinröðar en lengra til norðurs hefur það ekki átt að ná því Heiðabær á að hafa verið landnámsbær.¹² Vísrending um mörk landnáma við sunnanvert og vestanvert Þingvallavatn er að Nesjar áttu sókn til Ölfusvatnskirkju en sóknamörk virðast oft hafa ráðist af fornum landareignum. Jórukleif er einnig eðlilegt landamerki af náttúrunnar hendi og hefur ekki aðeins skipt landareignum og sóknum heldur einnig hreppum um aldir og er vísast að sama hafi gilt er lönd byggðust í fyrstu kringum Þingvallavatn. Sú tilgáta verður því að teljast líklegust að nyrðri mörk á Vatnslöndum hafi verið milli Nesja og Heiðabæjar.¹³

Um mörk milli landnáma Þorgríms bílds og Steinröðar getur aðeins skeikað um Úlfþjótsvatn. Ef farið er eftir nafngjöfum gæti verið eðlilegt að líta svo á að Úlfþjótsvatn hafi verið hluti af Vatnslöndum en hinsvegar er hálsinn milli Úlfþjótsvatns og Villingavatns eðlilegri landamerki frá náttúrunnar hendi. Um þetta verða ekki hafðar annað en getgátur en ólíklegt gæti þótt að Þorgrímur bíldur hefði gefið frá sér svo mikið og gott land, jafnnálægt Bíldsfelli og Úlfþjótsvatn er.

Syðri mörk á landnámi Þorgríms eru sögð vera við Þverá. Engin á með því nafni er nú á þessu svæði en einsætt er að Þverá sé sama á og Tunguá.¹⁴ Landnám Þorgríms verður að vísu ekki mjög stórt með því móti; með vissu nær það yfir jarðirnar Bíldsfell, Tungu og Hlíð og mögulega Úlfþjótsvatn, en Torfastaðir, Stóri- og Litli-Háls verða einskonar útkjálki í landnámi Orms hins gamla í Hvammi í Ölfusi.¹⁵

¹⁰ ÍF XIII, 5 nmgr. 1

¹¹ ÍF I, 388-89

¹² ÍF I, 391 sbr. Einar Arnórsson, Árnesþing, 200-204

¹³ Það flækir þessi mál enn frekar að í Sturlubók Landnámu er ekki gert ráð fyrir sérstöku landnámi norðan við landareign Steinröðar og mætti skilja það sem svo að Sturla lögmaður hafi talið að Þorgrímur bíldur hafi numið öll lönd milli Öxarár og Þverár (sennilega sama og Tunguá milli Torfastaða og Tungu). Hafi landnám Hrolleifs ekki dottið út af vangá má einnig hugsa sér að Sturla hafi talið að Þingvellir hefðu verið óskiptur hluti af landi Ingólfss og niðja hans.

¹⁴ sbr. ÍF I, 389 nmgr 5

¹⁵ ÍF I, 390, 391



Kort 1. Jarðir í Grafningshreppi

Ekki er óhugsandi að þverá hafi verið einhver smálækur sunnanvið Torfastaði en þeir eru ekki margir og yfirleitt eru landnám látin miðast við meiriháttar vatnsföll í Landnámabók.

Ekki er hægt að taka landnáms sögnum í Landnámabók sem beinum heimildum um landnám. Þær geta að vísu geymt forn minni og verðið bygðar á sögnum með sannleikskjarna í en margt annað getur hafa haft áhrif á þær, einkum í samtíma þeirra sem stóðu fyrir því að festa sögurnar á bókfell. Sömuleiðis er greinileg ritstjórnartilhneyging, sennilega ættuð úr Styrmisbók, að miða landnámsmörk við afgerandi skil í landslagi, fjöll eða ár, jafnvel þar sem ár renna um svæði sem eðlilegra væri að líta á sem búsetulega heild og á seinni tínum hafa verið innan sömu sókna og hreppa. Þannig virðist nærtækara að ímynda sér að þegar menn komu fyrst yfir Grafningsháls eða norður með Ingólfssfjalli að austan þá hafi þeir kastað eign sinni á allt svæðið milli Bíldsfells og norðurhlíða Ingólfssfjalls, að þar hafi til að byrja með myndast byggðakjarni, mögulega með fleiri en einu búi, sem seinna hafi skipst upp í jarðirnar Bíldsfell, Tungu, Hlíð, Stóra-Háls og Litla-Háls og Torfastaði. Bíldsfell og Torfastaðir hafa verið bestu jarðirnar af þessum, þar voru kirkjur á miðöldum og þær voru dýrast metnar. Sennilegast er að ummerkja um elstu byggð í Grafningi sé að leita í landi þessara jarða, og mögulega Tungu, en Hálsjarðirnar og Hlíð hafa að líkindum byggst seinna en hinrar enda eru landgæði þar mun minni en niðri við Sogið. Möguleg ástæða fyrir því að landnámsmörkin eru látin vera við Tunguá í Landnámabók og jarðirnar sunnan við hana látnar tilheyra landnámi með kjarna í Ölfusi, gæti verið að þjóðleiðin milli Ölfuss og uppsveita Árnессýslu, þ.á.m. Skálholts, lá áður fyrr um Grafningsháls og á vaði yfir Sogið í Álftavatni fyrir landi Torfastaða. Það gæti því hafa haft þýðingu fyrir áhrifamenn í Ölfusi að ráða fyrir eða gera tilkall til jarðeigna á þessari leið. Hugsast gæti jafnvel að landnámsmörkin hafi verið dregin á þennan hátt einmitt vegna þess að Ölfusmenn áttu jarðirnar sunnan við Tunguá í Grafningi á 13. öld en það verður auðvitað aldrei sannað.

Þó að landgæði séu hlutfallslega mikil í kringum Tunguá og Hlíðará þá hafa þau skipst upp á milli margra jarða, þannig að jafnvel þær dýrustu, eins og Torfastaðir, hafa takmarkað landrými til beitar. Öðru máli gegnir um jarðirnar

norðan við. Þær eru allar landrúmar, meira að segja þær sem eru upphaflega hjáleigur, en heyskapur hefur verið hlutfallslega minni en syðst í sveitinni.

Ekki eru neinar vísbindingar til um hvar Steinröðarstaðir eiga að hafa verið. Af orðalagi Landnámu um “Vatnslönd” mætti helst ráða að þeir hefðu verið einhversstaðar á svæðinu sem nú nær yfir jarðirnar Úlfljótsvatn, Villingavatn og Ölfusvatn og má í því sambandi minnast sagna í Harðar sögu um að Grímkell goði hafi fyrst búið á öðrum stað áður en hann færði bú sitt og byggði upp bæinn á Ölfusvatni. Slíkar sagnir eru ekki óalgengar í landnámsfrásögnum og er raunar auðvelt að sjá að í ókunnu landi hefur fyrst í stað þurft að stunda nokkra tilraunastarfsmeyi með bæjarstæði áður en besti staðurinn innan hverrar landareignar var fundinn. Sögnin um Steinröðarstaði gæti verið minning af þessu tagi og ekki ómögulegt að þeir hafi verið sami bær og einnig var kallaður Fjöll eða Grímkelsstaðir, sem astur var forveri Króks sem nú er. Brynjúlfur Jónsson tulkodi frásögn Landnámu á annan hátt og leitaði leifa Steinröðarstaða innst í landi Nesja og fann þar rústir á tveimur stöðum sem honum fundust koma til greina sem fornþýli (ÁR-473:010, 011). Hvorki eru þó sagnir eða örnefni tengdar þeim sem benda í þá átt og ljóst er að á svæðinu milli Úlfljótsvatns og Nesja eru rústir á allmörgum stöðum sem gætu verið eftir fornþýli (t.d. ÁR-473:016, 017, 020; ÁR-475:016, 031; ÁR-476:015; ÁR-477:009; ÁR-479:040, 056, 061).

Í báðum Landnámugerðum er ætt rakin frá Steinröði til Brands Þórissonar á Þingvöllum. Brandur þessi var uppi á seinni hluta 12. aldar og hefur verið höfðingi, í það minnsta stórbondi, því móðir hans var dóttir Jóns Sigmundssonar höfðingja Svínfellinga (d. 1164) og sjálfur var hann giftur systur Hrafns Sveinbjarnarsonar höfðingja Seldæla (d. 1211). Þessi ættrakning frá Steinröði gæti bent til að stórbændur á Þingvelli hafi á 12. öld átt ítök, eða gert tilkall til áhrifa, sunnan við Þingvallavatn og má hugsanlega sjá þar merki um átök á mörkum áhrifasvæða Haukdæla annarsvegar og Kjalnesinga og síðar Borgfirðinga hinsvegar.

Það er athyglisvert, að þó að Haukdælir virðist hafa verið orðnir allsráðandi í Árnesþingi þegar í byrjun 12. aldar þá er ekki að sjá að þeir hafi nokkurntíma náð beinum yfirráðum yfir Þingvöllum. Brandur og Þórir faðir hans

giftust báðir dætrum stórhöfðingja úr öðrum landshlutum, og það að Brandur var svili Gissurar Hallssonar (d. 1206), en hann átti aðra systur Hrafns á Eyri, bendir ekki til annars en að þeir hafi verið pólitískir jafningjar, þó að Gissur hafi vitanlega verið áhrifameiri. Önnur vísbending um pólitísku stöðu Brands er að 1242 gifti Órækja Snorrason dóttur hans, Margréti, einum stuðningsmanna sinna¹⁶ og hefur Brandur þá verið láttinn. Órækja reyndi að fylla það skarð sem Hrafn Sveinbjarnarson skildi eftir og má vera að honum hafi fallið gjaforð Margrétar í skaut eftir móður hennar, systur Hrafns, en ólíklegt verður þó að telja að Órækja hefði getað ráðið gjaforðinu hefði Brandur ekki verið bandamaður Sturlunga. Ekki er vitað hversu lengi Brandur bjó á Þingvelli eða hvort hann dó þar en laust fyrir 1200 bjó þar Guðmundur gríss (d. 1210), sem mun hafa átt goðorð um Kjalarne og var augljóslega sjálfstæður gagnvart Haukdælum og höfðingjum Borgfirðinga. Ætt Guðmundar festist hins vegar ekki á Þingvöllum því árið 1221 bjó þar maður að nafni Guðlaugur Eyjólfsson af ætt Oddaverja¹⁷ og má af þessu ætla að Haukdælum hafi verið skipulega haldið frá beinum yfirráðum yfir Þingvöllum af hinum valdafjölskyldum landsins.

Það voru þannig ekki Þingvellir heldur Ölfusvatn sem var útvarðstöð Haukdæla til vesturs. Þar bjó árið 1243 Símon knútur, sem hafði frá blautu barnsbeini verið fylgdarmaður Gissurar Þorvaldssonar og hafði verið með honum í Örlygsstaðabardaga og í Reykholti að aftöku Snorra Sturlusonar. Heimamaður Símonar var Þorsteinn Guðinason, sem eignað var banasár Snorra og fór Tumi Sighvatsson að þeim það ár og var Símon höggvinn en Þorsteinn handhöggvinn.¹⁸ Freistandi er að ætla að tilkall það til “Vatnslanda” sem birtist í ættrakningu frá Steinröði til Brands Þórissonar á Þingvelli hafi tengst viðspyrnu smáhofðingjanna á Þingvelli við útbennslu Haukdæla um miðja 12. öld og jafnvel að þeir hafi verið leiðtogar manna suður um Grafning.

Úlflijótsvatn var stærsta jörðin í Grafningi, 60 hundruð að fornu mati,¹⁹ en flest bendir til að framan af miðoldum hafi Ölfusvatn verið aðalbýlið og miðstöð byggðarinnar. Þegar bóninn á Ölfusvatni lagði grunnin að fastri prestvist við

¹⁶ Sturl. 450, sbr. 472

¹⁷ Sturl. 46, 266, 272

¹⁸ Sturl. 491-92

¹⁹ Með Villingavatni sbr. JÁM XIII, 62, 63 nmgr

kirkjuna þar á 12. öld gaf hann til hennar auk hluta í heimalandi, Sandey í Þingvallavatni og hluta af Hagavíkurlandi, sennilega helming þess. Þessar gjafir bera með sér að hann hefur átt Hagavík og Sandey og er eðlilegast að ætla að þau lönd hafi verið hluti af upphaflegri landareign Ölfusvatns. Lega Sandeyjar í Þingvallavatni bendir sterkelega til þess að Ölfusvatn hafi byggst og eign verið kastað á eyjuna áður en byggð festist á Nesjum, í Heiðabæ eða á Mjóanesi. Um fornt mat Ölfusvatns eru ekki ótvíraðar heimildir, það hefur ekki verið minna en 48 hundruð og hugsanlega 60 ef Krókur er talinn með.²⁰ Höfundur Harðarsögu²¹ lætur Grímkel goða, sem greinilega á að vera meiriháttar höfðingi, búa á Ölfusvatni og þar hefur verið komið prestsetur fyrir 1200 en að Úlfljótsvatni kemur fyrst setuprestur á 13. öld.²² Fyrir þann tíma má ætla að allir bær í Grafningi hafi átt sókn til Ölfusvatns, en eftir að Villingavatn var lagt til kirkjunnar á Úlfljótsvatni og þar varð prestsetur, færðist sveitin sunnan við Úlfljótsvatn og útkirkjurnar á Bíldsfelli og Torfastöðum undir Úlfljótsvatnskirkju, og hefur Úlfljótsvatn upp frá því orðið miðstöð sveitarinnar. Hugsanlega má tengja uppgang Úlfljótsvatn á kostnað Ölfusvatns því að sú síðarnefnda, eins og raunar bæði Bíldsfell og Torfastaðir, hafa snemma komist undir Skálholtskirkju og bændur á þessum jörðum því verið leiguliðar Skálholtsbiskupa. Úlfljótsvatn var hinsvegar ávallt bændaeign og þar sátu gjarnan eignamenn sem hafa verið sjálfsagðir leiðtogar sveitarinnar. Af öðrum jörðum í hreppnum virðast aðeins Nesjar og Stóri-Háls ávalt hafa verið bændaeign, en Hlíð var eign Viðeyjarklausturs milli 1395 og 1524 og Litli-Háls frá 1448 en varð síðar konungseign. Tunga varð Skálholtskirkjujörð 1553.

²⁰ Í elsta málðaga Ölfusvatnskirkju er hún sögð eiga 12 hundruð í Ölfusvatnslandi og önnur 12 hundruð í Hagavík en í seinni málögum er hún talin eiga hálfit heimaland. Svo virðist sem Hagavík hafi lagst í eyði og verið sameinuð Ölfusvatni og má af því ráða að kirkjuhlutinn hafi verið 24 hundruð, en jörðin öll 48 hundruð

²¹ Sagan er í núverandi mynd ekki eldi en frá seinni hlut 14. aldar en eldi gerð hennar heur verið til, saman um eða fyrir miðja 13. öld og er sennilegt að yngri gerðin byggi á henni og hafi ekki breytt atriðum eins og helstu persónum og bústöðum þeirra - Íslensk bókmennatasaga II, 149; ÍF XIII, lxvi-lxvii

²² Þetta má sjá af því að Ölfusvatnskirkju er getið í kirknatali Páls biskups frá um 1200 en ekki Úlfljótsvatns (ÍF XII, 8). Í kirknatalinu er aðeins getið þeirra kirkna sem prestar voru við. Til er málðagi Bíldsfellskirkju frá 13. öld sem getur þess að þeirri kirkju eigi að þjóna frá Úlfljótsvatni og hefur þar þá verið komið prestsetur (DI I, 409). Ekki eru aðrar vísbindingar um aldur þessa málðaga en að hann er miklu eldri en Vilchiñsmáldagi sömu kirkju frá 1397 og að hann er greinilega vígslumáldagi, sem sést af ákvæðum um söng og lýsingu kirkjunnar, en lýsingarákvæði eru einkenni á 13. aldar málögum.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að kirkja hafi verið á Úlfljótsvatni löngu áður en prestskyld var sett þar, og sennilegt er að hún hafi fyrst verið byggð á 11. öld, sem einnig má ætla um hinrar kirkjurnar í Grafningi, þ.e. á Nesjum, Ölfusvatni, Bíldsfelli og Torfastöðum. Talið er að kirkjur hafi byggst við helstu bólstaði fljótlega eftir kristnitökuna en að aðgreining þeirra í bænhús, útkirkjur og prestskyldarkirkjur hafi fyrst orðið á 12. öld eftir að prestum tók að fjölga að ráði. Áður en það varð munu kirkjurnar fyrst og fremst hafa verið notaðar til bænahalds og í sambandi við grefstranir og messuhald fyrir hina látnu. Þegar komið var fram á 12. öld vígðust margir meiriháttar höfðingjar til prests og aðrir réðu presta til að syngja við kirkjur sínar og þjóna í kirkjum nágranna sinna.²³ Það að bóninn á Ölfusvatni mun hafa orðið fyrstur til að halda uppi reglulegri prestþjónustu við kirkju sína af bændum í Grafningi, og lagði til þess Sandey í Þingvallavatni og hluta úr landi Ölfusvatns og Hagavíkur,²⁴ bendir til að hann hafi verið helsti leiðtogi sveitarinnar og Ölfusvatn miðstöð hennar.

Dreifing kirknanna í Grafningi kemur vel heim og saman við matsverð jarðanna: kirkjur er að finna á öllum stærstu og dýrustu jörðunum, en þær jarðir sem ekki hafa haft kirkjur eru augljóslega hjáleigur eða minni býli sem skipt hefur verið út úr aðaljörðunum. Eins og áður var vikið að hafa Bíldsfell og Torfastaðir verið aðaljarðirnar syðst í sveitinni og byggð hefur sennilega hafist síðar í Tungu, Stóra-Hálsi, Litla-Hálsi og Hlíð þó ekki þurfi það að hafa munað miklu. Mögulegt er enn fremur að Háls hafi upphaflega verið ein jörð en þær eru orðnar tvær um miðja 15. öld þegar þeirra er fyrst getið í skjölum. Villingvatn tilheyrði kirkjunni á Úlfljótsvatni og er slíkt yfirleitt merki þess að kirkjujörðin hafi upphaflega verið afbýli frá höfuðbólinu sem hafi verið lögð til kirkjunnar við stofnun hennar til upphalds presti og kirkju. Nokkur minni afbýli virðast einnig hafa verið í Úlfljótsvatnslandi en ekkert þeirra hefur verið lengi í byggð nema Úlfljótsvatnshjáleiga. Snemma hefur verið byggt í Hagavík eins og Harðar saga er til vitnis um, en hvort bóninn þar hefur verið óháður nágranna sínum á Ölfusvatni eins og sagan ætlast til, er efamál og ljóst er að eigandi Ölfusvatns hefur getað ráðstafað

²³ Orri Vésteinsson: *Christianisation of Iceland*, 72-92, 231-43

²⁴ DI I, 270

Hagavík til kirkju sinnar á 12. öld. Krókur er einnig hjáleiga byggð úr Ölfusvatni og nokkur afbýli virðast hafa verið frá Nesjum, síðast á Nesjavöllum frá 1819.

Eðlilegt er að álykta að stærstu og bestu jarðirnar, þar sem voru kirkjur eða bænhús, séu þær sem fyrst voru byggðar - þeir sem fyrstir komu gátu tekið víðustu og bestu löndin og þegar byggð tók að þéttast fengu hinir sem síðar komu hlutfallslega minni og rýrari skika. Þegar kristni var lögtekin árið 1000 hafa bændur á þeim jörðum sem lengst og best voru setnar verið best í stakk búnir til að koma sér upp sérstökum grafreitum og byggja í þeim hús til helgihalds. Af þessu má gera sér grófa mynd um þróun byggðarinnar:

Sennilegt er að land í Grafningi hafi verið numið að sunnan og má því vel leggja trúnað á frásögn Landnámu um að fyrst hafi verið byggt sunnan undir Bíldsfelli, en að fljótlega hafi risið annað býli við Þingvallavatn. "Vatnslönd" hafa síðan snemma skipst í tvö aðalbýli, Úlfljótsvatn og Ölfusvatn og Nesjar hafa líka skilist frá snemma. Eins og sagnirnar um Steinröðarstaði og Grímkelstaði minna á er vel mögulegt að nokkur flutningur hafi verið á bæjarstæðum fyrst í stað meðan menn voru að kynnast landinu. Mjög fljótlega eftir að landnám hófst í Grafningi hafa þó orðið fjórar eða fimm aðaleiningar. Syðst hefur verið stór byggðakjarni í kringum Tunguá, sem gæti hafa skipst í tvennt með alajörðum á Torfastöðum og Bíldsfelli. Þar norðan við hefur verið býli við Úlfljótsvatn, þá Ölfusvatn og nyrst Nesjar. Hvenær þessi lönd fóru að skiptast upp er vandara að segja en ekkert er því til fyrirstöðu að þegar á 10. öld hafi verið komin byggð í Hagavík og á Villingavatni, en hvort það hafa verið sjálfstæð býli er óvist. Sama má segja um Háls, Tungu og Hlíð þó engar heimildir séu til um þessar jarðir fyrr en á síðmiðöldum (Hlíðar er fyrst getið 1395, Litla-Háls 1448, Tungu 1545 og Stóra-Háls um 1600).

Vel er hugsanlegt að afbýli eða hjáleigur hafi verið víðar á svæðinu þó ekki séu nú til heimildir þar um. Þar má minnast rústa á Vatnsbrekku (ÁR-476:011) og Setbergsbóli (ÁR-476:010) innst í Nesjalandi, bæjarstæða Nesjavalla (ÁR-474:001) og Króks (ÁR-477:001 sbr. 024) sem vel geta hafa verið notuð til búskapar áður en byggð sú hófst þar sem þekkt er úr seinni alda heimildum. Þá eru óljósar heimildir um forn eyðibýli í Kleifardal (ÁR-473:017) og undir Vegghömrum (ÁR-473:020) í Nesjalandi og á Rauðbólsstöðum (ÁR-476:015) í Hagavíkurlandi. Þá eru

tóftaleifar á tveimur stöðum í Ölfusvatnslandi, sem gætu verið fornþýli, á Tóftarbakka (ÁR-475:031) og í Álftakróki (ÁR-475:016). Einnig eru tóftaleifar á nokkrum stöðum í Úlfhljótsvatnslandi sem gætu verið eftir gömul kot (ÁR-479:040, 056, 061). Í túnfætinum á Króki eru tóftaleifar sem bera nafnið Grímkelstóftir (ÁR-477:009) og eiga samkvæmt munnmælum að vera leifar Grímkelsstaða þar sem Grímkell goði bjó áður en hann byggði upp á Ölfusvatni. Lítilsháttar fornleifarannsókn var gerð þar 1958 en ekki fékkst fyllilega úr því skorið hvort um mannabústað væri að ræða en ekki er ljóst hversu umfangsmikil þessi athugun var.²⁵ Vitað er um hjáleigur frá Hlíð (ÁR-482:010 og 011) og Stóra-Hálsi (ÁR-483:002) og á einum stað í landi Torfastaða eru tóftir sem gætu verið eftir býli (ÁR-485:018). Þó ekki sé hægt að útiloka að byggð hafi verið nokkuð víðar en nú er á ýmsum tímum, er þó flest sem bendir til að byggð í Grafningi hafi lengstum verið minni en á 19. öld, einkum hefur nyrðri hluti sveitarinnar verið strjálbýlli.

Hagavík hefur greinilega lagst í eyði eftir 13. öld, sem sjá má af því að kirkjan á Ölfusvatni er í máldaga frá um 1200 talin eiga hluta í Hagavíkurlandi, og hefur það þá verið byggt,²⁶ en 1397 er kirkjan talin eiga helming heimalands.²⁷ Er eðlilegast að skýra þessa breytingu á þann veg að Hagavík hafi lagst í eyði og land jarðarinnar verið sameinað Ölfusvatnslandi. Þessi túlkun styrkist af því að um 1500 var aðeins einn bær byggður í Ölfusvatnkirkjusókn annar en Ölfusvatn, þ.e. Nesjar og um 1570 eru aðeins tveir bæir í sókninni, Nesjar og Krókur.²⁸ Hagavík hefur því lagst í eyði á 14. öld og verið í eyði bæði um 1500 og um 1570 en sennilega byggst fljótlega eftir það og verið í stöðugri byggð alla 17. öldina því ekki er þess getið í jarðabók Árna og Páls að byggðin þar sé ung.²⁹ Auðvitað er ekki útilokað að Hagavík hafi verið byggð öðru hverju á tímabilinu 1300 til 1600 en lengst af hefur jörðin verið í eyði.

Króks er fyrst getið um 1570 og hefur ekki verið í byggð um 1500 og gæti því verið nýbýli frá 16. öld þó auðvitað sé ekki hægt að útiloka að byggð hafi verið þar áður, sbr. sagnir um Grímkelstóftir. Hvortveggja Krókur og Hagavík voru

²⁵ sbr. ÍF XIII, 5 nmgr. 1

²⁶ DI I, 270

²⁷ DI IV, 94-95

²⁸ DI VII, 47; DI XV, 644

taldar hjáleigur Ölfusvatns er jarðabókin var gerð 1706 og bendir því flest til þess að býli þessi hafi framan af verið minniháttar og í óstöðugri byggð. Að byggð hafi verið með minna móti í Grafningi á seinni hluta miðalda fær einnig stuðning af því að kirkjutíund til Úlfljótsvatnskirkju á árabilinu 1387 til 1397 var aðeins 12 álnir á ári. Ef greidd hefur verið tíund af öllum þeim bæjum sem í byggð voru í sókninni á 18. og 19. öld (fyrir utan Bíldsfell og Torfastaði þar sem tíund var tekin heima, og Villingavatn sem var kirkjujörð og undanþegin tíundargreiðslum) þá hefði hún átt að vera að minnsta kosti 28 álnir á ári.³⁰ Ef bóndinn á Úlfljótsvatni kom sér undan tíundargreiðslum til kirkju sinnar, sem hann þó hefði ekki átt að komast upp með því jörðin var bændaeign, þá hefði kirkjutíundin samt átt að vera rúmar 16 álnir á ári.³¹ Hafi matsverð jarðanna ekki hækkað til muna, sem er ólíklegt, þá bendir þetta til að fyrir utan Úlfljótsvatn sjálft, Villingavatn, Bíldsfell og Torfastaði, hafi byggð verið með minna móti í syðri hluta sveitarinnar á seinni hluta 14. aldar og að minnsta kosti ein jörð í eyði, sennilega fleiri.³² Þessi vísbinding er athyglisverð því yfirleitt er talið að byggð á Íslandi haf verið með öflugasta móti á 14. öld, fyrir Svartadauða.

1706 voru tvær hjáleigur með Úlfljótsvatni,³³ en ekki er vitað um önnur afbýli með þeirri jörð frá fyrri tínum. Önnur þessara, Gata, var byggð upp 1706 og hefur búskapur staðið þar stutt, en í hinni, Úlfljótsvatnshjáleigu, hafði þá verið búið um hríð en byggð var þar aflögð fyrir miðja 19. öld.

1706 er þess einnig getið að hjáleiga hafi verið í landi Hlíðar, byggð í innan við 10 ár í kringum 1670 og einnig var þá bent á gamlar tóftir sem hefðu

²⁹ JÁM II, 380

³⁰ Íslenska tíundin var 1 % fasteignaskattur og með því að matsverð tfundarskyldra jarða í Úlfljótsvatnskirkjusókn var 94 hundruð (Úlfljótsvatn 40, Hlíð 20, Tunga 12, Stóri-Háls 12 og Litli-Háls 10), þá hefðu tíundargreiðslurnar átt að nema alls 0,94 hundruðum eða 112,8 álnum á ári. Tíundinni var síðan skipt í fjóra hluta, fór einn til biskups, einn til fátækra, einn til prestsins og einn til kirkjunnar, hver hlutur 28,2 álnir. Tíund var að vísu einnig greidd af öðrum fasteignum en landi en slík tíund mun aðeins hafa numið litlu broti af heildartíundinni, sem sést af því að víðast er góð fylgni milli heildarmatsverðs tfundarskyldra jarða í hverri sókn og kirkjutíundarupphæðar*4(100) - Orri Vésteinsson, *Christianisation*, 117 nmgr. 4.

³¹ Þá hefði tíundarstofninn verið 54 hundruð og tíundin í heild 64,8 álnir

³² Ekki er óhugsandi að Tunga, Litli- og Stóri-Háls og Hlíð hafi greitt tíundir sínar til kirknanna á Bíldsfelli og Torfastöðum, en það væri þó mjög óvenjulegt. Hitt væri sennilegra að litið hafi verið á þessa bæi sem hjáleigur frá kirkjustöðunum og þær hefðu þannig ekki haft sjálfstætt matsverð.

³³ JÁM II, 383

mögulega getað verið afbýli. Einnig er getið um hjáleigu á Sóra-Hálsi sem hafi verið í byggð í 2 eða 3 ár eftir 1666.³⁴

Vitað er um nokkur kot í landi Nesja, sem virðast hafa verið í byggð öðru hverju, og yfirleitt um skamma hríð á 18. og 19. öld. Nesjakot, hjáleiga byggð upp úr selstöðu á Kleifardal og önnur undir Vegghömrum voru allar farnar í eyði um 1840 en þá er getið um búskap í Botnadal³⁵ þar sem búið var frá 1832 til 1844. Bú var fyrst reist á Nesjavöllum 1819 og er um það sömu sögu að segja og með Krók að þar getur vel hafa verið búið áður þó heimildir geti þess ekki.

Búskaparskilyrði eru ekki nema í meðallagi góð í Grafningi og því lítið svigrúm fyrir miklar breytingar á skipulagi byggðar. Þar hefur snemma orðið byggðakjarni við Tunguá en þar norðan við hafa byggst þrjár þokkalega landmiklar og búsaeldarlegar jarðir sem hafa haldist í stöðugri byggð en minni býli hafa átt þar erfiðara uppdráttar. Það er ekki fyrr en um 1600 að stöðugleiki kemst á byggð í Hagavík og á Króki en sennilegt er að minniháttar kotbúskapur hafi áður verið reyndur á þeim bæjarstæðum sem og nokrum stöðum öðrum, einkanlega í landi Nesja og Úlfhljótsvatns, yfirleitt í skamma hríð í einu. Aðeins eitt slíkt bæjarstæði, Nesjavellir, komst í varanlega ábúð á 19. öld.

5. Aðalskráning fornleifa 1998

Á vordögum 1998 voru 319 minjastaðir skráðir á 10 jörðum í Grafningi og skiptast þeir þannig eftir tegundum:

bæjarhólar og bæjarstæði	18	hellar	4
tóftir og rústabungur	68	gripur	1
garðlög	25	frásagnir	5
þjóðsögur	9	vörður	12
götur	24	mannvirki	1
hús	1	örnefni	19
vegur	4	heimildir	120
hleðslur	2	námur	4
renna	1	gerði	1

³⁴ JÁM II, 385-387

³⁵ JJ, 73

Hlutverk þessara staða greinast hinsvegar svo:

bústaður/býli	18	útkirkjur	3
útihús	18	legstaðir	2
fjárhús	23	varnargarðar	2
lambhús	7	þvottastaðir	3
hesthús	8	brunnar	5
fjós	6	vörslugarður	1
túngarðar	4	refagildra	1
sel	10	mógrafir	12
beitarhús	8	landamerki	2
stekkir	9	samgöngubætur	2
fjárskýli	9	vöð	5
réttir	7	leiðir	37
kálgarðar	5	áveitir	9
heygarðar	3	rista	5
býli/sel	2	heystæði	4
heystæði	4	hjallur	1
kvíar	4	traðir	5
tröll	1	tröllabústaður	1
stífla	1	sæluhús	1
álagablettur	1	eyktarmark	1
ferja	2	huldufólksbústaðir	3
kolagrafir	2	skemma	1
smalakofi	1	smiðja	1

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, GK o.s.fr.v.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-473:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrfari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.



Kort 2. Dreifing minjastaða og landamerki á skráningarsvæðinu

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki allt hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðrins í gráðum og mínumúrum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkini sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta, og 3) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Hættumat er aðeins gert þar sem mannvirki eru eða hafa verið eða á 271 stöðum af 319. 89 staðir töldust ekki vera í neinni hættu, 175 töldust í hættu en það þýðir að staðirnir eru á eða nærri athafnasvæðum eða rofsvæðum án þess að skilgreind sé sérstök vá sem að þeim steðjar, og 7 staðir töldust í miklli hættu en það þýðir að þeir munu skemmast eða hverfa innan tíðar nema gripið sé til aðgerða. Langflestir staðir teljast í hættu vegna umgangs, þ.e. þeir eru á svæðum þar sem atvinnustarfsemi (í flestum tilfellum landbúnaður) á sér stað. 14 staðir er í hættu


vegna trjáræktar sem nú færist mjög í aukanna á svæðinu, og er þar sérstök hætta í landi Hagavíkur þar sem tré hafa verið gróðursett ofaní tóftir á nokkrum stöðum. Á fjórum stöðum skapar mikill gróður hættur fyrir tóftirnar því þær eru að fara í kaf í lyng en á 13 stöðum skapa framkvæmdir af einhverju tagi hættur fyrir mannvirkjaleifar og má í því sambandi nefna sérstaklega framkvæmdir í Laxárdal og Seldal í landi Villingavatns og Króks. 16 staðir eru í hættu vegna jarðræktar. Á 3 stöðum eru minjar í hættu vegna vegagerðar, á sjö vegna uppblásturs og á fimm vegna vatnsaga. Af þeim stöðum sem eru í mikilli hættu eru fjórir staðir í hættu vegna vatnsaga einn vegna framkvæmda og einn vegna jarðræktar.

ÁR-473 Nesjar

20 hdr. 1706. Bændaeign. Fyrst getið 1539 en þá gaf Erlendur lögmaður Þorvarðsson dóttur sinni Margrétu Nesjavelli, 20 hdr, til giptumála við Þórólf Eyjólfsson - DI X, 497. 1.7.1567 hafði Erlendur Þorvarðsson látið Guðmund Steingrímsson fá Nesjar en Jón Marteinsson lætur Guðmund fá Dragháls 20 hdr, í staðinn - DI XIV, 640. [Jón Marteinsson (Einarssonar biskups) átti Þorbjörgu Erlendsdóttur lögmanns - Bsk II, 623] Í málðaga Ölfusvatnskirkju frá 1570 eða síðar segir að Nesjar og Krókur eigi þangað kirkjusókn, DI XV, 644. 18.9.1690 selur Sigurður Björnsson lögmaður Guðríði Ormsdóttur móðursystur sinni hálfar Nesjar fyrir 10 hdr - Jarðabréf, 21. [Sigurður var sonur Ingibjargar Ormsdóttur Vigfússonar Jónssonar og Guðríðar Árnadóttur Gíslasonar prests í Holti Jónssonar biskups] 23.5.1698 fær Sigurður Björnsson lögmaður Erlingi Eyjólfssyni hálfar Nesjar, 10 hdr, fyrir skuld - Jarðabréf, 13. 3.8.1706 pantsetur Guðríður Ormsdóttir hálfra jörðina Nesjar, 10 hdr að dýrleika, til Gísla Halldórrssonar fyrir 15 hdr 109 álnir - AÍ IX, 499. 18.7.1720 selur Sigurður Sigurðsson yngri sýslumaður Halldóri Magnússyni 10 hdr í Nesjum - AÍ X, 547. 19.7.1723 selur sr. Gísli Erlingsson Halldóri Magnússyni 10 hdr í Nesjum með 1 1/2 kúgildi - AÍ XI, 163. 18.7.1746 afsalar Magnús Gíslason lögmaður allri jörðinni Nesjum með 4 kúgildum til Jóns Pálssonar fyrir 144 rdl, bæði jörð og kúgildi - AÍ XIII, 367.

1819 var nýbýlið Nesjavellir byggt úr landi Nesja og fylgdi því efri og eystri hluti jarðarinnar, og taldist helmingur hennar að dýrleika eða 10 hdr - SSÁ, 182. "Nesjar er efsti bær í Grafningi. Stendur bærinn á vestasta nesinu af þrem nesjum sem ganga út í Þingvallavatn, milli Þorsteinsvíkur og Hestvíkur." SB III, 261. Allt landið mælt 5500-6000 ha, strandlengjan er 13 km, jörðin á Nesjaeyju út í Þingvallavatni.

3,2 ha 1918, slétt ca.[vantar]. Matjurtagarðar 674 m2. Tún 25,8 ha 1839: "Veiðijörð, heyskaparlítill, útigangur í meðallagi." SSÁ, 182. 1977. "Landið er allt þurrrent og bratt. Fyrir botni Hestvíkur að Jórukleif er landið að miklum hltua vaxið birkikjarri. Engar vatnslindir eða lækir eru í landinu og enginn mýrarblettur." SB III,



Kort. 3 Nesjar túnakort

261. Slægjur í Nesjaey.

Heimildamaður: Örn Jónasson fæddur að Nesjum 11.5.1955.

ÁR-473:001 bæjarhóll *Nesjar* bústaður 64°09.538N 21°013.406V
Bæjarhóllinn var þar sem nú er skemma um 100 m norðaustur af núverandi bæjarstæði. Þar hefur verið sléttáð úr öllu, og rutt um og er bæjarhóllinn sennilega nokkuð skemmdur. Vegaslóði og skemma eru á bæjarstæðinu.

Hættumat: hætta vegna umgangs


Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-473:002 heimild um útkirkju 64°09.459N 21°13.412V
1706: “Það er sögn manna, að hjer hafi að fornu kirkja eður hálfkirkja verið, ekki vita menn rök til þess, nema þau ein að sýnileg eru þar merki kirkjutóftar og kirkjugarðs. En framyfir allra manna minni hefur þetta hús niðri legið” segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í túninu um 100 m suðvestur af bæjarhólnum og um 30 m vestur frá vatnsbakka Þingvallavatns í bæjarvíkinni hafa komið upp mannabein og því líklegt að kirkjan hafi staðið nálægt þeim stað. Um 20 ár síðan túnið var sléttáð og beinin komu upp. Ábúandi hafði samband við Þjóðminjasafnið sem enn hafa ekki látið fara fram rannsókn á staðnum.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: JÁM II, 377

ÁR-473:003 fjárhústóft 64°09.439N 21°13.468V
Um 120 m SV af bæjarhólnum (001) og um 70 m vestur af botni Heimavíkur er fjárhústóft á nokkuð háum hól. Tóftin er uppi á vel grónum hól fast við túnið. Tóftin er greinilega tvíhólfa fjárhústóft. Enginn garði er sjáanlegur, milliveggurinn nokkuð gróinn en á suðurvegg má sjá þrjú umför af steinum. Vestara hólfid er 2x4 að innanmáli en austara hólfid er 2x5 að innanmáli og er tóftin alls 9x6 að utanmáli og hleðsluhæð um 0,6m.



allt um 20x20 m.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-473:004 heimild um útihús

64°09.405N 21°13.624V

Um 130 m suður af bæjarhólnum (001) og 50 m austur af heimreiðinni heim að Nesjum er svæði sem líkist því að þar hafi verið útihús. Í ósléttum, nokkuð blásnum bithaga. Húsin hafa að öllum líkindum verið rifin, steyptir bitar standa upp úr jörðinni, svæðið er

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-473:005 heimild um útihús

64°09.405N 21°13.624V


Um 125 m suðaustur af bæjarhólnum (001) og 45 m austur af heimreiðinni heim að Nesjum er svæði sem líkist því að þar hafi verið útihús. Í ósléttum, nokkuð blásnum bithaga. Húsin hafa að öllum líkindum verið rifin, steyptir bitar standa upp úr jörðinni, svæðið er allt um 20x20 m.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-473:006 útihúsatóft

64°09.505N 21°13.381V



Tóftin er um 5 metra suðaustur af bæjarhólnum (001) og um 70 metra vestur af vatnsbakkanum. Tóftin er í þýfðum bala í annars sléttuðu túni. Tóftin er nokkuð óglögg, aðeins eitt hólf sem er 2x5 að innanmáli en 2,5x6 að utanmáli. Lítið af grjóti grjót er enn sjáanlegt og um miðjan norðurvegginn sjást hleðslur.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-473:007 hellir fjárskýli

64°09.286N 21°13.393V

“Fram úr botni [Nesjavíkur] er Hádegishóll, sem var eyktarmark frá Nesjum. Hellir er í hólnum, og hefur hann stundum verið nefndur Hellishóll. Í gamla daga voru hafðir sauðir í hellinum. Hafa rúmast þar 20-25 sauðir.” segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er um 150 metra suðaustur af botni Bæjarvíkurinnar, um 70 metra vestur af hæsta punkti hlíðarinnar sem liggur meðfram allri víkinni að austanverðu. Hlíðin er vel gróin en efst er klettabelti. Margir hellar eru í bilinu sem myndast milli gróna svæðisins og klettanna. Sennilega er átt við stærsta hellirinn á svæðinu, ekki sést inn í hann vegna myrkurs en ábúendur segjast hafa talið alls 40 sauði koma út úr honum í einu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Nesjar, 2


ÁR-473:008 heimild um rétt

64°09.304N 21°14.196V

“Suðausturhornið á Hestvík heitir Litla-Hestvík. Upp frá henni gengur Réttarháls. Hann liggur suður á móts við Kúaflatir, sem eru norðvestan við Há-Krumma. Rétt var í Hestvík undir Réttarhálsi. Rústir hennar sjást enn. Þar var síðast réttað líklega 1938-9.” segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Réttin stendur undir háu bergi, sem heitir Réttarberg og skagar svolítið út í Hestvíkina og afmarkar Litlu-Hestvíkina.” Réttarbergið er grýttur höfði sem er um 100 m norðaustur af vegaslöðanum sem liggur eftir víkinni. Réttin var rifin af sumarbústaðaeiganda sem notaði grjótið til að hlaða sumarbústaðin sinn

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Nesjar, 3; Ö-Nesjar, aths. og viðb., 3



Kort 4. Nesjar aðalkort

ÁR-473:009 *Stuttistígur* heimild um leið 64°09.308V 64°14.181N
“Meðfram Hestvík liggur Stuttistígur, elzta gatan með vatninu. Þar var kirkjuleið að Úlfljótsvatni áður,” segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Stuttistígur var yfirleitt farinn þarna á milli bæjanna [Nesja og Heiðarbæjar], en hægt var að fara aðra leið. Presturinn þurfti að fara þarna um, þegar messa átti á Úlfljótsvatni. Þar sem Stuttistígur var mjög erfiður niðurgöngu og jafnvel glæfraelagur, fór presturinn aðra leið; hann fór aldrei Stuttastíg.” Einstigið liggur niður í víkina að norðvestanverðu, það er enn farið þegar smalað er. Göturnar eru enn greinilegar þar, en eftir ströndinni liggur vegarslóði sem sennilega hefur verið lagður yfir götuna.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Nesjar, 3; Ö-Nesjar, aths. og viðb., 4

ÁR-473:010 *Setbergsból* tóft af býli 64°09.717N 21°14.930V
FRIÐLÝSTAR MINJAR. “Gróinn stallur er í Jórukleif, um miðja kleifina, sem heitir Setberg, og undir því er Setbergsból. Þar var búið, var síðast einsetumaður. Þar sést fyrir tóftum og túnskækli, og munu þær minjar hafa verið friðlýstar fyrir mörgum árum” segir í örnefnalýsingu. Í viðbót við sóknarlýsingu frá 1840 segir um eyðibýli: “Setberg, þar upp og vestan undan [Vatnsbakka], undir kleifinni.” og er þess getið að þar sjáist rústir. “[Eyðibýli eru] Setberg[...].” Tóftin á Setbergsbóli er um 150 m vestur af þjóðveginum [nr. 36] undir grónum greinilegum stalli í kleifinni.

Tóftin er á grónum hól sem stendur upp úr lyngi og víðivöxnum móanum. Lyngið er að taka yfirhöndina þar og gæti verið að fleiri tóftir leyndust undir því. Rústirnar voru friðlýstar 1927. Um Steinröðarstaði segir í Landnámu: “Þorgrímr bíldr, bróðir Önundar bílds nam lönd öll fyrir ofan Þverá ok bjó at Bíldsfelli. Han leysingi var Steinröðr, son Melpatrix af Írlandi; hann eignaðisk öll Vatnslönd ok bjó á Steinröðarstöðum.”

Árið 1898 leitaði Brynjúlfur Jónsson rústa Steinröðarstaða, sem nefndir eru í Landnámu. Meðal staða sem hann taldi koma til greina voru Setbergsbalar: “Á Setbergsbólum eru allmiklar rústir og misgamlar. Hin vestasta er miklu nýlegust, og skal eg láta ósagt, hvort það hefir verið kot eða sel, tel hið fyrra þó líklegra. Hún er 8 fóm. lóng og 4 fóm. breið um miðjuna. Dyr eru á miðri suðausturhlið, og þar fyrir innan 2 tóftir, sín til hvorrar handar og hin þriðja beint innúr. Vestast er sérstök tóft, opin mótt vestri. Sérstök tóft gengur og suður úr norðausturendanum, líklega fjárrétt. Lítlu austar er sú rústin sem fornust sýnist. Hún sést ógjörla nema vel sé að gáð. Hún virðist vera skift í 3 tóftir, og er hin vestasta stutt og breið og eins hin austasta, en miðtóftin lóng og mjó. Dyr virðast hafa verið á vesturenda. Enn litlu austar er hin þriðja rúst, lítið glöggvari, 6 fóm. lóng og 4 fóm. breið, með dyr í suðausturhorni og afhlæðna innitóft í norðausturhorni. Fleiri rústir óglöggar, er þar. Þessi staður er eigi lengra frá Vatnsbrekku en svo, að ganga má á 10 mínútum, og næstum þar uppundan, en örskamt milli vatns og fjalls. Þykir mér því fremur ólíklegt, að hér sé um tvær aðskildar jarðir að ræða, heldur sé alt sama jörðin, Steinröðarstaðir; hafi þar snemma verið tvívýli og annar bærinn settur uppi á Setbergsbólum. Sá er þar bjó hafi síðar lagt Vatnsbrekku undir sig og sett þar fjárhús, en bygð haldist lengi á Setbergsbólum, þar til skriða má hafa tekið af vatnsbólið, sem líklega hefir verið í hinni djúpu laut.”

1998: Syðsti hluti tóftarinnar er sýnu nýlegastur, 2x5 að innanmáli og hleðslur mjög háar, allt upp í 2 metra. Tóftin opnast til A og út frá opinu er 3 m veggur/garður óglöggur. Norðan við gleggsta hólfíð er óglöggt hólf 3x3 að innanmáli, engin steinar sjáanlegir. NNA við það er sennilega eitt hólf enn, óglöggt um það bil 1x1 að innanmáli.



Sennilega hefur einnig verið hólf sunnan við gleggsta hólfíð, en ekki er greinilegt hve stórt það hefur verið.

Hættumat: hætta vegna gróðurs

Heimildir Árb. 1899, 4-5; Ö-Nesjar, 4; Fornleifaskrá, 77; SSÁ, 192; ÍF I, 388, 390

ÁR-473:011 Vatnsbakki bæjarstæði býli 64°09.948N 21°14.236V
FRIÐLÝSTAR MINJAR. "Tóftabrot eru líka í Vatnsbrekkum, og mun einnig hafa verið þar býli, segir í örnefnalýsingu. "Fornar rústir í Vatnsbrekku á Setbergsbólum og í Kleifardal." 1840: "Vatnsbakki fyrir vestan Hestvík, við vatnið með Jóruklaif." segir í sóknarlýsingu og er þess enn fremur getið að þar sjáist rústir. Friðlýsingarstaurinn er um 50 metra austur af bakka Þingvallavatnsins, á móts við mynni Heimavíkur. Svæðið allt er þufusprengt og vaxið lyngi og víði.

Árið 1898 leitaði Brynjúlfur Jónsson rústa Steinröðarstaða, sem nefndir eru í Landnámu. Á svæðinu sem hann taldi líklegast eru m.a. tóftir í Vatnsbrekku: "Þar eru eru rústir skamt upp frá vatninu. Vestast er mesta tóftin, nál. 10 fóm. läng og nær 4 fóm. breið út fyrir veggi. Miðgafl virðist hafa verið um 4 al. frá vesturenda. Litlu austar er líkast að dyr hafi verið á suðurhliðvegg, þó verður það eigi ákveðið. Og öll er tóftin svo fornleg og niðursokkin, að gætni þarf til að átta sig á henni. Þó virðist auðsætt, að það sé bæjartóft. Við austur enda hennar er önnur tóft, lítil og full af grjóti. Þá er hin þriðja austast og er sú glöggust og nýlegri en hinar. Gæti það verið fjárhústóft, er síðar hefði verið sett t.a.m. í fjóstóftina. Þar austan við vottar fyrir leifum af tóft, ef til vill heystæði, og má vera að úr henni hafi verið tekið efni í fjárhússveggina, - því ekki fjárhúsið verið sett þar fyrr en bærinn var aflagður, er virðist hafa verið allsnemma. Bak við rústirnar liggar djúp laut er lítur út fyrir að hafa verið ræsi, til að verja húsin fyrir vatnsuppgangi undan brekkunni. Litlu ofar er girðing, aflangt kringlótt, nál. 5x6 fóm. innanmáls. Þar sjást engar dyr, því hefir það varla verið gjafahringur ("gaddur"), og tilheyrt fjárhúsini, en líklegra að það hafi verið akur eða hvannagarður, og tilheyrt bænum. Skyldi eg nokkurs geta til um Steinröðarstaði, þá þætti mér líklegast, að þeir hefði verið hér. Vatnsbrekka er fegursti

staðurinn sem til er við vatnið, og þar er hægt til skógarhöggs, útbeitar og veiðiskapar, svo að eigi mundi annars staðar betra.”

1998: Tóftirnar eru ekki nægilega greinilegar til að skrásetjari treysti sér til að teikna þær, gengið um allt svæðið umhverfis friðlýsingarskiltið en engar glöggar tóftir sjáanlegar þar. Á spjaldskrá um friðlýstar minjar segir: “Friðlýsingarmerkir sett 20/9 '82. Allt í góðu lagi og rústirnar glöggar, vera má að sumarbúst. verði byggður næri, en þó í góðri fjarlægð frá rústunum. Teikn. í Árbók 1899 nokkuð rétt, áttatáknið þó rangt. P.M. Sjá bréf Guðrúnar Jónsdóttur 25/2 1981 og bréf mitt 30/10 1986. P.M.”

Hættumat: hætta vegna gróðurs

Heimildir: Árb. 1899, 3-4; Ö-Nesjar, 4; Fornleifaskrá, 77; SSÁ, 192

ÁR-473:012 *Dyravegur* heimild um leið 64°06.856N 21°17.670V
“Suður úr Foldadölum eru smáskörð og lyngmóar vestan við svokallaða Skriðu, sem er upp af miðdalnum. Þá er komið á Dyraveg, sem er þar suður úr og inn í Dyradal, sem er allur í Nesjalandi. Dyravegur var gamall lestavegur úr Grafningi til Reykjavíkur. Dyr eru austast í Dyradal, milli hamraveggja. Um þær liggur vegurinn. segir í örnefnalýsingu. “Norðan við Vörðuskeggja er Skeggjadalur. Norður af honum kemur [svo] Sporhelludalir. Þeir bera nafn sitt af hellu, er heitir Sporhella. Eru í hellunni djúpar götur eftir hestafætur. Vestur frá Sporhelludölum er Dyradalur. Eftir honum liggur Dyravegur.“ “Við vesturendann á Háhygg liggur Dyravegur. [...] Dyravegur lá í gegnum [Litluvelli].” Dyravegur er merkt gönguleið eftir dalnum og upp að dyrunum í Nesjavallalandi [sjá ÁR-474:008.]. Dyrnar sjálfar eru í Nesjavallalandi. Frá dyrunum er 4,5 km í Botnadal og 3,6 km. að Nesjavöllum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Nesjar, 5; Ö-Hengill, 1; Ö-Nesjavellir-b, 4-5.

ÁR-473:013 *Prestsgata* heimild um leið 64°09.270N 21°15.140V
“Par sem Stuttistígur var mjög erfiður niðurgöngu og jafnvel glæfralegur, fór presturinn aldrei Stuttastíg. Svonefnd Prestsgata var tölувert vestar en Stuttistígur. Þá var hreppavegurinn farinn lengra og farið yfir Jórugil ofar og þaðan niður með Jórugili að sunnanverðu og niður á Hestvíkurstrand. Prestsgatan var miklu betri leið og ekki eins brött, en lengri.” segir í örnefnalýsingu. Fyrir þessum götum sést móta ennþá, nokkuð vel. Jórugil er nokkur stórt gil milli klifsins og Jórukletts, þar eru nú nokkrar framkvæmdir og vegur liggur upp í gilið, þar er og einn sumarbústaður. Örn telur líklegast að leiðin hafi legið niður í víkina þar sem vegarslóðinn er nú.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Nesjar, aths og viðb., 4

ÁR-473:014 *Klængssel* heimild um sel 64°09.495N 21°13.416V
“Selstöður á jörðin í sínu eigin landi, kallaðar Kleifarsel, Klængssel og Vallasel [sama og Nesjavellir].” Ekki vitað hvar það var. Gæti verið sama og ÁR-474:006

Hættumat: hætta vegna umgangs


Heimildir: JÁM II, 378

ÁR-473:015 tóft

64°09.387N 21°13.317V

Tóft er um 50 metra norðan við 007, um 40 metrum suðaustan við botn Bæjarvíkurinnar. Tóftin er á brekkubrún í þýfðum móa, rétt undir hamrabelti Hádegishólsins. Hún er aflöng 8x4 að utanmáli og hleðsluhæð er 0,3m en 7x2 m að innanmáli.. Tóftin gæti ef til vill verið af nausti. Hún hefur verið með hlöðunum veggjum, og einnig hefur verið grafið inn í brekkuna og ekki er merkjanlegur veggur að vestanverðu.

Hættumat: engin hætta

**ÁR-473:016** Nesjakot heimild um býli

64°09.475N 21°13.374V

“[Eyðibýli eru] Nesjakot í Bæjarnesi hjá Nesjum.” Ekki vitað um nána staðsetningu. Heimildarmaður hefur ekki heyrt getið um Nesjakot.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: SSÁ, 192

ÁR-473:017 Kleifardalur/Klefarsel

bæjarstæði

býli/sel

64°09.071N 21°15.723V

FRIÐLÝSTAR MINJAR. 1706: “Selstöður á jörðin í sínu eigin landi, kallaðar Kleifarsel, Klængssel og Vallasel [sama og Nesjavellir].” segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki vitað hvar Kleifarsel var. “Kleifardalur austan undir Jórutindi [...]” segir í sóknarlýsingu frá 1840 um eyðibýli og er þess getið að þar sjáist rústir. Kleifardalur gengur inn til suðvesturs um það bil 1 km suðaustan við þjóðveg 360, í Jórugilinu. Þústir er um miðjan dalinn, að austanverðu. Dalurinn er bæði uppblásinn og hæðóttur, það svæði sem gróið er er allt á kafi í lyngi og um 0,5 cm háum víði.

Arið 1898 kannaði Brynjúlfur Jónsson rústirnar í Kleifardal: “Þar eru tvær rústir allglöggvar. Önnur bæjartóft (eða seltóft), 9 fóm. löng og 2 1/2 fóm. breið, hefir dyr út úr suðvesturhorni. Við efri enda hennar var sem sæi á tóftarbrún, sem gæti verið hlöðutóft.[...] Hafi hér verið býli, þá hefi það verið hjáleiga frá Steinröðarstöðum (?) og síðar orðið, ásamt þeim, hjáleiga frá Nesjum.” Skráningarmaður þóttist greina eina tóft um 6-8 metra langa en hún var of óglögg og á kafi í lyngi þannig að ekki var hægt að teikna hana upp.

Hættumat: hætta vegna gróðurs

Heimildir: JÁM II, 378; Brynjúlfur Jónsson 1899, 5; SSÁ, 192

ÁR-473:018 Þjófahlaup

örnefni

64°06.210N 21°20.340V

1703: “Skammt fyrir sunnan réttirnar við Engidalsá standa tveir klettar, sinn hvoru megin árinnar, og nefnist bilið milli þeirra Þjófahlaup - er þó ei sannferðugt, hvar fyrir so kallast.” Samkvæmt þessari lýsingu Hálfdanar Jónssonar hefur Þjófahlaup verið sunnan við Marardal - og þar með á afrétti Ölfusinga - og eru raunar margir klettar við Engidalsá þar sunnan við Marardal, en nú er þetta örnefni ávalt sýnt norðan við Marardal, norðvestan undir Skeggja, syðst í landi Nesja.

Skýring á örnefninu kemur fram í frásögn Þórðar Sigurðssonar frá Tannastöðum af útilegumönnum sem eiga að hafa hafst við í helli í Henglinum um eða eftir 1700 - og stangast sú tímasetning augljóslega á við vitnisburð Hálfdanar: "Hellismenn tóku nú að flýja, hver sem best mátti, en sveitamenn eltu þá af hinum mesta ákafa og mest þeir, sem fótfráastir voru. Allir komust hellismenn nokkuð langt undan og vestan í Henglinum urðu mestar eltingar. Þar eru mlar og skriður, segja kunnugir menn; eru þar kölluð "Þjófahlaupin" enn í dag sem örnefni síðan. Allir voru hellismenn dreppir, ýmist vestan í Henglinum eða niður á Mosfellsheiði, því undan hlupu þeir slíku ofurefli meðan þeir gátu uppi staðið sökum mæði."

Heimildir: SSÁ, 240; Þórður Sigurðsson, Tannastöðum: "Útilegumenn í Henglinum og endalok þeirra." Lesbók Mbl. 1939, 30

ÁR-473:019 *Jóruklaif* þjóðsaga um tröllabústað 64°10.222N 21°14.134V
"Tindaskarð heitir öðru nafni Jórusöðull. Tindbrekka er þar fyrir neðan; um Tindbrekku lágu ferðamannagötur. Fyrir neðan Tindbrekkuna, í Nesjalandi, er Jóruhóll og Jóruhellir. Parna á Jóra að hafa setið fyrir ferðamönnum." segir í örnefnalýsingu. Jóruklaif er um 2-2,5 km langt hamrabelti sem nær frá hreppamörkunum við Þingvallahrepp og til suðurs inn Grafninginn og inn að Jórugili.

"Inn frá Nesjum er gljúfragil kallað "Jórugil", og þar hjá "Jóruhóll", enn upp frá langt heitir Jórutindr". Hlíðin inn frá heitir öll "Jóruklaif"; hún er öll skógi vaxin og einkar fögr; hamrar niðr með vatninu, enn klettabelti að ofan. Þetta er allt kennt við gömlu Jóru, og margar eru sagnir um hana, og margt fleira við hana kennt." SV í Árb. 1881, 20 [Jóra í Jóruklaif] er nefnd í Bárðar sögu Snæfellsáss þegar hún veislu Hítar tröllkonu í Hundahelli í Hítardal ásamt fleiri tröllum.[...] Í yngri sögnum er hennar þegar getið hjá Jóni lærða á 17. öld og í lýsingu Ölfushrepps frá 1703. Eftir þeim hét hún Jórunn og var bónadóttir í Sandvíkurhreppi í Flóa. Stóðhestur föður hennar fór halloka í hestataati. Jórunn reif þá læri undan hinum víghestinum, hljóp upp með Ölfusá, stiklaði yfir hana hjá Selfossi og mælti um leið: Mátulegt er meyjastig/mál mun vera að gifta sig. Heitir þar síðan Jóruhlaup eða Tröllkonuhlaup. Jóra hélt áfram austan Ingólfssjalls og upp hamragil í Grafningi sem síðan heitir Jóruklaif. Þar sat hún fyrir ferðamönnum, rændi þá eða drap. Tókst byggðarmönnum ekki að ráða hana af dögum fyrr en kóngur í Noregi kenndi ungum manni að koma að henni á hvítasunnumorgun því þá svæfu allar meinvættir."

Heimildir: Ö-Nesjavellir-ath. og viðb., 6; SV Árbók 1881, 20.


ÁR-473:020 tóft

64108.459N 21°15.893V

Í sóknalyśingu eru "Vegghamrar, útsuður undan Jörutindi [...] " taldir meðal eyðibýla í Nesjalandi. Undir Vegghömrum er tóft en ekki líkist hún tóft af býli þannig að hún er skráð sér. Um 5-600 metra suðaustur af þjóðveginum 36, sjö metra norðaustur af Vegghamrahlíðinni. Tóftin er í dalsmynni gróins dalverpis sem liggar suðaustur eftir Vegghömrum. Dalurinn er nokkuð grýttur, bæði hrún og hrunið grjót úr hömrunum. Í lægðum er vel grasi gróið upp við hamarinn en annars er mest lyng og víðigróður. Tóftin er aflöng, snýr norður-suður um 8,5x2,5 að utanmáli og hefur sennilega opnast til austurs. Nokkur óglögg og hefur fallið grjót ofan í hana miðja fyrir löngu, má ætla að tóftin sé nokkuð forn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSÁ, 192

**ÁR-473:021** *Tindbrekka* heimild um leið 64°08.564N 21°15.896V

"Fyrir neðan Jórusöðul (norðaustar) er brött brekka, sem kölluð er Tindbrekka, og um hana lá gömul leið sunnan úr Grafningi og út á Mosfellsheiði. Þar var kallað að fara Tindbrekku, og var hún einhver erfiðasti hjallinn á leiðinni. Þarna (í Jórusöðli) á Jóra að hafa setið fyrir ferðamönum, eins og segir frá í þjóðsögum." -segir í örnefnalyśingu. "Tindaskarð heitir öðru nafni Jórusöðull. Tindbrekka er þar fyrir neðan; um Tindbrekku lágu ferðamannagötur." 2 tindar eru í Nesjalandi Hátindur og Jörutindur, og er líklegast að leiðin hafi verið þar nálægt, heimildarmaður kannast ekki við þessa leið. Milli þessara tinda eru öldótt, grýtt og lítið gróið svæði.

Heimildir: Ö-Nesjar, aths.og viðb., 5; Ö-Nesjavellir aths. og viðb., 6

ÁR-473:022 *Þrívörðuháls* varða

"Á Lönguhlíð norðanverðri heitir Þrívörðuháls. Norðan hans er jarðfall, sem landamerkin móti Heiðarbæ liggja um, Þrívörðuháls er nefndur Hæðir á kortum." segir í örnefnalyśingu. Lönguhlíðar eru upp af Jórukleif, við núverandi mörk milli Nesja og Heiðarbæjar. Þarna eru þrjár vörður, þar af ein við há Lönguhlíð. Samkvæmt heimildarmanni er ekki hægt að komast að vörðunum.

Heimildir: Ö-Nesjar, 5.


ÁR-473:023 *Jórusöðull* þjóðsaga um tröllabústað 64°08.569N 21°15.926V

"Fyrir neðan Jórusöðul (norðaustar) er brött brekka, sem kölluð er Tindbrekka, og um hana lá gömul leið sunnan úr Grafningi og út á Mosfellsheiði. Þar var kallað að fara Tindbrekku, og var hún einhver erfiðasti hjallinn á leiðinni. Þarna (í Jórusöðli) á Jóra að hafa setið fyrir ferðamönum, eins og segir frá í þjóðsögum." segir í örnefnalyśingu. - "Tindaskarð heitir öðru nafni Jórusöðull. Tindbrekka er þar fyrir neðan; um Tindbrekku lágu ferðamannagötur."

Heimildir: Ö-Nesjar, aths+viðb, 5; Ö-Nesjavellir-ath+viðb, 6

ÁR-473:024 heimild um brunn

Um 60 metra suðsuðaustan við bæjarhólinn og 90 metrum vestur af heimreiðinni að Nesjum var brunnur, vatnsból bæjarins þar sem nú er mjög þýfður mói. Allt sléttan í kring um bæjarhólinn um 1986, mjög gott vatn var í brunninum.



64°09.504V 21°13.450N

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-473:025 þjóðsaga um huldufólksbústað

Huldufólk bjó á Nesjaeyju út í Pingvallavatni. Sauðir voru hafðir í eyjunni og var það þjóðtrú að aðeins mætti setja þangað 12 sauði, huldufólk ið hirti þá sem umfram voru.

ÁR-473:026 tóft

64°09.499N 21°13.493V

Um 30 metra suður af bæjarhólnum, 001, og um 8 metrum austan við brunnnin, 024, er tóft. Mjög þýfður og gróinn bali. Heimildarmaður segir vera holt undir tóftinni, hundar hans hafa

skriðið undir hana. Veggir tóftarinnar eru mjög breiðir, hún er U laga og opnast til austurs og engin merki eru um vegg þeim megin. Virðist sem eitt hólf hafi verið við suðurvegg tóftarinnar, en að innan er svo mikil af þúfum að hólfaskipan er ógreinanleg. Engar hleðslur sýnilegar, og ekkert grjót þar í kring. Tóftin er um 7,5x6 að innanmáli en 10x7 að utanmáli og hleðsluhæð 0,5 m.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-473:027 heimild um sæluhús

Sæluhús upp á heiði í landi Nesja, ekki langt frá gamla Þingvallaveginum. Var ekkiskráð 1998.

ÁR-473:028 *Vegghamrar* heimild um bústað 64108.459N 21°15.893V
 Í sóknalýsingu eru "Vegghamrar, útsuður undan Jórutindi [...] " taldir meðal eyðibýla í Nesjalandi. Vegghamrar eru klettabelti suður undir Jórutindi. Gróið dalverpi liggur suðaustur eftir Vegghömrum. Dalurinn er nokkuð grýttur, næði hrún og hrunið grjót úr hömrunum. Í lægðum er vel grasi gróið upp við hamarin en annars er mest lyng og víðigróður. Ekki ljóst hvort tóftin 020 er sama og býlið Vegghamrar því bæði er tóftin nokkuð lítil til að vera bæjartóft og þó býlið hafi heitið þessu nafni þarf það ekki að hafa verið nálægt samnefndum hömrum.

Heimildir: SSÁ, 192

ÁR-473:029 heimild um leið 64°08.564N 21°15.896V
“Nokkrar leiðir lágu út yfir fjöllin. Hin nyrsta var milli Jórukleifar og Jórutinds og síðan út á Mosfellsheiði.” Jórukleif er hamrabelti sem liggur frá landamörkunum og suðaustur að gilinu og er Jórutindurinn sunnan við gilið. Sennilega sama er hér lýst sömu leið og 021

Heimild: SB III, 254.

ÁR-476 Hagavík

Hjáleiga Ölfusvatns 1706 en þó talið “Gamalt býli”. Skálholtskirkjujörð. Getið í Harðarsögu: “Högni hét maðr [auðugr] ok bjó í Hagavík, skammt frá Ölfusvatni.” ÍF XIII, 5 sbr. 13, 30, 49-51. Jarðarinnar er getið í málðaga Ölfuskirkju sem átti 12 hdr í Ölfusvatni og Hagavík um 1180, DI I, 270 og bendir það til að jarðirnar hafi þá verið á sömu hendi. Talin minna en þriðjungur heimajardarinnar 1847. Skógræktarbýli. “Hagavík teygir sig frá Þingvallavatni upp á Hengilsbrúnir. Um 5000 ára úfiðhraun, að mestu runnið úr Stangarhálsi, þekur um 1,5 km², úr norðurhluta jarðarinnar, sem að vatninu veit og bakkann allan utan víkurbotinsins. Sléttlendi er lítið en samfelldast á Hagavíkurvöllum milli Stangarháls og Lómatjarnarháls. Vellirnir eru nú rofnir af völdum leysingavatns sunnan úr Hengli.” SB III, 263.


1918: Heimatún 2,6 ha og gerði 0,3 ha. Ca slétt. Matjurtagarðar 525 m². 1839: “Heyskapur allgóður, útbeit og veiði, skriðuhætt.” - SSÁ, 182. “Tún var lítið í Hagavík. Víða þurfti að bera niður og voru slægjur jafnvel sóttar í austurhlíðar Stapafells og Þverárdalsmýrar.” SB III, 263.

Heimildamaður: Sigurður Hannesson fæddur að Stóra-Hálsi 1.6.1926.


ÁR-476:001 Hagavík bæjarhóll bústaður 64°07.619N 21°09.976V
“Hagavíkurbærinn stóð upp af norðvesturhorni Hagavíkur, austan við þjóðveginn sem nú er. Þar er nú sléttáð yfir, og sést ekki móta fyrir tóttum.” segir í örnefналýsingu. Bæjarhóllinn að öllum líkindum verið um two metra norðaustan við þjóðveginn, Þingvallaveg nr. 360, og fjóra metra norðvestan við afleggjarann heim að Hagavík. Ósléttur og nokkur grýttur mói, milli vegarins og girðingarinnar. Smá grjót er sjánlegt á þessu svæði en ekki er hægt að greina lögun tóftarinnar en hún er sennilega um 13x8

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hagavík,1



suðaustanverðu er regluleg steinaröð að áðurnefndum



að austanverðu. Fjárhúsið hefur verið tvíhólfra með um 1 m. garða á milli, hvert hólf um 2x6 að innanmáli. Aðeins virðist hafa verið ein hurð á austurveggnum. Húsið var mest allt grjóthlaðið, alls 6-8 umför á vesturvegg. Gólfíð hefur verið hellulagt með

ÁR-476:002 útihúsatóft
64°07.607N 21°09.929V

Tóftin er við bakka Þingvallavatns milli vegaslóðans sem liggr norðaustur með Hagavík og vatnsins. Tóftin er á mjög grýttum vatnsbakka. Hún er nokkuð óglögg. Að norðaustanverðu er hlaðinn veggur sem gæti einnig verið hluti af réttargerðinu (011). Vestur úr honum gengur líttill veggstúfur og og síðan má greina nokkra stóra steina sem hafa verið notaðir í bygginguna. Að

veggstúf en aðeins eitt umfar, 2,5x7,5 að innanmáli og 9x5 að utanmáli.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga


Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-476:003 útihúsatóft

64°07.530N 21°10.010V

Um 130 metra suðsuðaustur af bæjarhólnum, 001, og þrjá metra vestur af þjóðveginum, Þingvallavegi 360, er útihúsatóft, líklega fjárhús, fast upp við gaddavírsgirðingu. Sléttur en óhirtur túnbali, vel gróin og búið að planta þar grenitrjám. Tóftin er mjög heilleg, vesturveggurinn er hæstur, alls 1,5 metra háar, aðeins farið að hrynda úr öðrum veggjum. Nokkur af grjóti er utan við téftina, helst

Hagavík Túnakort



Kort 5. Hagavík túnakort

grjóti og eru þær hellur mjög greinilegarenn, sérstaklega í syðra hólfinu. Engin hlaða er við tóftina en rétt 3 metrum norðvestan við tóftina er ólögulegt þýfi sem gæti vel verið leifar af lithium heygarði.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-476:004 garðlag

64°07.635N 21°10.088V


Tveir garðar liggja til suðsuðvesturs frá þjóðveginum, 360, upp í hálsinn, rétt áður en komið er að Bæjarvíkinni, um tíu metra vestur af bæjarhólnum, 001. Þýfður og brattur mói. Vestari garðurinn er um 10 metra langur og sá eystri nær því að vera 11 metrar. Erfitt er að greina suður enda þeirra nákvæmlega vegna þess að skógurinn er mjög þéttur sunnan við þá, en að norðanverðu enda þeir við þjóðveginn. Um 13 metrar eru á milli þeirra.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

ÁR-476:005 Snið gata leið

64°07.627N 21°10.085V

“Suðvestur af bænum eru gamlar götur, sem liggja á ská upp hálsinn, kallaðar Snið. Um Sniðið var oft farið áður fyrr.” segir í örnefnalýsingu. Grónar götur liggja suðvestur bæjarhálsinn bæði að vestan- og austanverðu. Hálsinn er nokkur gróinn og búið að rækta þar grenitré. Samkvæmt örnefnakorti voru göturnar suðaustan í



hálsinum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hagavík, 5; Örnefnakort.

ÁR-476:006 garðlag varnargarður 64°07.070N 21°11.015V
Leirdalur er lítið, nær ferkantað dalverpi vestan í Sandfellinu, um það bil 200 metra norðaustur af Lómatjörninni. Sléttlendur flatur dalbotn, Sandfellið að austan- og norðanverðu og Stekkjarbrekkurnar að vestanverðu afmarka dalinn. Garðurinn er alls um 550 metra langur. Efnið í garðinn hefur verið tekið úr skurðum sem grafnir eru allstaðar utanmeð honum. Sigurður á Villingavatni greindi skrásetjara frá garðinum og sagði hann hafa verið hlaðinn til að verjast skriðum úr Sandfellinu. Annaðhvort hefur garðurinn sigið mikið eða skriðurnar hafa ekki verið stórar.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla

ÁR-476:007 heimild um traðir 64°07.680V 21°09.814N
“Áður lá akbrautin austan við bæinn, um Bæjardal, sem er dálístill kriki norðaustan við bæjarhúsin, um Bæjarsundið og Traðirnar niður að Bæjarvíkinni.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega hafa Traðirnar verið þar sem heimreiðin norður eftir Hagavíkinni er nú. Vegurinn liggur frá þjóðveginum, Þingvallavegi 360 og norður eftir víkinni um 250-300 metra og endar á litlu bílastæði þar sem við taka nýlegir göngustígur. Gamall akvegur, liggur gegnum túnið og hraundrangana sem eru norðan við bæjarstæðið.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Hagavík, 4-5


ÁR-476:008 Álfaklettar þjóðsaga um huldufólksbústað 64°07.665N 21°09.745V
“Upp af eða norður af Bæjardal eru Bæjarklettar, líka nefndir Álfa- eða Hulduklettar. Þar eru hraunbollar og hólar. Í þessum klettum var ullin alltaf þurrkuð á vorin, þegar búið var að þvo hana í Bæjarvíkinni. Í þessum klettum mátti ekki vera með neinærsl og læti.” segir í örnefnalýsingu. NNA við Lambhúsið eru nokkrir mosavaxnir klettar beggja megin við veginn norður eftir víkinni.

Heimildir: Ö-Hagavík, 5

ÁR-476:009 heimild um þvottastað 64°07.602N 21°09.992V
“Upp af eða norður af Bæjardal eru Bæjarklettar, líka nefndir Álfa- eða Hulduklettar. Þar eru hraunbollar og hólar. Í þessum klettum var ullin alltaf þurrkuð á vorin, þegar búið var að þvo hana í Bæjarvíkinni. Í þessum klettum mátti ekki vera með neinærsl og læti.” segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti var Bæjarvíkin suðvesturhorn Hagavíkurinnar.

Heimildir: Ö-Hagavík, 5; Örnefnakort.

ÁR-476:010 Réttarberg réttartóft 64°07.618N 21°09.993V
“Smáspöl austur af bæjarhúsunum er fjárréttin, alveg við vatnið, undir svonefndu Réttarbergi.” segir í örnefnalýsingu. Réttarbergið er um tíu metra vestur af bakka Hagavíkurinnar, um 25 metra norðaustur af bæjarhólnum, 001. Bergið er grasi vaxið hraunberg, tóftin er í þýfðri gróinni laut norður og austur af bergen. Tóftin er



Kort 6. Hagavík aðalkort

grjóthlaðin og torf hefur einnig verið í veggjum að minnsta kosti norður og austurvegg. Tóftin hefur verið byggð utan í Réttarbergið og lítil hæð vestan við bergið. Lítill hellir er í bergið að sunnanverðu og stækkar hann gólfflot réttarinnar, hellirinn er um það bil 5x3 og um 1 metra háð. Lag tóftarinnar er óreglulegt og er hún 10x4,5 að utanmáli og hleðsluhæð um 0,5m. Ekkert dýraop er sjáanlegt á tóftinni nema ef væri milli vesturveggjar og hæðarinnar vestan við hellirinn.


Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hagavík, 6

ÁR-476:011 Réttargerði gerði 64°07.656N 21°09.901V
 "Smáspöl austur af bæjarhúsunum er fjárréttin, alveg við vatnið, undir svonefndu Réttarbergi. Austan við réttina er Réttargerðið og hlaðinn garður í kring úr hraungrýti." segir í örnefnalýsingu. Réttarbergið er um tíu metra vestur af bakka Hagavíkurinnar, um 25 metra norðaustur af bæjarhólnum, 001. Réttargerðið nær í boga frá Hagavíkinni meðfram réttinni, 010, til norðausturs ofan við Lambhúsið, 012, og beygir þar til austurs út í víkina aftur. Innan gerðisins er þýfður mói og þar er búið að planta grenitjám. Garðurinn er alls um 52 metrar að lengd og 0,8 m á breidd og hlaðinn úr hraungrýti. Að suðaustanverðu nær garðurinn út í vatnið og er sá bútur einnig hluti af úтиhúsi 002. Síðan kemur skarð í garðinn þar sem vegurinn liggur til norðurs. Síðan er annað skarð í garðinn þar sem réttarkletturinn skagar út til norðurs og svo er hluti af garðinum N vegur réttarinnar. Litlu vestar en vesturendi réttarinnar beygir garðurinn til norðurs í um 8 metra en þar kemur um 3 metra gat í vegginn. Síðan liggur garðurinn áfram í um 29 metra og þar er lambhúsið byggt utan í gerðið. Síðan liggur garðurinn í um 19 metra út í vatnið að NA verðu en vegurinn sker hann í sundur neðan við Lambhúsið.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hagavík, 6



ÁR-476:012 *Lambhús* lambhústóft 64°07.658N 21°09.963V
“Smáspöl austur af bæjarhúsunum er fjárréttin, alveg við vatnið, undir svonefndu Réttarbergi. Austan við réttina er Réttargerðið og hlaðinn garður í kring úr hraungrýti. Þar var Lambhúsið.” segir í örnefnalýsingu. Lambhúsið er byggt upp í gerðið, um 5-7 metra vestur af bakka Hagavíkurinnar, um 20 metra norðaustur af réttinni, 010. Í kringum tóftirnar er þýfður mói og þar er búið að planta grenitrjám. Tóftin er byggð austan í réttargerðið og er það austurveggur tóftarinnar. Tóftin er mjög greinileg, veggir allt að 1,2 m á hæð og er hún 10x6 að utanmáli og 4x8,5 að innanmáli. Dyr eru til austurs. Greinileg allt að 6 umför á suðurvegg, og allstaðar eru grjóthleðslur greinilegar

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hagavík, 6

ÁR-476:013 *Stekkjarflatir* heimild um stekk 64°07.105N 21°11.226V
“Vestan Leirdals eru Stekkjarflatir, sem liggja að Hrauntöglum; þar er gamall stekkur.” segir í örnefnalýsingu. Vestan Leirdals er lyngi og víði vaxin brekka sem nær vestur að Hrauntöglum, það heita sennilega Stekkjarflatir. Þar sést engin tóft. Lyngi og víðivaxið kjarrlendi, nokkur miðið blásið. Sigurður á Villingavatni kannast ekki við stekkjartóft eða nafnið Stekkjarflatir á þessu svæði.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Hagavík, 7-8

ÁR-476:014 *Klofningar* leið 64°07.685N 21°10.125V
“Klofningar, gatan með Bæjarhálsi.” segir í örnefnalýsingu. Grónar götur liggja til suðvesturs beggja vegna við bæjarhálsinn. Ekki ljóst hver af stígunum er Klofningar. Hálsinn er nokkur gróinn, búið að rækta þar grenitré.

Heimildir: Ö-Hagavík, viðb, 2

ÁR-476:015 *Rauðabólsstaðir* örnefni

“Rauðbólsstaðir (so kallast stundum Hagavíkurhraun að vestan)” segir í sóknarlýsingu frá 1840 um eyðibýli í Þingvalla- og Úlfhljótsvatnssóknum og er þess enn fremur getið að þar sjáist rústir. Ekki er nú vitað hvar Rauðbólsstaðir voru en af kortinu sem fylgir sóknarlýsingunni að dæma hafa þeir verið nálægt vatninu, svo að segja niðurundan Nesjavöllum.

Heimildir: SSÁ,192

ÁR-476:016 heimild um kolagröf 64°07.577N 21°11.557V
“Í Lómatjarnarhálsi finnast leifar gamalla kolagrafa,” segir í Sunnlenskum byggðum. Lómatjarnarháls nær til suðvesturs frá þjóðvegi 360 Þingvallavegi, um 1,25 km vestur af botni Hagavíkurinnar. Um 1,7 km austur af afleggjaranum suður Nesjavallaveginn. Gróin háls, búið að planta trjám á hluta hans, efst er grýtt og ógróið svæði. Ekki sáust neinar kolagrafir þó gengið væri eftir hálsinum beggja megin, nokkuð mikil trjárækt er í hálsinum og gætu grafirnar leynst þar milli grenitrjánna. Hnit tekin norðan í hálsinum. Það liggur vegaslóði suður austan í hálsinum.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: SB III, 263.

ÁR-476:017 þúst af beitarhúsi

64°07.505N 21°11.695V

“Beitarhús voru fyrrum norðan við Lómatjarnarháls í jaðri hraunsins, sem þar heitir Klungur” segir í Sunnlenskum byggðum. Norðan undir Lómatjarnarhálsi má sjá óglöggt garðlag sem liggur frá toppi hálsins og niður á sléttuna milli hálsins og vegarins 360, Þingvallavegar. Neðan við hálsinn, við garðinn er þúst þar sem beitarhúsin gætu hafa staðið. Um 15 metra austur af þjóðveginum áður en hann beygir til vestur fyrir hálsinn, 1 m vestan við girðinguna undir hálsinum. Nokkur brattur háls, grýttur allt vaxið grenitrjám og víði. Þetta er eini staðurinn sem skrásetjari gat fundið þar sem líklegt væri að beitarhúsin hefðu staðið miðað við lýsingu í Sunnlenskum byggðum. Garðurinn er um 40 metra langur og 0,5 metra breiður. Þústin er um 5 metra norður af honum nálægt því að vera 13 metra löng og um 6-8 metra breið, stórbýfð og óglögg.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar


Heimildir: SB III, 263

ÁR-476:018 tóft

64°07.585N 21°09.969V

Fast upp við bragga sem stendur nálægt bæjarstæðinu í Hagavík eru leifar af húsi. Um fjóra metra norðaustur af vegaslóðanum meðfram víkinni, fast upp við girðinguna sem liggur til vesturs frá hliðinu. Grasi gróin hæð, hluti af gamla túninu. Mjög einkennilegar húsaleifar, ekki ljóst hvað þær eru gamlar. Húsið virðist hlaðið út grjóti sem er límt saman. Þrjú hólf, að suðvestanverðu er aflokað hólf um 4x4 að innanmáli og hleðsluhæð þær er um þrír metrar. Norðan við það er annað hólf sem opnast til austurs. Norðvestur veggurinn og suðurveggurinn eru alls um þrír metrar á hæð en að austan er veggjahæð aðeins um 1,5 metrar. Aftan (norðan) við þær er stórt hólf byggt ofar í hæðinni. Það er um 5x9 að innanmáli og veggjahæð 0,2-0,4. Opnast til austurs. Stórir steypubitar liggja ofan í stærsta hólfinu og steypustyrktarjárn er þær á við og dreif. Op virðist hafa verið milli stóra hólfins og austara minna hólfins en það er í um 2 metra hæð.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

**ÁR-476:019** garðlag

64°07.489N 21°10.041V

Um 130 metra suðsuðaustur af bæjarhólnum, 001, og þrjá metra vestur af þjóðveginum, Þingvallavegi 36, er úтиhúsatóft 003, líklega fjárhús, fast upp við gaddavírsgríðingu. Austur úr úтиhúsatóftinni 003 er 20 metra langt garðlag og vestan við húsið er fimm metra langur bútur. Sléttur en óhirtur túnbali, vel gróinn og búið að planta þær grenitrjám. Er líklega bútur út túngarðinum ef marka má túnakort frá 1918.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

ÁR-476:020 garðlag 64°07.688N 21°10.087V
Um 30 metra vestur af bæjarhólnum 001 er garðlag sem byrjar við þjóðveginn, 360 Pingvallaveg, og liggur til norðurs, um 20-25 metra og sveigir síðan til vesturs. Garðurinn liggur meðfram smá túnbala en er annars í grónu hrauni. Garðurinn er nokkur lágor, allur úr grjóti. Alls 35 metra langur en 0,6 m á breidd. Á örnefnakorti má sjá að nátthagi hefur verið í grennd við þennan garð og getur verið að garðurinn hafi verið hluti af honum.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Örnefnakort

ÁR-476:021 garðlag 64°07.684N 21°10.001V
Um 20 metra austur af norður enda garðsins 020 er annar garður um 30 metrum norður af þjóðveginum 360 í grónu hrauni. Garðurinn er 19 metrar á lengd og 1 metri á breidd. Á örnefnakorti má sjá að nátthagi hefur verið í grennd við þennan garð og getur verið að garðurinn hafi verið hluti af honum. Garðurinn er L laga og er sennnilega framhald af 020 þar sem aðeins 20 metrar eru á milli þeirra, og hafa þeir þá báðir girt af nátthagann.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Örnefnakort

ÁR-477 Krókur

Jarðardýrl. óviss 1706. Skálholtskirkjujörð. Fyrst getið í málðaga Ölfusvatnskirkju frá 1570 eða síðar en þar segir að Nesjar og Krókur eigi kirkjusókn þangað - DI XV, 644 Hjáleiga Ölfusvatns 1708. 14 hdr 1847 og þá talin lögbýli. Nýbýlið Grímkelsstaðir byggt á hálfri jörðinni 1956.

1918: Tún 3,6 ha. Matjurtagarðar 604 m2. 1839: "snjósæll, heyskapur mikill, en votlendur, landkostir góðir á sumrum." - SSÁ, 182. 1977: Tún í Króki 20,5 ha og á Grímkelsstöðum 17 ha. "Allt landið er 1500 ha., hárent, þurrrent, og bratt. Skiptast á ísaldarmelar og dalverpi með þurrlendismóum, valllendisblettum og mýrardrögum. Viða hefur jarðvegur runnið burt vegna jarðklakans og vatnsveðrunar en á síðustu árum hefur gróið verulega upp vegna teðslu af sauðfjáráburði. Vetrarbeit er góð en fer minkanndi. Áveituengi var gott en hefur verið þurrkað upp að mestu. Slægjur víða um beitilandið eru enn í fullu gildi." SB III, 265.


Heimildamenn: Egill Guðmundsson fæddur að Króki 13.5.1921 og Sigurður Hannesson fæddur að Stóra-Hálsi 1.6.1926.

ÁR-477:001 Krókur bæjarhóll bústaður 64°05.899N 21°06.834V
Bæjarhólinn er á brúninni á háum hól sem er beint upp af núverandi húsum í Króki, um 30 metra suðvestur af þeim, í sléttu túni. Að sögn heimildamanns voru raðir af tóftum vestur eftir hólnum.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918 .

Krókur
Túnakort



Kort 7. Krókur túnakort

ÁR-477:002 *Ullarhóll* heimild um þvottastað 64°05.919N 21°06.966V
“Ullarhóll er vestur við bæjarlækinn. Þar var ullin þvegin hér áður.” segir í örnefnalýsingu. Bæjarlækurinn rennur til austurs norðaustan við hólana sem liggja til vesturs í framhaldi af bæjarhólnum, 001, lækurinn beygir síðan til norður þegar hann kemur fram hjá hólunum. Tún austan við lækinn, sléttlendisbali að vestanverðu.

Heimildir: Ö-Krókur, aths og viðb. 8

ÁR-477:003 náma mógrafir 64°05.725N 21°07.412V
“[Milli Villingavatnsár og Súlfells er Bergsteinsgróf] Svo taka við beitilyngsmóar suður að Varghólum og vestur að Torfdal, sem er graslendi og var oft sleginn. Eftir honum rennur Torfdalslækur.” Í örnefnalýsingu Guðmundar Jóhannessonar segir að í Torfdal hafi verið mótag. “Í Torfdal var tekið torf ...” Torfdalur er um 400 metra suðvestur af bæjarstæðinu. Blaut myri og mólendi er í dalnum. Mógrafrarnar eru mjög greinilegar norðan í dalnum og eru þær um 100x35m í þvermál.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krókur, 2; Ö-Krókur 2, 2; Ö-Krókur, aths viðb, 5


ÁR-477:004 tóft af fjárskýli
64°04.894N 21°07.658V
“Sunnan við Varghóla er Króksblettur, vallendi. [...] Sunnan við Króksblett er ævagömul Fjárborg. Upp frá henni er grasbrekka, sem nær upp undir Súlfellsbrún, og heitir Súlfellsbrekka.” segir í örnefnalýsingu. Fjárborgin er um það bil 15 metra vestur af bakka Villingavatnsárinnar og um 40 metra norður af vegaslóðanum upp í Laxárdal í þýfðum vallendismóá. Í kringum tóftina er stórbýfi og því er hún orðin nokkuð óglögg, veggirnir eru mjög þykkir og er tóftin aðeins 2x3 að innanmáli en 6x6 að utanmáli.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Krókur, 2



ÁR-477:005 beitarhúsatóft 64°05.813N 21°07.959V
“Löngudalir eru norðan Súlfells (þá gerði ég að túni og byggði beitarhús, nú í eyði).” segir í örnefnalýsingu. Innst, vestast, í Löngudölum er beitarhúsatóft, um 30 metra norður af Súlfelli. Í Löngudölum er sléttur túnbali en nokkur hluti dalsins er að blása upp, tóftin stendur á sléttum vallendismóá sunnan í lágum hálsi sem afmarkar dalinn að norðanverðu.



Krókssel, fornar rústir, er norðan við Hryggi, við Kaldá. Í örnefnalýsingu Guðmundar Jóhannessonar segir: “[Í Selmýri] er Krókssel, austan við Kaldá, mjög fornar rústir.”



Krókur 2,4; SB III, 246; Örnefnakort.


ÁR-477:006 Krókssel seltóft $64^{\circ}05.673\text{N}$ $21^{\circ}09.010\text{V}$

“Sel frá Króki var út við Kaldá rétt ofan við efstu flúðirnar.” Austan við fossinn og vestan við vatnsuptökuna fyrir sumarbústaðabyggðina en mjög þýft svæði, tóftin er þar um 10 metra frá vatnsbakkanum. Mjög þýfður og blásinn bali. Tóftin er mjög óglögg, en skrásetjari telur sig samt hafa fundið hana. Reglulegar þúfur á um 7×6 metra svæði er líklegasti staðurinn, en ekki er skýrt tóftarlag á því. Engar tóftir aðrar eru á svæðinu austan Kaldár.

Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir: Ö-Krókur, 4; Ö-


ÁR-477:007 Sauðaskúti fjárskýli $64^{\circ}06.709\text{N}$ $21^{\circ}06.418\text{V}$
“Hellisgróf, graslaut, liggar frá norðri til suðurs eftir Víðihlíð. Norðan við hana er hellisskúti, Suðaskúti, sauðabyrgi til forna.” segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er um það bil 200 metra suðvestur af þjóðveginum 360, um 30 til 60 metra vestur af norður odda hlíðarinnar. Gryttur melur í kring. Hleðsla er upp við klapparbrún sem slútir yfir og myndar þannig þakið, samkvæmt símtali 15.7.97 Hleðslan er enn greinileg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krókur, 4



Kort 8. Krókur aðalkort

ÁR-477:008 *Grímshús* beitarhúsatóft
 “Gamli suðurferðarvegurinn lá fyrst norður gamla túnið vestan Vatnsdals og um svonefnt Grímstún. Þar voru beitarhús, kölluð Grímshús (eftir Grími sem bjó í Króki um 1910-1920).” segir í örnefnalýsingu. Grímshús eru undir Víðihlíð, um það bil 500 metra suður af þjóðveginum 360. Sléttur túnþali, en ofan við tóftina er grýtt brekka. Mjög nýleg og greinileg fjárhústóft. Bárujárnsþak hefur verið á henni, en það er fallið niður í hana svo erfitt er að greina innanmál hlöðunnar. Tóftin skiptist í þrjú hólf og opnast hún til suðausturs, alls 13x5 að innanmáli og 14x6 að utanmáli. Alls eru um 5 umför af steinum þar sem hún er hæst. Ekki er að sjá að veggir hafi skilið að hlöðu og hús en heytóftin er nokkuð niðurgrafin.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krókur ath og viðb, 8.


ÁR-477:009 *Grímkelstóftir* 3 tóftir+garðlag 64°06.061N 21°06.541V
 FRIÐLÝSTAR MINJAR. Grímkelstóftir eru um það bil 300 metra norðaustur af bæjarhólnum á Króki, 001, og um 6 metrum vestur af heimreiðinni heim að bæ. Í túni.

1877: “Grimkelsstads beliggenhed er nu uvis; på Ölvesvatn påstod man (c: en daværende ældre mand, 1874), at Grimkel først havde bot på den sydøst for Ölvesvatn liggenfe gård krog (Krókr) og vilde påvise sporene af en ældre bebyggelse I nogle daværende tomter ...” 1880: Sigurður Vigfusson kom að Króki 1880 og tilgreinir tilv. í Harðar sögu og segir svo: “Í Króki sést og fyrir þremur sauðahúsum fornum. Það eiga að vera sauðahús Grímkels.” Árb 1881, 20.

Brynjúlfur Jónsson kannaði rústir Grímkelsstaða 1898. Hann skrifar: “Rúst Grímkelsstaða er enn til. Það eru 3 stórar fornrústir á sléttum völlum fyrir norðan og neðan túnið í Króki í Grafningi og heita þær Grímkelstóftir. Syðsta tóftin er 18 al. löng og nál. 9. al. breið; dyr í suðausturenda. Hún sýnist eigi skift í sundur. Það má hafa verið útibúr. Miðtóftin er bæjartóftin; hún er nál. 30 al. löng og 11 al. breið. Dyr er ekki hægt að ákveða. Miðgaflar sýnast að hafa verið tveir í henni, þó er hinn nyrðri óglöggur, og er sem þar gangi smákofatóft inn í vegginn og snúi dyrum í norðaustur, þó verður það ekki fullyrt, og er mögulegt að vatn og klaki hafi myndað þessa tóftarlíkingu, hún er svo óglögg. Nyrzta tóftin hefir að norðan víðan ferhyrning, um 16x18 al., og er það án efa heygarðurinn; en að sunnanverðu, þar sem fjóstóftin má hafa verið, er nú stekkjartóft, nær 18 al. löng og er hún nýlegri en rústirnar sjálfar, og þó ekki mjög nýleg. Hún snýr dyrum til suðausturs, eins og fjósið mun hafa gjört. Fyrir aftan gafl hennar sér nál. 8 al. langan part af hinni fornu rúst, og er það líklega inni hluti fjóssins. Eigi er samt unt að ákveða lengd þess, því óvist er að dyr þess hafi tekið jafnlangt fram og dyr stekkjartóftarinna nú. Fyrir fleiri smátóftum vottar þar, en þær eru svo niðursokknar, að þeim verður eigi lýst. Aðaltóftirnar, sem nú var lýst, eru einnig mjög niðursokknar og úr lagi gengnar, þó þær séu nokkru glöggvastar.

“Norðan við Nesið fellur Bæjarlækurinn í Villingavatnsá. Suðvestan við hann eru Grímkelstóftir. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingur segir: “Þarna er sagt, að Grímkell goði hafi byggt fyrst, áður en hann nam land á Ölfusvatni. Sést móta fyrir tóftum enn; þær eru mjög grónar. “Rústirnar voru friðýstar 1927. “Rannsókn sumarið 1958 leiddi ... í ljós, að þar mun ekki um fornan bæ að ræða, heldur gripahús, e.t.v. sauðahús þau, sem sagan nefnir.” ÍF XIII, 5 nmgr. 1. Rannsókninni stjórnaði Kristján Eldjárn við þriðjamann, m.a. Þór Magnússon. Að sögn Egils Guðmundssonar bónda á Króki voru tvær tóftir athugaðar og var sú yngri greinilega fjárhústóft en í hinni var komið niður á gólfskán og á Kristján að hafa talið það merki um mannabústað. Sbr. Harðar sögu: “Grímkell bjó fyrst suðr at Fjöllum, skammt frá Ölfusvatni. Þar er nú kallat á Grímkelsstöðum ok eru nú sauðahús.”

Nú, 1998, sjást greinilega þrjár tóftir á þessum stað. Syðst er garður sem liggur til vesturs og norðurs. 10 m frá suðausturenda hans eru smá vik inn í garðinn um $2,5 \times 2$ m að innanmáli. Fast upp við suðausturendann er lítil tóft um $7,5 \times 10$ m að utanmáli. Hún er óglögg, tveir veggir eru greinilegir og opnast hún nú beint ofan í




skurðinn að suðaustanverðu og gæti hún hafa verið stærri. Vestan við syðri vegginn er óglöggur veggjarbútur sem er L laga og nær frá suðri til vesturs. Tóftin hefur verið stærri þeim megin. Um 15 m norðar er enn stærri tóft, “bæjartóftin”, um 15×10 m að utanmáli. Erfitt er að greina höllfaskipan en sennilega hafa verið að minnsta kosti 3 hölf og hafa þau verið stærri áður. Um 25 metrum norðaustur af henni er þriðja tóftin. Hún er einna greinilegust, sú sem Brynjúlfur kallar stekkjartóft. Hún er greinilega byggð ofan á stærri og eldri tóft eða tóftum. Hún er um $7,5 \times 5$ m að utanmáli en greinilegar eldri leifar eru kringum hana. Hættumat: mikil hætta vegna jarðræktar

Heimildir: KK II, 89; Árb 1881, 20; Árb. 1899, 1-2; Ö-Krókur 2, 4; Ö-Krókur, aths og viðb, 8; Fornleifaskrá, 77; ÍF XIII, 4-5.

ÁR-477:010 beitarhúsatóft

64°06.617N 21°06.572V

“Bullaugalækur fellur austur úr [Króksmýri] norðasta og í Villingavatnsá. Hellutak heitir við upptök hans. Þar er beitarhús og tún.” segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um það bil 20 metra norðvestur af Króksmýrinni, um sex metra austur af vegaslóða sem beygir af þjóðveginum 360 rétt vestan mýrarinnar. Í túni. Tóftin er öll eitt hólf 14x8 að utanmáli, tveir garðar eru inn í henni og skipta hluta hennar niður en norðvestan við þá hefur sennilega verið heygarður. Gæti hafa verið trégafl að suðaustanverðu því engin merki eru um vegg þeim megin.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krókur 2, 4

ÁR-477:011 heimild um ristu

64°06.478N 21°05.855V

“Í Torfdal var tekið torf, en meira var tekið niðri í Króksmýri.” segir í örnefnalýsingu. Króksmýri er þar sem nú er tún sunnan við þjóðveginn, Þingvallaveg 360, vestur af heimreiðinni. Í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Krókur, aths og viðb, 5

ÁR-477:012 Króksskarð leið

64°06.712N 21°06.418V

“Gamlar götur, sem liggja af veginum skammt fyrir suðaustan ána (Ölfusvatnsá), liggja um Króksskarð, sem er austan við Víðihlið, og um Króksskarðsflöt, flötina fyrir ofan skarðið (nær Króki).” “Gamli suðurferðarvegurinn lá fyrst norður gamla túnið vestan Vatnsdals og um svonefnt Grímstún. Þar voru beitarhús, kölluð Grímshús (eftir Grími sem bjó í Króki um 1910-1920). Síðan lá vegurinn (eða göturnar) norður um Króksskarðsflöt og Króksskarð og þá til vesturs meðfram Víðihlið og yfir Ölfusvatnsá ...” Tún, melur og mói.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krókur, aths og viðb, 6

ÁR-477:013 Króksmýri heimild um áveitu

64°06.465N 21°05.848V

“Króksmýri er stór, flatlend mýri. Hún var slegin; stundum var veitt á hana.” segir í örnefnalýsingu. Króksmýri er þar sem nú er tún sunnan við þjóðveginn, Þingvallaveg 360, vestur af heimreiðinni. Slétt tún.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Krókur, aths og viðb, 7

ÁR-477:014 Kattahryggjaleið gata leið

“[...] Þegar farið var suður í Ölfus á veturna frá Ölfusvatni, Króki og Villingavatni, var oft farin Kattahryggjaleið og síðan um Grænadal eða niður Klárfell í Ölfusi.” - “Oft var líka farið um Laxárdal og niður Grænadal, niður í Ölfus; sú leið var aðallega notuð frá Villingavatni og Úlfhljótsvatni.” - “[Kattartjarnarhryggir/Kattarhryggir] liggja í


stefnu norðaustur-norðvestur og eru langir, frekar stórir. Oft voru þeir aðeins nefndir Hryggir. Talað var um að fara suður Hryggi. Þarna var snjólétt og því fjölfarin leið milli sveita, þ.e. Grafnings og Ölfuss [...]. Þarna var létt að ferðast á vetrum fyrir gangandimann.” - “Tröllháls: Fyrir sunnan Laxárdal, þar sem gatan er fram í Ölfus.” Skráningarmaður gekk þarna uppeftir og má sjá greinilegar götur víða. Ekki náðust hnit á þessu svæði á skráningardegi, sbr tilraunir til skráningar í Laxárdal í landi Villingavatns og 015.

Heimildir: Ö-Krókur, aths og viðb, 3, 9; Ö-Villingavatn, 13

ÁR-477:015 gata leið

“Suðurferðaleið fyrir alla miðsveitina og Krók meðtalinn lá um Laxárdal. Þá var farið sunnan Súlufells og út um Laxárdal og út hjá Tjarnarhálsi, sunnan hans, og í Brúnkollublett og síðan Milli hrauns og hlíða.” Um Laxárdal liggja mörkin milli Villingavatns og Króks. Hann liggur til norður og suðurs og er minni hans við norðvestanverðan Seldal í Villingavatnslandi. Götuskorningar liggja eftir endilöngum dalnum. Nokkur blásið og grýtt dalverpi, ekki mjög gróðursælt. Verið er að leggja nýja línu Landsvirkjunar í gegnum Laxárdal þveran. Ekki tókst að ná hnitudum í dalnum, hvorki við göturnar né aðrir fornleifar þar.

Heimildir: Ö-Krókur, aths. og viðb.,9



ÁR-477:016 réttartóft

64°06.119N 21°07.329V

Mjög stór og forn fjárrétt er á hæð ofan (S) við beitarhús 010, norðan eða ofan við vestustu tún í Króki. Blásinn og grýttur melur ofan og norðan túns. Samkvæmt heimildarmanni á tóftin að vera glögg og skýr en skráningarmaður fann hana ekki þrátt fyrir mikla leit.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Símtal
15.7.1997.

ÁR-477:017 tóft

64°06.056N 21°06.914V

Tóftin er um það bil 100 metra norður af bæjarhólnum, 001, um 30 metra norðvestur af bæjarlæknum. Sléttur vallendisbali. Mjög óglögg og gömul tóft, í miðjunni er nokkur greinileg tóft, 6x7 að innanmáli en það vantar hluta af bæði suðausturvegg og vesturveggnum. 15x11 að utanmáli og er hleðsluhæð ekki nema 0,2 m. Rétt sunnan og austanvið suðausturvegginn er garður eða veggur um 0,7 á breidd og alls 15 metra langur og syðst er smá sveigur á honum til vesturs. Vestan við tóftina eru enn ógreinilegri leifar af tófti.


Hættumat: engin hætta

ÁR-477:018 tóft

64°05.937N 21°07.993V

Tóft er upp við lítinn helli um fjóra metra norðvestur af bæjarlæknum þar sem hann beygir til norðurs við rafstöðina. Gróin klapparhæð. Tóftin er 5,5x3,5 að utanmáli og er hleðsluhæð 1,1m. Hlaðið hefur verið utan í lítinn helli, tóftin alls um 4x2 að innanmáli, aðeins dýpri þar sem hellirinn er dýpstur, þar ef til vill 4x2,2. Að suðvestanverðu er heill veggur, orðin mjög gróinn en tóftin opnaðist til vesturs. Þakefni og rusl er nú inn í tóftinni

Hættumat: engin hætta

**ÁR-477:019** garðlag kálgarður

64°05.918N 21°06.963V

Nálægt þremur metrum austur af 018, fast við bæjarlækinn var kálgarður núna 9x13 að utanmáli. Hlaðið L laga upp í gróna brekku fyrir garðinum. Egill telur þarna hafa verið kálgarð, smá grjót sjáanlegt í norður vegg.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-477:020 garðlag varnargarður

64°05.911N 21°06.935V

Meðfram bæjarlæknum eftir að hann beygir til norðurs hjá rafstöðinni er garðlag til að verjast ágangi lækarins alls um 84 metrar á lengd 1,2 metrar á þykkt, hleðsluhæð nálægt 0,4 metrum. Í túni mest alla leiðina. Garðurinn var gerður fyrir minni heimildarmanns. Rof er í garðinn á nokkuð mörgum stöðum og hefur garðurinn því verið nokkur lengri upphaflega.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

ÁR-477:021 þúst útihús

64°05.889N 21°06.839V

Fjóra metra vestur af bæjarhólnum, 001, við brekkubrúnina á Ullarhól er þúst sem líkist því að þar hafi staðið útihús. Í túni

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-477:022 þúst útihús

64°05.833N 21°06.908V

Þúst eftir útihús er um 50 m suðvestur af bæjarhólnum 001, við bílakirkjugarð. Í túni

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-477:023 þúst fjós

64°05.896N 21°06.762V

Um það bil 15 m norðaustur af bæjarhólnum 001 og um 20 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi er þúst þar sem fjósið var áður. Í túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs


ÁR-477:024 heimild

64°05.962N 21°06.867V

Um sex metra norður af núverandi íbúðarhúsi eru leifar af steyptu útihúsi en einhverjar hleðslur sjást norðan og austan við rústirnar. Ósléttur grasbali. Þegar grafið var fyrir húsinu á þriðja áratugnum komu í ljós miklar mannvistaleifar undir því og kolagrafrir undir mannvistaleifunum að sögn heimildamanns.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Hættumat: hætta vegna umgangs



ÁR-477:025 útihúsatóft

64°05.950N 21°06.871V

Um 5 metra vestur af núverandi íbúðarhúsi rétt undir bæjarhólnum í ósléttum grasbala er útihúsatóft. Hún er 11x4,5 að utanmáli og er hleðsluhæð 0,4m. Gæti hafa tengst húsi 024.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-477:026 heimild um útihús


64°06.084N 21°07.114V

Í túninu uppi á hæðinni um 60-80 metra norð vestur af bæjarhólnum, 001, var útihúsatóft en nú er þar tún. Nákvæm staðsetning ekki alveg ljós, var syðst í túninu, nálægt girðingunni.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-477:027 *Torfdalur* örnefni rista 64°05.789N 21°07.380V
“[Milli Villingavatnsár og Súlfells er Bergsteinsgróf] Svo taka við beitilyngsmóar suður að Varghólum og vestur að Torfdal, sem er graslendi og var oft sleginn. Eftir honum rennur Torfdalslækur.” Í örnefnalýsingu Guðmundar Jóhannessonar segir að í Torfdal hafi verið mótask. “Í Torfdal var tekið torf … “ Torfdalur er um 400 metra suðvestur af bæjarstæðinu. Blaut myri og mólendi er í dalnum en nafnið bendir til þess að einhverntíma hafi verið tekið torf þar.

Hættumat: engin hætta



Heimildir: Ö-Krókur, 2; Ö-Krókur 2, 2; Ö-Krókur, aths og viðb, 5.

ÁR-477:028 garðlag

64°05.787N 21°07.439V


Blaut myri og mólendi er í dalnum. Um fjóra metra norður af mógröfunum, 003 eru garðög í Torfdalnum. Fast upp við mógrafirnar má sjá nærrí því 40 metra langt garðlag, 0,2 metra hátt og 0,7 á breidd. Til móts við það er 25 metra langt garðlag, svipað á breidd. Á milli þeirra er síðan um 8 metra langur bútur, sem sennilega hefur náð á milli garðanna.

Hættumat: engin hætta

ÁR-477:029 *Ullarhóll* þjóðsaga um álagablett 64°05.889N 21°06.839V
Ullarhóll er suðaustan við bæjarlækinn, þar sem hann beygir til norðurs, um það bil 10 metra norðvestur af bæjarhólnum, 001 í túni. Það mátti ekki slá hólinn, því þá myndu hræðilegir hlutir gerast að sögn heimildarmanns og var hann látin vera lengi þó hann sé sléttaður nú.

ÁR-477:030 tóft $64^{\circ}06.237N$ $21^{\circ}07.223V$
Um það bil 10 metra suður af Grímshúsum, 008, er lítil tóft, næplega einum km. norður af bæjarhólnum, 001. Sléttur túnbali, en ofan við tóftina er grýtt brekka, nokkuð er farið að blása upp þarna á svæðinu. Tóftin er greinilega eldri en beitarhúsin, 008 en samt mjög skýr. Veggirnir eru breiðir og signir, en grjót sést að innan, 2-3 umför. Tóftin opnast til suðausturs. Suður af henni er ógreinileg þúst sem gæti verið mannvistaleifar.


Hættumat: hætta vegna rofs



ÁR-477:031 tóft
Um það bil 15 metra suðvestur af tóftinni, 030, næpan kílómeter norður af bæjarhólnum, 001. Nokkuð sléttur vallendismói. Tóftin er alls $6 \times 4,5$ að utanmáli og 3×5 að innanmáli og opnast til suðvesturs. 3-4 umför af hleðslum greinileg innan í tóftinni. Suðvestur af tóftinni gætu verið leifar af eldri tóft, mjög óljós.

Hættumat: hætta vegna rofs

$64^{\circ}06.252N$ $21^{\circ}07.207V$




ÁR-478 Villingavatn

20 hdr. 1706, c. 1500. Úlfþjótsvatnskirkjujörð. Fyrst getið 1397, DI IV, 93. 13.6.1703 telja eigendur að 'jörðunni Úlfþjótsvatni ... sextú hundruð að dýrleika, hvar með fylgir kirkjueignin Villingavatn, tuttugu hundruð að dýrleika, en hefur verið þessi kirkjueign sett fyrir xc til arfaskipta í fastaeign, hvað enn nú stendur sem fyrri.' JÁM XIV, 62. 14.6.1703 telur Magnús Magnússon '20c af Úlfþjótsvatni, bónðaeign, heyra mér Kirkjujörð, ... heitir Villingavatn, að dýrleika 10c að aftektum. Tilheyrir mér hún hálf. Landskuld til míín, x aurar, gelst í landarum. Kirkjukúgildi 6, þar af eftir 3 betalast prestinum 6 fjórðungar smjörs eða í landaurum, peningum eður þvílíku.' JÁM XIV, 63 nm. "Allstór fjallajörð. Liggur móti norðaustri og á land frá Þingvallavatni og út í Ölfusmörk." SB III, 266. 1918: Tún 5,7 ha. Matjurtagarðar 695 m2. 1839: "heyskapur gnægur, útbeit og silungsveiði, hættujörð af graflækjum." SSÁ, 182. 1977: Tún 39,7 ha. "Viða góð skjól og beitiland gott þar til myið var drepið 1959. Þurrland móajörð með melum á milli upp til fjallsins en mýrarsund nær bænum og kringum tjörnina. Vallendisblettir eru víða." SB III, 266. Flest tún jarðarinnar sléttuð með stórvirkum vinnuvélum um og eftir 1970.

Heimildamaður: Sigurður Hannesson fæddur að Stóra-Hálsi 1.6.1926, kom að Villingavatni árið 1948.

Villingavatn
Túnakort



Kort 9. Villingavatn túnakort

ÁR-478:001 *Villingavatn* bæjarhóll bústaður 64°06.516N 21°05.533V
Bæjarhóllinn var við heimreiðina þar sem hún beygir til norðurs, um 40 metra austur af núverandi íbúðarhúsi. Slétt tún, sléttað eftir 1970

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-478:002 heimild um fjárhús 64°06.522N 21°05.595V
Fjárhúsið var um þremur metrum vestan við bæjarhólin, 001, um 45 metra norðvestan við núverandi íbúðarhús. Slétt tún, sléttað eftir 1970

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-478:003 heimild um útihús 64°06.578N 21°05.590V
1 metra vestur af fjárhúsinu, 002, við túngirðinguna að sunnan verðu fast við heimreiðina. Slétt tún, sléttað eftir 1970.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-478:004 heimild um útihús 64°06.612N 21°05.411V
Um 100 metra austur af bæjarhólnum, 001, um það bil 50 metra norðvestur af 005. Slétt tún, sléttað eftir 1970

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-478:005 heimild um útihús 64°06.610N 21°05.421V
Um það bil 120 metra suðaustur af bæjarhólnum, 001, og um það bil 50 metra suðaustur af 004 var útihús. Slétt tún, sléttað eftir 1970.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-478:006 *Fjárhellir* fjárskýli 64°07.509N 21°03.475V
“Símonarhellir: Í berginu við vesturendann á Langapalli. Frá Símonarhelli útað fjárhellinum er kallaði í daglegu tali með Björgunum [...]. Fjárhellir: Í daglegu tali nefndur Hellirinn. Tekur 120 fjár með heykumli”, segir í örnefnalýsingu. “Fjárhellir er við Þingvallavatn, notaður frá ómunatíð.” Um 50 metra vestur af 007. Hellirinn er upp í bergið, um það bil 80 metra suður af bökkum Þingvallavatns, um 2 km norðaustur af 001.

Frá hellinum niður að vatnsbakkanum er hallandi túnbali. Í hellisopnu eru trésperrur sem afmarka opið. Austan við það hefur verið hlaðið milli tveggja stórra bjarga og gæti það verið heykuml. Bárújárnsþak hefur verið yfir hleðslunum, en það er að mestu fallið ofan í tóftina en hún hefur verið 10x4 að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,4 metrar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 2-3; SB III, 266.


ÁR-478:007

Lambagarður
vörlugarður

64°07.517N 21°03.454V

“Lambagarður: Hlaðinn varnargarður, frá vatni uppí berg.” segir í örnefnalýsingu. Um það bil 50 metra austur af fjárhellinum er hlaðinn garður út í Þingvallavatn, um 2 km norðaustur af 001. Grýtt, brött og gróin hlíð frá bergi út í vatn. Garðurinn er 45 metra langur og 1 metra breiður og er hleðsluhæð mest 0,4 metrar en hleðslur eru nokkuð signar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 3



ÁR-478:008 heimild um heystæði

“Hagavíkurbrekkur: Gilskornar brekkur suðvestan í Dráttarhlíð, þar er gamalt kuml, sennilega síðan brekkurnar voru grösugri, og hefir þá verið slegið þar, og heyið látið í kumlið og gefið á gadd að vetrinum, því þarna eru oft góðir hagar.[...] Kumlmóar: Móarnir norðraf Kumlinu í átt að Hellinum. Kumlið: Heykuml, þar var fé gefið á gadd að vetrinum.” segir í örnefnalýsingu, á eftir að skrá.

Heimildir: Ö-Villingavatn, 3-4

ÁR-478:009 heimild um áveitu

64°07.002N 21°05.017V

“Lækurinn: Afrennsli úr Tjörninni, rann norður mýrarsund og engjar og úti Þingvallavatn. Í tíð Magnúsar Magnússonar [ábúandi 1887-1925] var grafinn skurður meðfram Helluholti, Gíslaþúfu og Stekkásmóá norður í Rás, þetta var gert til þess að ná vatninu til áveitu á engjarnar, og tókst vel, en eftir það var alltaf talað um gamla og nýja læk. Nú mun sú áveita vera aflögð.” segir í örnefnalýsingu. Í mýrinni eru nú tveir vélgrafnir skurðir og einnig náttúrulegir farvegir eða handgrafnir skurðir. Sundurgraflinn þýður mói.


Hættumat: hætta vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Villingavatn, 4

ÁR-478:010 garðlag áveita 64°07.210N 21°04.879V
“Mýrarsund: Mýrir milli Hellholts að vestan, Borgarholts að austan, og áveitugarður sem liggur yfir mýrina heim við Tjörn að sunnan [...].” segir í örnefnalýsingu. Garðurinn liggur austur-vestur yfir móann milli tjarnarinnar og Þingvallavatns, um 400 metra norður af 047. Sundurgraffinn þýfður mói. Vegaslóðinn sem liggur niður að sumarbústaðabyggðinni niðri við Þingvallavatnið sker garðinn í sundur ásamt skurðum og lækjum. Garðurinn er 50 metra langur og nálægt 0,5 metra á breidd en hleðsluhæð er mest 0,3 því garðurinn er nokkuð siginn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 4

ÁR-478:011 Skálholtsrimi vegur 64°07.130N 21°04.978V
“Skálholtsrimi: Lítur út eins og þar hafi verið lagður vegur yfir mýrina, áreiðanlega mjög langt síðan.” segir í örnefnalýsingu. Hleðslur eru greinilegar um 80 m norður af 009, austur af vegarslóðanum sem liggur norður að sumarbústaðabyggðinni niður að Þingvallavatninu. Vegurinn gæti hafa legið að Soginu, hugsanlega að ferjunni ÁR-479:070 eða 071. Sundurgraffinn þýfður mói. Þessar hleðslur eru lang breiðastar af þeim sem liggja yfir mýrina sbr. 09, 047 og 039, og líklegast að þar sé vegurinn.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 5; Örnefnakort



stein á sléttur grónum bala í annars grýttri, blásinni og þýfðri brekku.

2 hólf eru greinileg, að norðaustanverðu hefur aðeins verið grafið inn í brekkuna og hlaðið undir og milli 2 steina. Hólfid er um 3 á breidd en bæði 2 og 4

ÁR-478:012
stekkjartóft
64°06.966N 21°05.590V
“Stekkás: Nokkuð hár ás fyrir vestan engjarnar og norðan Hellholts.[...]
Stekkurinn: Sunnan í Stekkásnum, síðasti stekkurinn sem notaður var.” segir í örnefnalýsingu.
Stekkjartóftin er um 50 metra norður af norður enda Tjarnarinnar (Villingavatns), um 100 metra vestur af Villingavatnsánni.
Stekkurinn er byggður utan í stóran jarðfastan



Kort 10. Villingavatn aðalkort

metrar á lengd innanmáls þar sem steinn nokkur nær 2 metra inn í hólfíð. Vestan við það er stærra hólf, alls 2/2,5x4,5 að innanmáli og opnast það til suðvesturs. Austur frá suðurvegg þeirar tóftar er síðan stök hleðsla, alls um 5 metra löng, og aðeins um 0,1-0,2 á hæð, en gæti hafa myndað aðhald móri stóra jarðfasta steininum norðaustan við hann. Alls er stekkurinn 12x8 að utanmáli og er hleðsluhæð mest um 0,6 metrar.

Hættumat. engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 5

ÁR-478:013 heimild um mógrafir 64°06.843N 21°05.601V
“Hámýri: Mótak, frá gamalli tíð og allt til 1930 eða þar um bil.” segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt frásögn heimildamanns eru mógrafirnar í há norður, um 150 metra, frá núverandi fþúðarhúsi, liggja meðfram Villingavatnsánni, 50 metra vestur af 052.” Blautt mýrardrag. Samkvæmt Örnefnakorti er Hámýrin austur af Stekkásnum. Heimildarmaður segir að þar hafi verið tekinn mór fram yfir 1940.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 5; Örnefnakort.

ÁR-478:014 Borgin heimild um fjárvíkli 64°06.993N 21°04.750V
“Borgin: Gömul fjárborg á Borgarholti.” segir í örnefnalýsingu. Borgarholtið var á túninu sem nú er norðan og austan við tjörnina, þar sem nú er braggi. Borgin var sunnan við braggan. Slétt tún.

Hættumat. hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 6

ÁR-478:015 Gamli garður garðlag 64°06.602N 21°04.204V
“Gamli garður: Garðlag liggur yfir Grenásinn vestanverðan frá Tjörninni suður í Úlfljótsvatn. Þetta hefur verið mjög mikið mannvirki, því það sem enn sést, er breitt um sig, og bendir til þess að garðurinn hafi verið breiður og mikill, engar sagnir eru tengdar við þennan garð svo vitað sé.” segir í örnefnalýsingu. Vesturendi hans er nokkuð ofan við Gamlastekk, 017, og svo liggur garðurinn til norðvesturyfir ásinn og út í Úlfljótsvatn, við Fjárhöfða. Ásinn er gróinn í hlíðunum og blásinn og grýttur að ofan. Garðurinn er alls um 1,2 km langur og 1,3 á breidd en hleðsluhæð er mest 0,5. Nokkuð rof er í garðinn, og svo liggur vegaslóði í gegnum hann efst á ásnum. Garðurinn hefur sennilega verið nær 1,5 km í upphafi.

Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 7

ÁR-478:016 Gildruhóll örnefni refagilda 64°06.272N 21°04.066V
“Gildruhóll: Grjót- og klapparhóll fyrir sunnan Grenás, í mörkum milli Villingavatns og Úlfljótsvatns.” segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er á landamörkunum, girðing liggur við hann. Grjót og klapparhóll. Ekki er að sjá gildrutóft þarna og man heimildarmaður ekki eftir að svo hafi verið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 7

ÁR-478:017 *Gamlastekkatún* heimild um stekk 64°06.677N 21°04.719V
“Gamlastekkatún: Grasbrekka fyrir ofan [Litlaflóðs-] mýrina, og sést móta fyrir stekknum.” segir í örnefnalýsingu. Brekka þessi er austur af tjörninni (Villingavatni), og var stekkurinn sunnan við miðja tjörn á vatnsbakkanu. Mikið þýfi á austurbakka tjarnarinnar. Heimildarmaður telur enn sjást til stekkjárins, en skrásetjari gat ekki greint hann í stórbýfinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 7

ÁR-478:018 heimild um ristu 64°06.590N 21°05.380V
“Túnvík: Vik fyrir sunnan túnið, milli túnsins og viksins var slétt mýri sem ávalt var blaut, og hálf leiðinleg yfirferðar, var þar góð torfrista.” segir í örnefnalýsingu. 200-250 metra austan við núverandi íbúðarhús í suðausturhorni tjarnarinnar (Villingavatnsins). Blaut mýri.

Heimildir: Ö-Villingavatn, 8

ÁR-478:019 *Lambhús* heimild um lambhús 64°06.610N 21°05.421V
“Lambhústún: Fyrir norðaustan og austan bæinn, sléttar flatir, en halla þó til vesturs í átt að norðurtúni, og til austurs í átt til tjarnarinnar. Lambhús: Tóft þar sem Lambhústúnið er hæst,” segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnakorti var Lambhústúnið í túninu um það bil 130 metra norðaustur af bæjarhólnum, 001. Gæti verið sama og 004 eða 005.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 9; Örnefnakort

ÁR-478:020 vegur leið 64°06.622N 21°05.752V
“Ölfusvatnsmói: Móinn fyrir norðan túnið, þar sem hreppsvegurinn lá.” segir í örnefnalýsingu. Vegurinn er mjög greinilegur fyrir vestan og norðan bærinn niður að Villingavatnsánni. Vegurinn liggur yfir móann frá læknum og upp á tún.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 8

ÁR-478:021 *Ölfusvatnsvað* heimild um vað 64°06.609N 21°05.787V
“Öflusvatnsvað: þar sem vegurinn var yfir ána, fyrir norðan túnið.” segir í örnefnalýsingu. Vegurinn, 020, liggur eins og áður sagði norður að ánni, þar tekur síðan við greinilegur vegaslóði hinu megin í landi Ölfusvatns og var vaðið þar. Villingavatnsmegin er blautur moldarbakki við ána. Áin er aðeins breiðar þar sem vaðið hefur verið.

Heimildir: Ö-Villingavatn, 9

ÁR-478:022 heimild um vatnsból 64°06.628N 21°05.699V
“Nautadýjamýri: Mýri við ána fyrir vestan túnið, í þeirri mýri er dý, sem aldrei þrýtur, og aldrei frýs, og var notað fyrir vatnsból.” segir í örnefnalýsingu. Mýrin nokkuð purr, og var dýið ekki sjánlegt, það er beint undir brekkunni um 50 metra norðvestur af núverandi íbúðarhúsi í þýfðum móa.

Heimildir: Ö-Villingavatn, 9

ÁR-478:023 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 64°06.508N 21°05.591V
“Smiðjuhóll: Hóll norðan við bæinn, sem bærinn stóð á að nokkru leyti”, segir í örnefnalýsingu. Þar er nú slétt tún. Heimildamaður kannast ekki við smiðjutóft, hmit tekin 5 metra norðan við 001, bæjarhólinn

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 9; Örnefnakort

ÁR-478:024 *Hjáleigubúfa* örnefni 64°06.610N 21°05.421V
“Hjáleigubúfa: Einstök þúfa neðst í Lambhústúni, hefi aldrei heyrt talað um hjáleigu þarna”. segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning ekki ljós. Lambhústún er norðan og austan við bæjarhólunn, sjá 019 þar er nú slétt tún. Heimildamaður kannast ekki við nafnið.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 9

ÁR-478:025 heimild um traðir 64°06.573N 21°05.592V
“Streitur: Túnið suður af bænum, austan við traðirnar. Vesturtún: Suðvestur af bænum, vestan við traðirnar.” segir í örnefnalýsingu. Traðirnar hafa að öllum líkindum verið þar sem götur eru sýndar á túnakortinu frá 1918 sem voru á svipuðum slóðum og núverandi heimreið.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 9; Túnakort 1918.


ÁR-478:026 *Hjallhóll* heimild um hjall 64°06.547N 21°05.581V
“Hjallhóll: Smá ávala hóll, rétt vestan við bæinn, þar sem gamli Hjallurinn stóð.” segir í örnefnalýsingu. Í túninu um 2 metra norður af 002, 5 metra austur af bæjarhólnum, 001.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 10

ÁR-478:027 heimild leið 64°06.596N 21°05.763V
“Eiteturbarð: Gatan lá eftir því þegar sótt var vatn í dýið [022].” segir í örnefnalýsingu. Gatan gæti hafa legið í kvos sem er milli núverandi bæjarhúss og næsta hóls norðaustan við hann og niður í dýið sem var nær beint niður af íbúðarhúsinu. Í sléttu túní.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 10; Örnefnakort

ÁR-478:028 *Stöðulhús* tóft+garðlag útihús 64°06.394N 21°05.525V
 "Stöðulhús: Fyrir sunnan túnið, við veginn, þar sem réttin er. Gamla réttin." segir í örnefnalýsingu.



umgangs

Heimildir: Ö-Villingavatn, 10

ÁR-478:029 garðlag 64°07.109N 21°05.327V
 Austan undir Stekkásnum er um 11 metra langt garðlag, um það bil 100 metra norður af norðurenda tjarnarinnar (Villingavatnsins). Á ósléttu barði í annars nokkur grónum beitihaga. Garðurinn liggur ANA og VSV

Hættumat: engin hætta

ÁR-478:030 *Kvíholt* örnefni kvíar 64°06.400N 21°05.582V
 "Kvíholt: Fyrir vestan Stöðulhúsið, þar sem vegurinn liggur." segir í örnefnalýsingu. Holtið er það sem heimreiðin heim að Villingavatni beygir til norðurs af þjóðveginum, Þingvallavegi 360. Vestur af holtinu er hóll í túninu með óljósum merkjum um mannvistaleifar, nú slétt tún. Nokkrar óglöggar þúfur og rof í hól austast á túninu við girðinguna, vestan við veginn

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Villingavatn, 10

ÁR-478:031 *Einbúakuml* tóft af heystæði 64°07.223N 21°03.996V
 Um 40-50 metra suðaustur af Einbúanum og 100 metra austur af Hringatjörnum er Einbúakumlið. Þýfður melur, blettur í annars uppblásinni urðinni. Heytóftin er vel heilleg, opnast til norðurs. Hún er alls 6x4 að utanmáli en 4x2 að innanmáli. Hleðslur eru enn vel greinilegar, alls 5 umför þar sem suðausturveggurinn er hæstur

Hættumat: hætta vegna rofs

ÁR-478:032 *Stekkjarflatir* heimild um stekk 64°06.271N 21°05.388V
“Stekkjarflatir: Stórar valllendisflatir, vegurinn liggur yfir þær austast, og ná þær alla leið út að Klifberagili að suðvestan og Hádegismóum að norðv.” segir í örnefnalýsingu. Á Stekkjarflötum er nú tún suður af þjóðveginum, 360, austan við afleggjarann heim að Villingavatni. Sjást smá mishæðir í túninu en erfitt að geta sér til um hvar stekkurinn var nákvæmlega

Hættumat: vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 11

ÁR-478:033 *Grafarmýri* heimild um mógrafir 64°06.331N 21°05.797V
“Grafarmýri: Lítil mýri fyrir vestan Heimastaháls, þar eru nokkrar mógrafir.” segir í örnefnalýsingu. Um 100 metra suður af þjóðveginum, 360, um 70 metra austur af Villingavatnsánni, þar sjást ekki mógrafir nú. Blautt mýrardrag.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 11; Örnefnakortið

ÁR-478:034 *Selnef* örnefni sel 64°06.267N 21°05.901V
“Selnefið: Melnef sem nær útí ána, suðvestur af Keldumýri.” segir í örnefnalýsingu. Um 150 metra suðvestur af Grafarmýrinni er Selnefnið. Þýfður blautur mór. Heimildamaður man ekki eftir að hafa séð né heyrt um tóftir þarna. Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 11

ÁR-478:035 gata leið 64°06.339N 21°05.800V
“Holtaskarð: Þar sem gatan er milli Grafarmýrar og Dýjakróka.” segir í örnefnalýsingu. Austur af Grafarmýri liggur gróin gata til norðurs heim að Villingavatni. Þýfður blásinn mói.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 12

ÁR-478:036 heimild um leið 64°05.083N 21°05.267V
“Miðháls: Fyrir sunnan Klifberagil, nokkuð brattur, þar liggur gatan út á Harðavöll.” segir í örnefnalýsingu. Greinilegar götur liggja út á völlinn samhliða vegaslóðanum að réttinni, sem nú er á Selvöllum í landi Úlfþjótsvatns.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Villingavatn, 12

ÁR-478:037 gata leið 64°05.080N 21°05.480V
“Hlíðarskarð: Þar sem gatan liggur út á Selflatir. - Hlíðarskarð heitir skarðið fyrir norðan Selflatirnar.[...] Um Hlíðarskarð eru götuslóðar, sem nú eru fáfarnir, síðan vegurinn kom fyrir neðan Háfell og Skógarnef.” segir í örnefnalýsingu. Greinilegur götuslóði, má sjá hann liggja í gegnum tóftina undir Náttmálahnjúknum (050).


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Villingavatn, 12; Ö-Úlfþjótsvatn, 12

ÁR-478:038

2 tóftir

64°06.905N 21°05.616V

Um 40 metra austur af Villingavatnsánni, 20-25 metra norður af stekknum á



Stekkásnum eru tvær tóftir á grýttu en grónu hæðardragi. Neðarlega í hlíðinni er lítil tóft 3x3 að utanmáli 1x2 að innanmáli. Smá grjót sést að innanverðu en engar hleðslur sjáanlegar. Á næsta stalli ofanvið eru nokkrir steinar sem mynda svo reglulegan hring að líklegt er að þar hafi verið eitthvað. Sunnan við steinaröðina eru mjög óglöggar þúfur sem gætu verið enn eldri mannvistaleifar.

Hættumat:
engin hætta

Heimildir: Ö-Villingavatn, 12

ÁR-478:039 heimild um áveitu

64°06.992N 21°05.053V

“Forn áveita var á engjabletti norðaustur við Þingvallavatn.” segir í Sunnlenskum byggðum. Í mýrinni norðaustan Þingvallavatns eru nú vélgrafnir skurðir og einnig náttúrulegir farvegir eða handgrafnir skurðir, ásamt görðum sem liggja þvert á hana, s.s. 009 og Skálholtsrima 011. Þýft, nokkur blaut mýri. Gæti verið sama og 009.

Heimildir: SB III, 266.

ÁR-478:040 heimild um leið

64°05.405N 21°05.520V

“Bognaflöt: Flöt vestur af Votakrók, þar sem gatan er frá Króki suður í Selflataréttir.” segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur upp og suður ekki langt austan við vegaslóðann upp að selflötum. Gatan er greinilegust milli vegarins þar sem afleggjarinn beygir upp í Seldal er og girðingar upp við Úlfþjótsvatnsfjall. Gatan er vel greinanleg í grösugum bala milli fjallsins og vegarins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Villingavatn, 13

ÁR-478:041 gata leið

64°04.637N 21°08.093V

“Villingavatn átti sel í Seldal á vallendisflöt sem snýr móti suðri, rétt við götuna, sem liggur úr Seldal upp í Laxárdal. Skúti er í Seldal í gilinu sem kemur úr Laxárdal, og var hann notaður sem geymsla fyrir mjólkurmatinn. Sunnan við selið kemur lækur úr

Litla-Laxárdal.” segir í Sunnlenskum byggðum. Þýfður vallendismói er milli selsins og götunnar, vegurinn upp í Seldal liggur samhliða götunum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: SB III, 246

ÁR-478:042 *Gamlasel* seltóft


64°04.667N 21°08.018V

“Gamla Selgil: Gilið sem liggur eftir miðjum [Sel-] dalnum. [...] Dagmálfjall: Fell fyrir austan Seldal, í mörkum. Eyktarmörk frá Gamlaselí sem var í Gamlaselgilinu suður undir Botnaflöt, eins og enn sér merki.” segir í örnefnalýsingu. “Villingavatn átti sel í Seldal á vallendisflöt sem snýr móti suðri, rétt við götuna, sem liggur úr Seldal upp í Laxárdal. Skúti er í Seldal í gilinu sem kemur úr Laxárdal, og var hann notaður sem geymsla fyrir mjólkurmatinn. Sunnan við selið kemur lækur úr Litla-Laxárdal.” segir í Sunnlenskum byggðum. Seltóftin er við gilið þar sem lækurinn úr Litla Laxárdal kemur niður, um 40 metra suðaustur af akveginum upp í Laxárdal. Þýfður vallendismói er milli selsins og götunnar. Aðeins sést ein nokkur óglögg tóft, tvíhólfa. Hún

opnast til suðurs og er hólfíð sem opnast $2,5 \times 1,5$ að innanmáli. 2 metrum sunnan við opið mótar fyrir öðru hólfu en það er aðeins 1×1 að innanmáli. Að utanmáli er tóftin $7,5 \times 4$ m og eru hleðslur útflattar mest 0,2 á hæð.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Villingavatn, 13-14; SB III, 246



ÁR-478:043 smalakofatóft

“Smalaskáli: Grjótholt í Laxárdal. Strákari í yfirsetu höfðu hlaðið skýli þar.” segir í örnefnalýsingu. Smalaskálinn er um það bil 200 metra vestur af veginum inn dalinn, um miðjan Laxárdalinn. Mosa vaxið grjótholt, í illa grónum dal.

Þrír nokkur stórir steinar hafa myndað helstu veggir kofans og hefur verið hlaðið ofan á þá. Hleðslur sjást þó einnig og liggur mikil af hleðslugrjóti á víð og dreif í kringum steinana. Að vestanverðu er stór steinn og út frá honum er um 2 metra hleðstla til suðausturs. Um 2,5 metrum austan við hana er 2,5 m hleðsla og 5 metrum



norðan við hana er enn 2 metra hleðslubútur. GPS hnit náðust ekki í Laxárdalnum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Villingavatn, 13

ÁR-478:044 varða 64°06.820N 21°05.475V
Um 150 m norðaustur af bæjarhólnum 001, 35-40 metra norðvestur af Villingavatni (tjörninni), við vegaslóðann norður að Þingvallavatni eru tvær vörður og eru um 10 metrar milli þeirra. Varðan stendur á klapparholti og er hún 1,2 m á hæð og 0,7m breið.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Villingavatn, 14

ÁR-478:045 Símonarhellir þjóðsaga
“Símonarhellir: Í berginu við vesturendann á Langapalli.” segir í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu Úlfþjótsvatns stendur: Þjóðsagnir segja, að í Skinnhúfuhelli hafi búið tröllkona, Skinnhúfa að nafni, og karl hennar, sem Símon hét, hafi búið í öðrum helli, sem við hann er kenndur. Sá hellir er vestan í Skinnhúfubergi, en sá hellir er í Villingavatnslandi. Svo segir í örnefnalýsingu. Í sagnapáttum og þjóðsögum sem Guðni Jónsson safnaði er sagt frá Símoni og Elínu skinnhúfu, sem hafi verið uppi skömmu eftir miðja 18.öld, bæði fátaeklingar og hafi ætlað að leggjast út. Í Símonarhelli fannst þýfi sem Símon hafði stolið af húsbændum sínum á Villingavatni. “Annar hellir [en Skinnhúfuhellir] er vestan til í hlíðinni, hafðr fyrir fjárhelli frá Villingavatni.” Ekki skráð 1998.

Heimildir: Ö-Villingavatn, 2; Ö-Úlfþjótsvatn, 8; Ísl.sagnapættir og þjóðsögar VII, 85-6; SV í Árb. 1881, 29

ÁR-478:046 varða 64°06.814N 21°05.439V
Um 160 m norðaustur af bæjarhólnum 001, 35-40 metra norðvestur af Villingavatni (tjörninni), við vegarslóðann norður að Þingvallavatni eru tvær vörður og eru um 10 m milli þeirra, þessi er nær Þingvallavatninu. Varðan stendur á klapparholti og er 1,2m á hæð, 2,1 á breidd og standa hleðslur að mestu.

Hættumat: engin hætta

ÁR-478:047 garðlag 64°07.336N 21°04.709V
Garður liggur um 400-500 metra vestur af Einbúanum meðfram afleggjana nokkrum sem liggur til vesturs af veginum norður að sumarbústaðabyggðinni við Þingvallavatnið í ósléttum móa. Garðurinn er 350 metra langur og 0,4 metrar á breidd. Hleðsluhæð er mest 0,3 metrar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-478:048 hellir 64°04.578N 21°08.085V
“Villingavatn átti sel í Seldal [042] á vallendisflöt sem snýr móti suðri, rétt við götuna, sem liggur úr Seldal upp í laxárdal. Skúti er í Seldal í gilinu sem kemur úr Laxárdal, og var hann notaður sem geymsla fyrir mjólkurmatinn. Sunnan við selið kemur lækur úr Litla-Laxárdal.” segir í Sunnlenskum byggðum. Sunnanundir veginum upp í

Laxárdal er smá skúti inn í bergið, sennilega verið sá, um það bil 40 metrum norðvestur af Gamlaseli. Skútinn er um 3x3 að innanmáli.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: SB III, 246

ÁR-478:049 varða

Um 30 metra suðvestur af 043, smalakofanum í Laxárdal, er varða á hæð norðan í grjótholtinu. Mosa vaxið grjótholt. Varðan er 0,6m á hæð og 0,8 m á breidd og standa hleðslur að miklu leiti. GPS hnít náðust ekki í Laxárdalnum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda


ÁR-478:050 tóft

64°05.117N 21°05.421V

Tóft er í hallandi grónum brekkum uppi suðaustan í Náttmálahnjúk. Um það bil 70-80 metra suðvestur af vegaslóðanum upp að Selflötunum. Nokkur slétt drag inn á milli uppblásinna mela.

Tvíhólfra tóft sem opnast til suðaustur. Að norðaustanverðu er hólf, 5,2 metrar að innanmáli en engin merki sjást um vegg að suðaustanverðu. 1 metra veggur er sunnanvið þetta hólf og svo er um 6x1 metra hólf, suðurveggur þess nær 2 metrum lengra til austurs en aðrir hlutar tóftarinnar og er nokkur af grjóti við þann enda. Öll er tóftin 8x6 metrar að utanmáli. Hleðslur eru ekki greinilegar en grjót sést á stöku stað.

Hættumat: engin hætta




ÁR-478:051 tóft

64°05.331N 21°05.768V

Tóftin er í breckuhjalla, um 50 metra vestur af veginum upp í Seldalinn, stuttu eftir afleggjarann af veginum upp á Selflatir. Um það bil 2 km. suðvestur af úтиhúsunum á Villingavatni. Í gróinni hlíð við malarnám. Tóftin er óregluleg í laginu að utanmáli er hún 11x4,5 og er hleðsluhæð 0,5 m. Tóftin er byggt utan í brekku, mjög gömul og mosa vaxin. Hlaðin úr grjóti og eru 2 hólf greinileg. Tóftin opnaðist að norðaustanverðu og er hólfiið inn af því 5,5x2,5 að innanmáli. suðvestan við það er minna hólf sem er að hluta horfið í malarnámið. Hefur sennilega verið 5,5x1,5 að innanmáli en hluti af suðausturveggnum er horfin niður í gryfjuna og liggur hleðslugrjótið þar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda




ÁR-478:052

3 tóftir

64°04.337N 21°07.381V

Innst í Seldalnum að vestanverðu, alveg við árbakkan eru 3 tóftir sem eru sennilega af seli á þýfðum vallendisbala. Allt svæðið er 12x12m og er hleðsluhæð mest 0,4m



Stærsta tóftin er nokkur greinileg, alls 3 hólf í henni. Norðaustast er lítið hólf, opnast til austurs um 2x2 að innanmáli. Suðvestan við það er stærsta hólfíð um 4x2 að innanmáli og opnast það til austurs. Suðvestan við það eru óglöggar leifar af 3 hólfinu, sennilega opnast eins og miðhólfíð en suðurveggurinn er nær alveg horfinn, lítið af hleðslugrjóti greinilegt. Fjórum metrum austan við norðurenda tóftarinnar er önnur tóft alveg á

gilbarminum og gætu hlutar af henni verið horfnir niður í gilið, hún er lítil, 1x1 að innanmáli og um 4x3 að utanmáli. 4 metrum sunnan við hana er þriðja tóftin, um 4x4 að utanmáli og 1x2 að innanmáli og opnast til norðurs, smá grjót sjáanlegt í austurvegg hennar.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga


ÁR-480 Bíldsfell

42 2/3 hdr. 1847, óþ. 1706. Skálholtskirkjujörð. “Þorgrímr bíldr, bróðir Önundar bílds nam lönd öll fyrir ofan Þverá ok bjó at Bíldsfelli. Hans leysingi var Steinröðr, son Melpatrix af Írlandi; hann eignaðisk öll Vatnslönd ok bjó á Steinröðarstöðum.” Landnámabók, ÍF I, 388, 390. Kirkju í Bíldsfelli er getið í málðaga frá um 1220, DI I, 409 og í Vilchinsmáldaga DI IV, 93. Bæjar eða fjalls er getið í Harðarsögu - ÍF XIII, 50. 1539 er Sveinn Þorvaldsson búandi á Bíldsfelli, landseti Skálholtsstóls, meðal þeirra sem drápu Diðrik van Minden og fylgjara hans í stofunni í Skálholti - Bsk II, 270. 1712 er Ólafur Þórðarson bóndi á Bíldsfelli, ÁÍ X, 67. Jarðardýrleiki óviss 1706, eign Skálholtsstóls, jörðinni fylgja tveir vatnshólmar. “Jörðin var í eyði þegar Jón Sigurðsson flutti þangað 1788.” Ö-Bíldsfell, 10

1706: “Túninu spilla leirskriður úr fjalli, sem jeta sig niður í dældir og gjöra jarðföll, ítem stórgryti, sem hrapar úr fjallinu. Engið felur mjög í hrjóstur og fer til þurðar.” JÁM II, 384. 1839: “Heyskaparlítið, útigangur góður.” SSÁ, 182. 1918: tún 7,9 ha sléttan, garðar 1454 m2. “Eftir Jón Sigurðsson varð Ögmundur sonar hans ábúandi. Keypti hann jörðina af systkinum sínum og bætti hana mjög, sléttan, túnið og stækkaði og girti sæmilega.” Ö-Bíldsfell, 10. “Skitpist hún aðallega í lyngmóa, heiðar, myrradrög, fjallendi og melaöldur. Hagar eru að mestu leyti grónir og skjólgóðir. Vetrarbeit er góð því nokkuð er um kjarr og lyng en hefur ekki verið notuð í seinni tið.” SB III, 268. Ný tún tekin í notkun og sléttuð um og eftir 1970.

Bíldsfell

Túnakort



Kort 11. Bíldsfell túnakort

Heimildamenn: Árni Þorvaldsson fæddur á Bíldsfelli 9.1.1957; Guðmundur Þorvaldsson fæddur að Bíldsfelli 13.9.1953 og Kristín Gísladóttir fædd 28.4.1957

ÁR-480:001 *Bíldsfell* bæjarhóll bústaður 64°03.540N 21°00.682V
Bærinn stóð þar sem gamla timburhúsið stendur nú, byggt 1928.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-480:002 þúst útkirkja 64°03.548N 21°00.681V
“Munnmæli eru hjer hafi til forma kirkja verdið, merki til þess eru kirkjugarðsleifar kríngum fornt hússtæði, þar sem nú enn er geymsluhús ábúenda. Rök vita menn hjer engin önnur til, og engin man hjer hafi tíður veittar verið.” segir í jarðabók frá 1706. “Í austur frá bænum er hóll, sem nefnist Hjallhóll. Þar stóð kirkjan í fornöld. Mátti sjá fyrir leiðum og kirkjugarði fram á 19. öld. Ögmundur Jónsson sléttuði þessar leifar” segir í örnefnalýsingu. Kirkjutóftin er í trjálundi um 10 m norðaustur af bæjarhólnum 001, er þúst sem er 3,5x3,5.

Tóftin sýnist hafa dyraop til vesturs og man Árni Þorvaldsson eftir því að inngangurinn hafi verið skýrari. Við tóftina eru dældir í jarðveginn sem hafa verið taldar leifar af grófum. Ekki hefur verið hróflað við þessu svæði fyrir utan gróðurseningu tjárlundarins en trén eru flest að deyja.

BÍLDSFELL Í GRAFNINGI (ÚLFLJÓTSVATNSPÍNG) (Á) -Maríu, Pétri, Nikulási - HÁLFKIRKJA

[um 1220]: Kirkia at Billz felli er helgvð Mariv drottningv. Petro postula. Nicholao biskvpe.

Kirkia a .x. hundruð j landi. klvckr .ij. alltara klæði .ij. tiolld vm songhvs. oc elldberi

Þar skal syngia annan hvarn dag loghelgan. oc hinn fiorða hvern ottv song. skyllt skal at lysa fra Mariv messv siðaRi vnz liðr paska vikv, fyrir þa daga alla er þar er svngit.

Þar skal tivnd heima en kavpa .ij. morkvm at presti
vnder Vlfliotz [vatns] kirkiv liggr sea kirkia
skyllt skal at syngia einhveria Petrs messv; Máld DI I 409


1397: Kirkia heilags Nicholai ad Bilsfelli a .ij. kyr.

jnnan sig a kirkian kross. Nichulas lykneski .ij. dvkur. brijk yfer alltari. paxspialld .ij. stikur med kopar. sacrarium mvnnlaug. glodarkier. alltarisklædi .ij. annad med pell oc kross a med gullhlad. dvkur oc kluckur .ij.

portio Ecclsiæ vmm fiogur är næstv mork enn vmm vj ar fyrer .xij. aurar;
Máld DI IV 93

{1598: AM 263 fol. bl. 52, 54}

Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: JÁM II, 384; Ö-Bíldsfell, 12



ÁR-480:003 *Vesturhús*

fjárhústóft

64°03.476N 21°00.907V

185 metra suðvestur af 001, um 10 metra norður af túngirðingunni. Slétt tún. Tóftin er tvíhólfum fjárhústóft og var húsið notað fram undir 1940. Tóftin er alls 11x0 að utanmáli. Tveir garðar eru inn í vestara hólfina um ,2 metra háir og um 2 metrar á milli þeirra. Hvorugur nær fram að framgaflinum en tóftin opnast til

austurs. Að baki fjárhúsinu er hlöðutóft, greinilega niðurgrafinn enda hleðsluhæð þar allt upp í 1,7 m hæð. Nær 10 umför greinileg í norðurhorni hlöðunnar, en í veggjum hússins eru aðeins um 4-5 umför sjáanleg.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnakort

ÁR-480:004 heimild um útihús

64°03.485N 21°00.723V

Samkvæmt túnakorti var tóft 70 metra suðvestur af bæjarhólfnum, 001, fast við heimreiðina. Þýfður mói milli vegarins og túnsins, um það bil 5 metra breið ræma.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-480:005 *Vesturlambhús* heimild um lambhús 64°03.444N 21°00.60V

“Túnið: Fyrir framan bærinn heitir Oddsflöt, fyrir sunnan hana er Túnbrekka. Efst á Túnbrekkunni, vestur við lækinn var Vesturlambhús, en Austurlambhús fyrir austan Túnlágina. Nú eru hólar sléttar, þar sem þessi hús voru”, segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning ekki ljós, hnit tekin vestur við lækinn um 50 metra suðaustur af 001 í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12; Örnefnakort

ÁR-480:006 *Austurlambhús* heimild um lambhús 64°03.474N 21°00.670V

“Túnið: Fyrir framan bærinn heitir Oddsflöt, fyrir sunnan hana er Túnbrekka. Efst á Túnbrekkunni, vestur við lækinn var Vesturlambhús, en Austurlambhús fyrir austan Túnlágina. Nú eru hólar sléttar, þar sem þessi hús voru”, segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning ekki þekkt, hnit tekin um 80 metra norðaustur af 005 í sléttu túni.


Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12

ÁR-480:007 heimild um fjós

64°03.539N 21°00.631V

“Fyrir sunnan götuna, sem liggur upp á Stöðulinn, heitir Fjósatunga, efst í henni var fjósið til forna ...”, segir í örnefnalýsingu. Fjósatungan er um það bil 10 metra



Kort 12. Bíldsfell aðalkort

norðaustur af bæjarhólnum, austan við vegaslóðann sem liggur að Stöðlinum. Slétt tún.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12; Örnefnakort

ÁR-480:008 *Gamligarður* garðlag 64°03.569N 21°00.634V
“... þar sem heygarðurinn var, austur af fjósinu [007], heitir Gamligarður. Sést víða móta fyrir honum ennþá Sunnan til í honum voru hesthús, sem enn mótar fyrir”, segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning ekki þekkt, hnit tekin um 20 metra austur af 007, í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12

ÁR-480:009 heimild um hesthús 64°03.560N 21°00.596V
“... þar sem heygarðurinn var, austur af fjósinu [007], heitir Gamligarður. Sést víða móta fyrir honum ennþá Sunnan til í honum voru hesthús, sem enn mótar fyrir”, segir í örnefnalýsingu. Hnit tekin 20 metra austur af 007, við 008 í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12

ÁR-480:010 *Harðhaus* heimild um hesthús 64°03.544N 21°00.657V
“Balinn fyrir norðan götuna, móts við Fjósatungu, heitir Harðhaus. Þar stóð hesthús samnefnt, nú er það sléttan í hól”, segir í örnefnalýsingu. Sex metra norðvestan við bæjarhólinn, 001, við götuna út í Stöðulinn í túnjaðrinum. Þegar átt var við túnjaðarinn fyrir nokkrum árum komu upp steinar.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12; Örnefnakort


ÁR-480:011 *Barnhóll* þjóðsaga um legstað 64°03.587N 21°00.634V
“Efst á Harðhaus er hóll, er nefndist Barnahóll. Voru munnmæli, að þar væri Þorgrímur Bíldur heygður, en það er á engum rökum byggt”, segir í örnefnalýsingu. Áberandi hóll 10 metrum norðvestur af Harðhausnum, í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12; Örnefnakort

ÁR-480:012 heimild um rétt 64°03.605N 21°00.646V
“Norðan undir Harhaus er Harðhauslág, en efst í túnhorninu austan við túngarðinn er Réttarflót. Hafði þar verið rétt, áður en sléttan var túnið og fært út”, segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning ekki ljós, hnit tekin um 20 metra norðaustan við Harðhausinn, í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12

ÁR-480:013 garðlag túngarður 64°03.449N 21°00.922V
 "Norðan undir harhaus er Harðhauslág, en efst í túnhorninu austan við túngarðinn er Réttarflöt. Hafði þar verið rétt, áður en sléttáð var túnið og fært út", segir í örnefnalýsingu. Stór hluti túngarðsins er enn sýnilegur að vestan og norðan verðum hluta gama túnsins. Liggur frá læknum til norðurs eftir túninu og beygir til austurs um 100 metra sunnan við Stöðulinn og hverfur svo 40 metrum vestan við vegaslóðann norður á Stöðul. Garðurinn er um 500 metra langur, og nokkur heillegur þó hleðslur séu nokkuð útfylltar.



Hættumat: hætta vegna umgangs
 Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12

ÁR-480:014 garðlag kálgarður 64°03.540N 21°00.838V
 "Meðfram fjallinu milli beggja túngarða voru Flatirnar. Fyrir þeim miðjum var Grásteinn, en fyrir vestan hann gamlar leifar af kálgarði, en upp af þeim rústum heita Fjallbrekkur", segir í örnefnalýsingu. Um það bil 150 metra suðvestur af bæjarhólnum, 001, upp við túngirðinguna eru leifar af kálgarði. Grýttur mói við túnendann. Garðurinn er 11,5x11 að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,3m. Garðurinn er 10x10 að innanmáli,

grjóthlaðinn og op eða gat virðist vera í hleðslunum að suðaustanverðu

Hættumat: hætta vegna umgangs
 Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13; Örnefnakort

ÁR-480:015 heimild um fjárhús 64°03.545N 21°00.785V
 "Syðst á Flötunum nefnist Háhryggur. Þar var hrútakofi, þar er nú sléttur hóll", segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning ekki ljós, hnit tekin norðvestur af Nautakofanum, um það bil 30 metra vestur af 001, bæjarhólnum í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs
 Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13

ÁR-480:016 Nautakofi heimild um fjós 64°03.526N 21°00.755V
 "Fyrir vestan lækinn, undir brekkunni, var Nautakofi, og þaðan lágu traðir niður í lækinn. Þar er nú sléttáður hóll, en flötin fyrir vestan lækinn hér Nautakofaflöt", segir í örnefnalýsingu. Í túninu um 30 metra suðvestur af bæjarhólnum, 001, eru tveir staurar og kaðall milli þeirra. Nautakofinn var sennilega staðið nálægt staurunum, tveir hólar sitt hvoru megin við þá.

Hættumat: hætta vegna umgangs
 Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13; Örnefnakort

ÁR-480:017 heimild um traðir 64°03.476N 21°00.789V
“Fyrir vestan lækinn, undir brekkunni, var Nautakofi, og þaðan lágu traðir niður í lækinn”, segir í örnefnalýsingu. Um það bil 30 metra suðvestur af bæjarhólnum, um það bil 25 metra suðvestur af heimreiðinni. Tún, vegur og ósléttur grasbali.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13

ÁR-480:018 *Vesturhesthús* heimild um hesthús 64°03.510N 21°00.735V
“Fyrir vestan lækinn, undir brekkunni, var Nautakofi, og þaðan lágu traðir niður í lækinn. Þar er nú sléttáður hóll, en flötin fyrir vestan lækinn hét Nautakofaflót. Syðst á henni, vestast, er Vesturhesthús við veginn, en upp af því er Háhryggslág”, segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning ekki þekkt, hnit tekin við túngirðinguna, um það bil 75 metra suðvestur af 001, bæjarhólnum í sléttu túni. Líklega sama og 004.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13

ÁR-480:019 *Vestastahús* heimild um fjárhús 64°03.471N 21°00.868V
“Fyrir vestan Háhryggslág heitir Útgræðsla. Nær hún yfir allt lága túnið út undir gil. Þar var áður mói. Upp af henni, næst næst, Háhryggslág, er Kinn. Nær hún vestur að Fjárhúsdal, en fyrir vestan Fjárhúsdalinn kemur Fjárhústún. Þar voru þrjú fjárhús: Vestastahús, Nýjahús og Kumlhús. Þar stendur nú fjárhús með hlöðu.”, segir í örnefnalýsingu. Líklega á svipuðum sama stað og 003.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13; Örnefnakort

ÁR-480:020 *Nýjahús* heimild um fjárhús 64°03.460N 21°00.869V
“Fyrir vestan Háhryggslág heitir Útgræðsla. Nær hún yfir allt lága túnið út undir gil. Þar var áður mói. Upp af henni, næst næst, Háhryggslág, er Kinn. Nær hún vestur að Fjárhúsdal, en fyrir vestan Fjárhúsdalinn kemur Fjárhústún. Þar voru þrjú fjárhús: Vestastahús, Nýjahús og Kumlhús. Þar stendur nú fjárhús með hlöðu.”, segir í örnefnalýsingu. Líklega á svipuðum sama stað og 003.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13; Örnefnakort

ÁR-480:021 *Kumlhús* heimild um fjárhús 64°03.450N 21°00.879V
“Fyrir vestan Háhryggslág heitir Útgræðsla. Nær hún yfir allt lága túnið út undir gil. Þar var áður mói. Upp af henni, næst næst, Háhryggslág, er Kinn. Nær hún vestur að Fjárhúsdal, en fyrir vestan Fjárhúsdalinn kemur Fjárhústún. Þar voru þrjú fjárhús: Vestastahús, Nýjahús og Kumlhús. Þar stendur nú fjárhús með hlöðu.”, segir í örnefnalýsingu. Líklega á svipuðum sama stað og 003.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 13; Örnefnakort

ÁR-480:022 *Stöðulinn* örnefni kvíar 64°03.660N 21°00.8639V
“Fyrir sunnan götuna, sem liggur upp á Stöðulinn, heitir Fjósatunga, efst í henni var fjósið [007] til forna ...”, segir í örnefnalýsingu. Stöðulhúsin, gömul steypt fjárhús,

standa um 100 metra norðnorðvestur af bænum, fast undir Bíldsfellinu, um 40 metra vestur af vegaslóðanum sem liggur áfram til norðurs að Soginu, í sléttu túni. Heimilisfólk í Bíldsfelli man ekki eftir tóftum á þessum stað áður en húsið var byggt en kvíarnar gætu hafa verið færkvíar.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12; Örnefnakort

ÁR-480:023 gata leið 64°03.548N 21°00.6049V
“Fyrir sunnan götuna, sem liggur upp á Stöðulinn, heitir Fjósatunga, efst í henni var fjósið [007] til forna ...” “, segir í örnefnalýsingu. Fjósatungan er um 10 metra norður af 001, og hefur gatan sennilega legið á svipuðum stað og vegaslóðinn liggur nú upp á Stöðulinn og síðan norður í Sogið. Vegaslóði og slétt tún.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 12

ÁR-480:024 heimild um rétt 64°03.717N 21°00.5019V
JÁM: “Betalast með því XL álnir, að ábúandi skal heim á jörðinni meðtaka á vori og á afréttina undir hengli reka geldinaut stólsins og þeim aftur að hausti safna til nautarjettarinnar að Bítsfelli.” “Munnmæli um þessa nautarétt heyrði ég, þegar ég var á Bíldsfelli, en ekki bar mönnum saman, hvar hún hefði verið. Sumir sögðu, hún hefði verið í Glámugili”, segir í örnefnalýsingu. Glámugil er um 300 metra norður af 001, bæjarhólnum, þar sem 2 vegaskorningar mætast, það er leiðin norður að Sogninu og vegurinn sem kemur austan af túnumum.

Gilið er grýtt kvos í fjallinu og neðan þess eru nokkrir lausir steinar en ekki er að sjá hleðslulag á þeim. Heimildarmaður man ekki eftir að þarna hafi verið tóft

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM II, 378; Ö-Bíldsfell, 9; Örnefnakort

ÁR-480:025 *Seljamýri* örnefni sel 64°03.887N 21°00.2459V
“Hlíðin: Er fyrir vestan Fjallaskarð. ... þar sem hlíðin er hæst heitir Háþúfa ... Vestan til, spölkorn vestar er Háþúfa, og brekkan vestan undir því heitir Hábergsbrekka. Niður af henni, meðfram ánni, er Seljamýri”, segir í örnefnalýsingu. Seljamýrin er um 100 metra suðvestur af heimreiðinni heim að Bíldsfelli. Þýfður grasi gróinn og mosa vaxinn bali. Mýrin gæti dregið nafn sitt af selinu, 046, þó er það langt á milli að réttast er að skrá báða staði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 14; Örnefnakort

ÁR-480:026 gata leið 64°03.993N 21°00.3279V
“Bak við Klifið [austur af Fjallsenda] er Klifsbrún. Gengur hún út úr Fjallsendanum fyrir norðan Fjallsendalág, en austan í Fjallinu fyrir neðan Klifið heita Klifbrekkur. Eru þær fyrir vestan götuna, þá er farið er milli Fjárklefts og Klifs”, segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur frá húsunum (40) norður upp klettana, og að vörðunum tveimur og þaðan liggja vegaslóðar til allra átta.

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 16

ÁR-480:027

tóft af býli


64°04.951N 20°59.8979V

“Við merkin milli Bílsfells og Úlfhljótsvatns. “Sunnan í Löndunum er Landhóll, en Landgil syðst. Kemur það ofan úr landbrúnum og rennur austur í Sog. Fyrir norðan það, austur undir Soginu, er Bryggjutún. Sagan segir, að þar hafi í fyrndinni verið bær, en mjög snemma hefir hann lagzt í eyði, því mjög eru tóftir hans óljósar”, segir í örnefnalýsingu. Þrjá metra suðvestur af veginum, sem liggur til suðurs eftir að komið er framhjá brúnni við virkjunina, um 10 metra norður af vatnspolli nokkrum sem er fast við veginn. Þýfður mói.

Tófin er mjög óglögg, ekki nema 5x5 að utanmáli, og um 4x4 að innamáli engar hleðslur sjáanlegar en ljóst er að ef þarna hefur verið býli hefur tóftin verið mun stærri áður eða bæjarhúsatóftin er horfin og aðeins útihúsatóft er sjáanleg.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 17; Örnefnakort

**ÁR-480:028**


beitarhúsatóft

64°04.444N 21°00.212V

“Hamrar: Fyrir sunnan landbrúnir eru Hamrarnir. Norðan undir þeim er slacki, er nefnist Gráulág. Vestan í Hömrúnunum er Hamrabrekka. Þar byggði Jón bóndi Sveinbjörnsson beitarhús”, segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru í halla um 20-25 metra vestur af 030. Slétt hallandi tún. Húsið hefur að hluta verið grafið inn í brekkuna. Tóftin opnast til suðurs, hún er 14x11 að utanmáli en 12x9 að innanmáli. Við innganginn eru hleðslur nokkur greinilegar og einnig sjást þær á suðurhlíðinni en að norðanverðu eru veggirnir illgreinanalegir

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 17; Örnefnakort

**ÁR-480:029**

gata leið

64°04.454N 21°00.216V

“Norðan til í Hamrabrekunni er Hamralág. Eftir henni liggur heygatan upp í Lönd”, segir í örnefnalýsingu. Liggur meðfram bitarhúsunum, 028, og svo áfram til norðurs eftir hlíðinni vestan í Hömrúnunum. Sléttur grasbali.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bíldsfell, 17

ÁR-480:030 varða

64°04.446N 21°00.181V


Varða er ofan á Hömrúnunum, 80 metra norðvetur af 031 og 50 metra norður af 028 á grýttu holti. Hún er 1,1 m. á hæð og 1,3 m. á breidd og standa hleðslurnar nokkur heilar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 17

ÁR-480:031 Borgarhús fjárhústóft

64°04.412N 21°00.071V



"Norðan til í Hamrabrekkunni er Hamralág. Eftir henni liggur heygatan upp í Lönd. Suður af Hömrúnunum eru Láguhamrar. Þar sem þeir byrja byggðu synir Jóns Sigurðssonar geysimikla fjárborg úr feiknastórum björgum. Hefir hún verið byggð snemma á 19. öld. Síðar byggði Ögmundur Jónsson þar fjárhús, er nefndust Borgarhús og tók smærra grjótíð ofan af broginni og hafði í húsin. Voru þar hýstir sauðir á vetrum, en stekkatún á vorum", segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin eru um 40 metra norðvestur af Sakkagilinu, og um 6-800 metra vestur af sumarbústaðnum undir Hömrúnunum á þýfðum grasbala.

Syðst er garðbútur sem liggur í norðvestur og er smávegir sveigja á honum og svo beygir hann til norðvesturs alls um 42 m langur. Norðurendi hans genur saman við vegg sem er suðaustur hlið af nokkur greinilegu hólf sem er alls um 10x8 að innanmáli og opnast það inn í annað hólf alls 10x6 að innanmáli. Austan við það hinu megin við garðinn er annað hólf 8x8 að innanmáli. Allir veggir þessara hólfa og garðurinn eru grjóthlaðnir. Vestan við nyrsta hólfíð er smá torfveggur, um 8-9 metra

langur og myndar hann hólf við vestur vegg nyrsta hólfsins og er þar hólf um 5x5 að innanmáli en þar er ekki lokað til suðausturs. Rétt suður af því er svo beitarhúsatóftin um 6x10 að utanmáli, 9x4 að innanmáli og opast hún til suðvestur og er enginn veggur á þeirri hlið. Þar sem beitarhústóftin er innan veggja fjárborgarinar er allt skráð saman en ekki er ljóst hvar heystæðið var. 032, gæti verið litla hólfid norður af beitarhúsatóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 17; Örnefnakort

ÁR-480:032 heimild um heystæði 64°04.364N 21°00.121V
“Þar [031] var heykuml byggt, og af hleðslunni hafði myndazt túnblettur”, segir í örnefnalýsingu. Ekki er að sjá heykums nein staðar nema ef væri hluti af tóft 031.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 17

ÁR-480:033 heimild um fjárskýli 64°04.130N 20°59.842V
“Sökk. Suður af Klifskógi er djúpur mýrarslakki, er nefnist Sökk. Fyrir austan hana er Sakkargil. Það er djúpt norðan til, milli Klifskógar og Láguhamra, en grynnkar fyrir austan Stökk, og beygir þar til austur út í Sogn. Sunnanverðu við Sökk er Sakkarbrún, allbrött og kjarrvaxinn. Eftir henni liggr heygata upp á blettinn. Á henni er ævagömul borgarrúst, lyngi vaxin.”, segir í örnefnalýsingu. Sakkabréður er öðruhvorumegin við vegaslóðann sem liggr norður að Sogninu suðaustan við mynni gilsins er lyngi vaxið svæði og vegur og er ekki hægt að greina borgarrústina þar.

Hættumat: hætta vegna gróðurs

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 18

ÁR-480:034 gata leið 64°04.126N 20°59.840V
“Sökk. Suður af Klifskógi er djúpur mýrarslakki, er nefnist Sökk. Fyrir austan hana er Sakkargil. Það er djúpt norðan til, milli Klifskógar og Láguhamra, en grynnkar fyrir austan Stökk, og beygir þar til austur út í Sogn. Sunnanverðu við Sökk er Sakkarbrún, allbrött og kjarrvaxinn. Eftir henni liggr heygata upp á blettinn. Á henni er ævagömul borgarrúst, lyngi vaxin”, segir í örnefnalýsingu. Sakkabréður er öðruhvorumegin við vegaslóðann sem liggr norður að Sogninu suðaustan við mynni gilsins er lyngi vaxið svæði og vegur. Slóðinn sést ekki að austanverðu en hinu megin við lækinn hjá sumarbústaðnum sést slóðinn greinilega.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 18

ÁR-480:035 stekkjartóft

64°04.266N 20°59.681V

“Stakkarbrún lækkar austur eftir. Við norðausturenda hennar er myðarblettur, sunnanverður við Sakkagil, er nefnist Gamlatún. Þar var stíð, áður en stekkatúnið var



flutt í Borgarhúsin”, segir í örnefnalýsingu. Tvo til þrjá metra norðvestur af vegaslöðanum sem liggar norður að Soginu, beint austur af vörðunni, 069. Tóftin er á sléttum vallendisbala sem er á köflum vaxin lyngi.

Tóftin er nokkuð greinileg þó gömul sé. Aðalhólfið hefur verið 4x2,5 að innanmáli, opnast til austur og vesturs en það er sennilega götuslóði sem

hefur legið í gegnum tóftina. Norðnorðaustan við það er stærra ógleggra hólf, 6,5x3,5 að innanmáli. Norðurhlutinn er nokkuð ógreinilegur og nær upp í brekkuna þar sem hann er lyngi vaxinn. Vestan við hann er lítið og ógreinilegra hólf, um að bil 1x1 að innanmáli, tóftin alls 11x9 að utanmáli.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 18

ÁR-480:036 þúst

64°03.786N 20°59.503V

“Tóftarmýri liggur meðfram Soginu, sunnan við Nesheiðina. ... Tóftarmýrlækur rennur úr holtinu út í Sogið, en Tóftin, sem mýrin dregur nafn af, er gamall Stakkarður, tóftarbúst, vestan til í mýrinni”, segir í örnefnalýsingu. Vestan í mýrinni er mjög þýfður mói, þar er þústarbakki, 3 metra langur og 1,5 metrar á breidd, sem gæti verið gamli garðurinn, um 25 metra norðvestur af Soginu í þýfðri móamýri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 19; Örnefankort

ÁR-480:037 Stekkjarlág örnefni stekkur 64°03.897N 21°00.044V

“Stekkjarlág: er fyrir vestan Nesheiðina, slétt vallendisflót meðfram Stekkjarlágargili, sem tekur sig upp á Melunum sunnan undir Fjallinu, og rennur suður í Sog”, segir í örnefnalýsingu. Stekkjarlágargil liggur til austurs frá vegaslöðanum norður í Sogið, norðaustur af Stöðlinum. Lágin er graslend vallendisflót. Ef stekkur hefur verið á þesum slóðum er ekki ólíklegt að hann hafi staðið upp við Vörðuhólinn, ef til vill verið hlaðin úr lausagrjótinu sem er þar um allt en hrunið og tóftin orðið ógreinanleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 19-20; Örnefnakort

ÁR-480:038 *Vörðuhóll* örnefni 64°03.895N 21°00.970V
 "Vörðuhóll heitir grjóthóll milli Nesheiðar og Stekkjarlágar, en við fjallgarðshornið er Fjárklettur. Uppi á honum er grastorfa og leifar af skjógarði. Var þar gefið fé á gadd í fornöld", segir í örnefnalýsingu. Vörðuhóllinn er 50 metra austur af vegaslóðanum norður í Sogið, norður af Stekkjarláginni. Engin varða er á hólnum.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Bíldsfell, 20;

Örnekort

ÁR-480:039 garðlag

64°04.028N 21°00.363V

"Vörðuhóll heitir grjóthóll milli Nesheiðar og Stekkjarlágar, en við fjallgarðshornið er Fjárklettur. Uppi á honum er grastorfa og leifar af skjógarði. Var þar gefið fé á gadd í fornöld", segir í örnefnalýsingu. Um það bil 50 metra norður af tóftunum, 040, gengið eftir götunni upp á háan stall og þar er þessi hleðsla sem nær yfir stærstan hluta stallsins. Lítill grasi gróinn bali. Garðurinn er alls um 14 metra langur og er L laga.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 20


ÁR-480:040 3 tóftir

fjárhús

64°03.928N 21°00.309V

"Fremriklettur heitir víðáttumikill klettur, rétt fyrir sunnan Fjárklettinn. Tóftir nefnist grastorfa með nokkrum fjárhústóftum", segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin er upp á klettinum, um það bil 20 metra vestur af vegaslóðanum sem liggur norður eftir Bíldsfellinum og að Sogninu. Grasi gróinn en blásinn bali, allur í galla og þó nokkur af grjóti.

Norðvestast er nýlegasta tóftin, þriggja hólfu fjárhústóft 9x11 að utanmáli. Hlaðan sem er vestast er 3x1 að innanmáli og hin tvö hólfir eru bæði 5x2 að innanmáli og opnast til suðausturs. Í hlöðunni má mest sjá 5 umför af hleðslum, minna í



hinum hólfunum. Um 15 metrum austan við hana er eldri ógleggri tóft, smá grjót sýnilegt í hliðinum að innan, en tóftin er 2,5x5 að innamáli en 4,5x7 að utanmáli. Níu metra suðvestur af þeirri tóft er enn ógleggri tóft, U laga og aðeins sést einföld grjóthleðsla, ekki sést móta fyrir vesturvegg. Tóftin um 5x2 að innamáli en 6,5x3,5 að utanmáli.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 20; Örnefnakort

ÁR-480:041 *Ferjuholt örnefni ferja* 64°03.614N 20°59.603V
“Ferjuholt heitir heiðarholtið fyrir vestan Teigsflatarmýri [meðfram Soginu]”, segir í örnefnalýsingu. “... en hinn fimmti [ferjustaður] var frá Bíldsfelli gegnt Ásgarði.” Samkvæmt Örnefnakorti er Ferjuholtið langt frá Soginu þar sem nú er slétt tún, sunnan við veginn sem liggur frá heimreiðinni við syðra nýjahúsið í B og upp að 024. Slétt tún þar sem holtið er og ekki víst hvar ferjustaðurinn hefur verið.

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 21, SB III, 254; Örnefnakort

ÁR-480:042 *Austurklettar þjóðsaga* 64°03.6564N 21°00.402V
“Vestan við Vondaþýfi og Teigsflatamel er Blekskjónugil, sem áður er getið. Fyrir vestan gilið eru Austurklettar ofan til, og sáust þar oft ljós til forna”, segir í örnefnalýsingu. Beint norður af braggamyndaðri hlöðu, um 300 m norðaustur af bæjarhólnum, 001.

Heimildir: Ö-Bíldsfell, 21

ÁR-480:043 *heimild um áveitu* 64°03.323N 21°00.694V
“Beint í suður frá Bílsdfelli er Heiðin, vestur af henni Harðivöllur. Þar var áveituengi í fornöld”, segir í örnefnalýsingu. Harðivöllur er við hesthúsið, 2 m suður af heimreiðinni niður að nýrri bæjarhúsunum í B. Grasi vaxinn vallendisbali og blaut myri. Nú er framræsluskurður á þessum stað, meðfram veginum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 23

ÁR-480:044 *gata leið* 64°02.898N 21°02.228V
“Tungan milli vagnvegarins og götunar að Hlíð heitir Gatnatunga, suður af Össurshól. Vestast í henni sjást mjög gamlar leifar af seltóftum, lynggrónum”, segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur vestan í Össurahól og Hábergi í átt að Hlíð, í þýfðu og lyngi vöxnu mólendi. Í raun eru tveir götuslóðar frá sumarbústaðnum undir fellinu sést gatan greinilega undir hlíðinni en síðan greinist hún í tvær samhliða götur, þær efri grónari og sennilega eldri.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 23; Örnefnakort

ÁR-480:045 *vegur leið* 64°02.893N 21°01.800V
“Tungan milli Vagnvegarins og götunar að Hlíð heitir Gatnatunga, suður af Össurshól. Vestast í henni sjást mjög gamlar leifar af seltóftum, lynggrónum”, segir í örnefnalýsingu. Vegurinn liggur til að byrja með samhliða heimreiðinni að Bíldsfelli en sveigin svo til vesturs heiman við Tunguána. Fer sennilega yfir ána við

Smiðjuvaðið og heldur síðan samhliða þjóðveginum í átt að Hlíð. Þýft og lyngi vaxið mólendi meðfram veginum á stærstum hluta hans.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 23


ÁR-480:046 seltóft

64°03.057N 21°02.317V

“Tungan milli vagnvegarins og götunar að Hlíð heitir Gatnatunga, suður af Össurshól. Vestast í henni sjást mjög gamlar leifar af seltóftum, lynggrónum”, segir í örnefnalýsingu. Fylgja götuslóðanum, 044, frá sumarbústaðnum og fylgja eldri slóðanum eftir að þeir greinast í sundur. Um 100 metra austur af landamerkjunum við Hlíð og um 40 metrum norður af slóðanum eru mjög óglöggar og lyngi vaxnar seltættur. Tóftin er í lyngi vöxnu þýfðu mólendi.

Tóftirnar eru mjög ógreinilegar, sérstaklega vegna þess hve gamlar þær eru og lyngsins. Það er samt greinilega tóft á þessum stað, hún er um það vill 10 metra löng og 7-10 metra breið. Norðvestan við hana eru ef til vill fleiri tóftir, ógreinilegar, gætu einnig verið þúfur.

Hættumat: hætta vegna gróðurs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 23




ÁR-480:047 Gömlugrafir heimild um mógrafir 64°03.439N 21°00.579V
“Beint niður undan bænum, við Jarðföllinn eru Gömlugrafir, en Mórinn kallast svæðið, þar sem nú er tekinn upp mór”, segir í örnefnalýsingu. Um það bil 80-100 metra austur af bæjarhólnum, 001 er dæld í túnið mörkuð af skurði og hafa mógrafrnar sennilega verið þar að sögn heimildarmanns. Þar er nú tún og skurður.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 23

ÁR-480:048 Mórinn heimild um mógrafir 64°03.423N 21°00.779V
“Beint niður undan bænum, við Jarðföllinn eru Gömlugrafir, en Mórinn kallast svæðið, þar sem nú er tekinn upp mór”, segir í örnefnalýsingu. Túnið milli lækjarins þar sem rafstöðin er, gilsins og svo lækjarsins þar sem garðurinn, 056 er, suðvestan við heimreiðina heim að gamla bænum, 001. Þar er nú slétt tún.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Bíldsfell, 23; Örnefnakort




ÁR-480:049 tóft 64°03.455N 21°00.926V
Lítill tóft er til vesturs út úr túngarðinum, fjóra til sex

metra norður af 065 í þýfðum bala. Tóftin er mjög óglögg, 2,5x3 metrar að utanmáli og hleðslur eru 0,2 metrar að hæð og því mjög útflettar, tóftin er 2x2 metrar að innanmáli og opnast til suðsuðausturs, túngarðurinn er norðausturveggur tóftarinnar.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:050 heimild um hesthús 64°03.552N 21°00.804V
Nálægt fimm metra vestur af túngarðuinum var lítið hesthús byggt utaní stóran jarðfastan Stein undir Bíldsfellinu í grýttum og moldarsorfnum túnjaðrinum Heimildarmenn muna eftir húsunum, bakið var bárujárnsklætt.

Hættumat: engin hætta



ÁR-480:051
 tóft
 64°03.504N
 21°00.973V
 Aðhald er
 vestan við
 túngarðurinn,
 nálægt
 kálgarðinum,
 014, þar sem
 túngarðurinn
 og fornleif
 066 mætast er
 hlaðið lítið
 aðhald uppi
 við stóra
 jarðfasta
 steina í
 þýfðum móa.
 Tóftin er 8x6

m að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,4 m. Í raun eru vestur og suðurveggir tóftarinnar hlutar af túngarðinum annarsvegar og hleðslu 066 hinsvegar, jarðfastur steinn gegnir hlutverki norðurveggjarins en hlaðið hefur verið að austanveður til að mynda smávegis aðhald.


Hættumat: engin hætta

ÁR-480:052 þjóðsaga um legstað 64°03.293N 21°01.191V
Í austurhlíðum Bíldsfellsins, milli sumarbústaðanna komu upp hellusteinaraðir þegar vegurinn heim að bænum var gerður, steinar sem voru greinilega annarsstaðar frá. Árni Þorvaldsson á Bíldsfelli hafði eftir föður sínum að þetta hafi verið kallaðar Dysjar og að einhverjur hefðu verið dysjaðir þarna. Staðurinn um 20 metra vestur af veginum heim að bæjunum í Bíldsfelli. Milli sumarbústaðanna er gróinn melur.

Hættumat: engin hætta

ÁR-480:053 varða 64°04.370N 20°59.986V
Um 60 metra suðaustur af 031 og 150 metra norður af summarbústaðnum í Sakkagilinu er varða á grýttu holti. Hún er 1,5 m á hæð og 1,2 m á breidd. Nokkuð einkennileg varða og þarf ekki að vera mjög gömul. Undirstaðan eru tveir mjög stórir steinar og svo hefur verið hlaðið ofan á þá, efst er aflangur stór hnnullungur sem er stungið ofan í vörðuna og lítur út eins og spjót standi upp úr henni.

Hættumat: engin hætta

ÁR-480:054 tóft 
64°04.086N 21°01.471V
Lítil tóft sem gæti verið af smalakofa er um 40-60 metra suður af Heiðartjörninni og um 15 metra vestur af girðingunni sem gengur frá Heiðartjörninni upp í Bíldsfellið að vestanverðu, á grýttu barði. Tóftin er hlaðin úr grjóti, opnast til norðurs og er nokkur hrunið úr veggnum tóftarinna við opið, að innanmáli er tóftin er aðeins 1x2 en að utanmáli 2,5x2 m og er hleðsluhæð um 0,7 metrar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-480:055 þúst 64°03.661N 21°00.632V
Lítil þúst er um 60-65 metra neðan, austan, við Stöðulinn og 30 metra austan við götuna sem liggur norður í Sognið á þýfðum móa. Líklega leifar af tóft á um 7x4 metra svæði, ekki hægt að greina nákvæmlega hvernig hún leit út.

Hættumat: engin hætta

ÁR-480:056 garðlag 64°03.495N 21°00.665V
Garðlag er í læk um það bil 230 metra suðaustur af 001, bæjarhólnum, og um 5 metra austur af heimreiðinni. Garðurinn er 15m langur og 1,2 m breiður og er hleðsluhæð mest um 3 metrar. Garðurinn liggur norður-suður, hann var hlaðinn um ári eftir að rafstöðin var tekin í gagnið, um 1913, til að fá meira rennsli í bæjarlækinn. Hlaðið var þarna fyrir lækinn og skurður veitti farveginum þangað. Nú rennur lækurinn ofan við garðinn og áfram niður í gamla farveginum.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga

ÁR-480:057 heimild 64°03.526N 21°00.777V
Árni telur að tóft hafi verið á svæðinu suðvestan við bæjarlækinn, ofan við stífluna, nokkrum metrum austan við heimreiðina. Þar er þýfður grasbali. Engin merki sjást nú um tóftina.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:058 heimild um brunn 64°03.528N 21°00.679V
Brunnur var við bæjarlækinn, um það bil 10 metra suðvestur af 001, bæjarhólnum, og um fimm metra austur af heimreiðinni sem liggur fyrir ofan bæinn. Þýfðar brekkur niður að læknum. Uppsprettu sem rennur meðfram bæjarhólnum.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga

ÁR-480:059 heimild 64°03.534N 21°00.677V
Hleðsla var til suðvesturs ofan við Fjósatungu, 007, sunnan við Harðhaus, þar sem
heimreiðin liggur nú kringum gamla bæinn, 001.
Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:060 heimild 64°03.527N 21°00.749V
Tóftarbrot voru í brekkunni vestan við 001, bæjarhólinn, að sögn heimildamanns þar sem nú er slétt tún.
Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:061 heimild 64°03.533N 21°00.645V
Steinaröð var upp milli hesthússin, Harðhauss, og Fjósatungunnar, þar sem vegurinn
upp á Stöðulinn er nú að sögn heimildamanns.
Hættumat: hætta vegna umgangs


ÁR-480:062 mannvirki rafstöð 64°03.478N 21°00.614V
Um 65 metra suðaustur af bæjarhólnum neðan við foss í bæjarlæknum eru leifar af elstu rafstöð í sveit á landinu að sögn heimildamanna. Við árbakkann, grösugt í kring um húsið en svo tekið túnið við.

Samkvæmt skjölum var rafstöðin tekin í notkun 28 febrúar 1912 en alltaf hefur verið sagt að nú hafi verið tekin í notkun 1911, ef til vill var hún eithvað notuð áður en tilvist hennar var skjalfest. Veggirnir standa enn, steyptir en þakið hrunið, ein stoð stendur enn. Flest af áhöldunum eru geymd í gamla húsinu og mun eithvað af því upprunalegt. Rafmagnið sem kom af henni dugði til að lýsa húsið og ná suðu á einni hellu. Þjóðminjasafnið hafði lýst yfir áhuga á að gera rafstöðina upp og halda henni við en enn hefur enginn komið og skoðað hana.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga

ÁR-480:063 renna áveita 64°03.407N 21°00.833V
Handgraflinn skurður liggar yfir mórinna frá garðinum, 056 og að bæjarlæknum fyrir ofan rafstöðin 062 þar er nú mói. Skurðurinn er 140 m. langur og um 1 m. á breidd.
Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:064 þúst 64°03.411N 21°00.847V
Upp við skurðinn, 063, um það bil 110 metra suður af 001, upp við túngirðinguna rétt



norðaustur af hliðinu eru nokkrar tóftarlegar þúfur í reglulegri röð á þýfðum grasbala. Svæðið er um 5x5 metrar en hleðsluhæð er um 0,1 m og eru þær mjög útflattar. Greinilegur veggur að norðvestanverðu en að austan eru nokkrar óreglulegar þúfur í beinni röð.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:065 hleðsla 64°03.405N 21°00.947V
 Hleðslan liggur út frá túngarðinum um það bil 30 metra suðvestur af heimreiðinni, fast við túngirðinguna 3 metra norður frá læknum í þýförum móa utan túnsins. Alls 20 metra löng og er hleðsluhæð 0,2 m. Hleðslan liggur frá læknum til norður svo til norðausturs samhliða gaddavírsgirðingunni og beygir svo til austus og sameinast girðinginni og svo túngarðinum.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:066 garðlag 64°03.448N 21°00.952V
 Um það bil 15 metra suðvestur af 003 gengur annar garður til norðvesturs út út túngarðinum, liggur í átt að klettabeltinu þar sem hann sameinast túngarðinum aftur við tóftina 051. Hann er um 65 m. langur, hleðslurnar um 0,7 á breidd og hleðsluhæð innan við 0,3 m.


Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-480:067 varða samgöngubót 64°04.227N 21°00.337V
 Upp á fellsendanum þar sem leiðin 026, kemur upp, vörðurnar, 67 og 68 marka svæðið þar sem fært er upp. Varðan er 1,2 m á hæð og 1 m. á breidd.

Hættumat: engin hætta


ÁR-480:068 varða samgöngubót 64°04.222N 21°00.394V
 Upp á fellsendanum þar sem leiðin 026, kemur upp, vörðurnar, 67 og 68 marka svæðið þar sem fært er upp, 028 er 10 metra vestur af 067. Varðan er 1m á hæð og 1,2 m á breidd.

Hættumat: engin hætta



ÁR-481 Tunga

12 hdr. 1545. (óþ. 1706, 30 hdr 1803, 20 hdr 1844, 30 1/3 hdr 1847) Skálholtskirkjueign frá 1553. 8.6.1545 gefur Alexius Pálsson Ólafi Árnasyni jörðina Tungu í Grafningi í Úlfþjótsvatnskirkjusókn metna á 12 hundruð þegar hann giftist Ragnhildi Þorsteinsdóttur. Þar er getið landamerkja: "Med þessvm landamerkivm. vr vikinne og j gardinn millvm bijtzfellz og tvngo. þadan or gardinvm og j melenn og fuglstapa þvfvna vpp á melnvm. þadan sionhending j smidivvad. þadan þvert yfer tungva og j ána gegnt eidzhvommvm. svo ofan epter ánne og aptur j storv ána. epter sogn mikels sandzsonar sem vissi til greindrar jardar vpp á lx är." - DI XI, 414-415. 5.4.1553 selur Ólafur Árnason Marteini Skálholtsbiskupi jörðina Tungu fyrir Hægindi




í Grímsnesi og gefur 2 hdr í milli - DI XII, 533-534. Í eyði frá 1926.

1706: "Túnunum grandar vatn úr brekku, sem gjörir jarðföll þau að, menn efast hvort bæta megi." JÁM II, 388. Túnið að mestu slétt. 1839: "landþróngt, heyskapur nægur." SSÁ, 182. 1918: tún 5,6 ha. "Vestast er túnið brött brekka, en suður frá bænum er aflíðandi brekka og neðan hennar túnflöt." Ö-Tunga, 2. "Þetta er sæmilega landstór jörð eða um 460 ha, að mestu leyti lyngmóar og lítilsháttar mýrardrög. Fjallendi er ekkert sem heitir getur. Hagar eru svo til algrónir, sæmilega grasgefnir og skjólgóðir." SB III, 279 sbr. Ö-Tunga, 2.

Heimildamenn: Guðmundur Þorvaldsson fæddur að Bíldsfeli 13.9.1953; Árni Þorvaldsson fæddur að Bíldsfelli 1959; Kristín Gísladóttir f. 28.4.1957; Steingrímur Gíslason fæddur að Torfastöðum 13.9.1953; Ársæll Hannesson fæddur að Stóra-Hálsi 13.9.1953.

ÁR-481:001 *Tunga* bæjarhóll bústaður 64°02.659N 21°00.005V



hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Tunga, 2

"Bærinn stóð syðst og vestast á sléttunni", segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn stóð um 4 m suðvestur af 002 og 200 m suður af núverandi íbúðarhúsi og er bæjarhóllinn sennilega óhreyfður. Tóftin er 28x28 að utanmáli en hleðsluhæð er mest 0,3. Að mestu leyti er ekki hægt að greina hleðslur. Samkvæmt frásögn Steingríms Gíslasonar bónda á Torfastöðum var stór hluti bæjarins úr timbri, þiljaður og er það ástæða þess hve lítið er af tóftum á bæjarhólnum og herbergjaskipan er ógreinanleg.


Hættumat:

ÁR-481:002 fjárhústóft

64°02.688N 20°59.988V

"Skammt austan við bæinn voru fjárhús, en austast á túninu stóð hesthús", segir í örnefnalýsingu. Um fjóra metra norðaustur af 001 og 200 metrum suður af íbúðarhúsinu stóð bærinn í sléttu túni.

Tóftin er alls 14x9 að utanmáli og er hleðsluhæð mest 1,3 m. Tóftin skiptist í 3 hólf. Norðaustast er heygarður alls 7x4 að innanmáli og nokkur grafinn niður og hlaðið uppmel, alls 1,3 m á hæð það sem hann er hæstur. Sunnan við hann er fjárhúsið, alls 7x8 m að innanmáli, 2 garðar skipta húsinu upp og hefur stærsta hólfíð verið í miðjunni milli garðanna en þróngt meðfram veggjum. Syðst í vesturveggnum er lítið hólf, 2x2 að innanmáli og hleðsluhæð mest 0,7 metrar. Sennilega verið trégafl á húsinu því efnar leifar sjást af gafli þar. Að sögn Steingríms Gíslasonar bónda á Torfastöðum var fjárhús þetta notað fram um 1943-4.




Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Tunga, 2

ÁR-481:003 hesthústóft

"Skammt austan við bæinn voru fjárhús, en austast á túninu stóð hesthús", segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin er um 140 metra norðaustur af bæjarhólnum, 001, fast við túngirðinguna í sléttu túni. Hesthústóftin er lítill, alls 5x7 að utanmáli og 3,5x3,5 að innamáli. Opnast til suðausturs. Tóftin er fast upp við girðinguna, og nýlega hefur verið byggt við tóftina, ein konar hestagirðing en þeim framkvæmdum er ekki lokið. Járnbak hefur verið á húsinu og liggja sperrur og bárujárn ofan í tóftinni.

64°02.774N 20°59.868V



Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Tunga, 2; Túnakort 1918

ÁR-481:004 Markvarða heimild um landamerki

64°03.293N 20°59.177V

"Mökin milli Tungu og Bíldsfells eru í Markavörðu á vatnsbakkanum í Markalág ...", segir í örnefnalýsingu. Marklág er þar sem nú er veiðihús við Sognið, beint niður af afleggjaranum niður á Sogninu. Um það bil 3-400 metrum suðaustur af fjárhúsunum. Malarvegur, hús og bílastæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Tunga, 1

ÁR-481:005 heimild um landamerki

64°03.2294N 20°59.213V

"Mökin milli Tungu og Bíldsfells eru í Markavörðu á vatnsbakkanum í Markalág, þaðan eftir markavörðum til útsuðurs yfir mýrarsundið ...", segir í örnefnalýsingu. Þar sem mörkin voru er nú að mestu tún til vesturs frá 004, veiðihúsini. Í túni. Guðmundur man ekki eftir vörðum þarna áður en túni voru búin til.

1545: Alexius Pálsson gefur Ólafi Árnasyni jörðina Tungu metna á 12 hundruð þegar hann giftist Ragnhildi Þorsteinsdóttur. Þar er getið landamerka: "Med þessum landamerkivm. vr vikinne og j gardinn millvm bijtfellz og tvngo. þadan or gardinvm og j melenn og fuglstapa þvfvna vpp á melnvvm. þadan sionhending j smidivvad. þadan þvert yfer tungva og j ána gegnt eidzhvommvm. svo ofan epter ánné og aptur j storv ána."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Tunga, 1; DI XI, 414-415

ÁR-481:006 *Smiðjuvað* heimild um vað 64°02.9674N 21°02.804V
"Frá áðurnefndu Smiðjuvaði er markalína milli Tungu og Hlíðar í beina línu í Geithamragilsbotn við Vesturá", segir í örnefnalýsingu. Smiðjuvað er nú á merkjum milli Hlíðar og Bíldsfells. Rafmagnslína er yfir ána við merkin og nýlegur jeppavegur þar við sem og merkjagirðingin. Þar var Smiðjuvaðið, um það bil 50 m norðvestur af þjóðveginum suður Grafninginn.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Tunga, 2

ÁR-481:007 hleðsla traðir 64°02.664N 21°00.008V
"Í suðvestur frá bæjarstæðinu liggja hlaðnar og grasigrónar Traðir að uppsprettulind, sem á upptök vestan við túnið", segir í örnefnalýsingu. Um það bil fimm metra suðvestur af bæjarhólnum, 001 byrja traðirnar og ligja síðan samhliða bæjarhólnum til suður og vesturs og þegar komið er framhjá honum liggja þær vestur að lindinni, í túni. Traðirnar eru mjög greinilegar, en á stöku stað er komið skarði í þær, alls 41 m. á lengd. 0,8 á breidd og er hleðsluhæð mest 0,4 m.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Tunga, 2, Örnefnakort

ÁR-481:008 heimild um fjárskýli 64°03.295N 21°59.195V
Fjárborg var rétt suðaustur af mörkunum milli Tungu og Bíldsfells við Markalágina. Vestur af vegaslóðanum sem liggur til suðurs meðfram Soginu. Í túni

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Örnefnakort

ÁR-481:009 náma mógrafir 64°02.810N 21°59.883V
Um miðja vegu milli hesthússins, 003 og Græutófta, 011, er gróin og blaut lægð, þar eru mógrafir. Sléttlend, mosa og grasi vaxin lægð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-481:010 heimild um ferju 64°02.863N 20°58.862V
"Hjer er ferjustaður og gefur stóllinn að Skálholti x aura fyrir sinn flutning. Ábúandinn á sjálfur og ábyrgist ferjuna, en so gjaldast ferjutollar af öðrum að alin kemur undir mann og hest, eður hest með klyfum, og er óvist hvort um árið verður meir eður minna."

"Neðan við túnið er all víðáttumikið myrlendi, sem kallast Tungumýri og nær niður að Tunguá, og meðfram henni austur að Ferjuholti en svo heitir allstórt

lyngivaxið móholt á bökkum Sogs rétt austan við Tunguá skammt þaðan sem hún rennur í Sognið. Eins og nafnið bendir til var þar ferjustaður yfir Sognið”, segir í örnefnalýsingu. Ferjustaðurinn var þar sem nú er veiðistaðurinn Tóftin. Þar sem vegurinn suður eftir Sogninu endar er smá útskot þar sem hægt er að leggja bílum, um 40 metrum sunnan við það er lítið hlið á girðingu og 5 metrum sunnan við það er veiðistaður sem heitir Tóftin, þar var ferjan. Óléttur mói.

Þarna var sjáanleg tóft lengi vel en skráningarmaður var ekki viss um að hægt væri að greina hana lengur. Nokkrar þúfur voru þarna á bakkanum sem gætu verið leifar af tóftinni, heimildarmaður sagði líklegt að tóftin gæti öll verið horfin ofan í Sogið en hlutar hafa verið að klípast af henni síðustu ár

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM II, 388, Ö-Tunga, 2, Örnefnakort

ÁR-481:011 *Grænuborgir/Grænutófir* tóft 64°02.886N 20°59.878V
 “Norðan og austan við túnið er Tunguheiði, nær hún til norðurs að Mjóasundi, en þar eru mörk milli Tungu og Bíldsfells. Mjóasund liggur með heiðarbrúninnu vestur að Útsundi austan frá Grænutóftarsundi, sem nær frá Mjóasundi niður að Tungumýri. Vestan Grænutóftarsunds og austast á Tunguheiði er grasivaxinn hóll, með leyfum af húsatóftum, sem nefnist Grænuborgir, sker hann sig vel úr umhverfinu fyrir hvað fagurgrænn hann er”, segir í örnefnalýsingu. Hólinn er fagurgrænn um 60 metra norður af mógröfunum. Grænn og gróinn hóll í miðjum móanum.



Svæðið er of lítið til þess að þar gæti hafa verið býli aðeins 5,5x3 að utanmáli, frekar stekkur eða fjárborg. Mjög gamalt og ógreinilegt en nopkkur greinanlegur veggur er að suðaustanverðu um 3 metra langur. Að vestanverðu eru fjórar þúfur eða leifar af hleðslum, ekki hægt að greina á milli en utan með þessu öllu er mjög ógreinilegar leifar af hleðslu.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Tunga, 3; Örnefnakort

ÁR-481:012 *Stöðull* örnefni kvíar 64°02.798N 21°00.088V
 “Ofan við túnið vestan við Tunguheiði er harðvellisbali, sem nefnist Stöðull”, segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Örnefnakorti er Stöðullinn norður og vestur af steypta húsinu sem nú er í Tungu á harðvellisbala og ekki sést til tóftar.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Tunga, 3; Örnefnakort

ÁR-481:013 *Útsundsgötur* gata leið 64°02.308N 21°00.788V
 “Útsundsgötur heita götutroðningar, sem liggja eftir Útsundsheiði frá Útsundi að Tunguá, rétt neðan við þar sem Heimaá sameinast Tunguá”, segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur yfir heiðina til suðurs að Tunguá og koma þær að Tunguá um 30 metra suðaustan við brúna á Heimaá. Djúpur götuskorningur í grýttu mólendinu.



Kort 14. Tunga aðalkort

Guðmundur man eftir því að þessar götur voru riðnar, slóðinn var djúpur og illur yfirferðar.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Tunga, 4; Örnefnakort

ÁR-481:014 Ytritunga heimild um mógrafir $64^{\circ}02.327N$ $21^{\circ}02.208V$
“Landið milli Heimaaár og Ytriár nefnist Ytritunga. Mér er ekki kunnugt um örnefni þar nema Svörtubakka, sem eru um miðbik Ytritungu á bökkum Ytriár. Þar var áður mótekja”, segir í örnefnalýsingu. Svörtubakkar eru þar sem Litlahálsáin kemur niður í Norðurá. Alls um fjögra metra hár bakki. Brattur bakki við ána og sverfur árin greinilega af. Stór stykki úr jarðvegi með grasrót efst lágu við ána. Mjög góðar og miklar Mógrafir voru á þessum stað, stungið beint niður. Að sögn Ársæls Hannessonar komu menn alla leið frá Eyrabakka eftir að bílaold hófst til að skera mó á þessum stað.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Tunga, 4; Örnefnakort

ÁR-481:015 heimild um útihús
Á túnakorti er merkt hús um 180 metra norður af bæjarholnum, 001, við enda túnsins, á svipuðum slóðum og nú er steypit íbúðarhús. Ekki ljóst hvað húsið hefur staðið nákvæmlega.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1928



ÁR-481:016 garðlag tungarður $64^{\circ}02.775N$ $21^{\circ}00.110V$
Leifar af tungarði sjást á um 70 metra parti vestan við við hesthúsið 003 og frá því er um 40 metra bútur sem liggur suðaustur túnið. Í túninu.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

ÁR-481:017 tóft $64^{\circ}02.786N$ $20^{\circ}59.822V$
10 metra austur af hesthúsinu, 003, er lítil tóft sem bygg hefur verið utan í tungarðinn, 017. Í túni. Tóftin er mjög lítil, en veggjabútar eru greinilegur út úr garðinum, báðir um 1,5 m á lengd og 1 m á breidd. Á milli þeirra er um 1 m. En ekki er hægt að sjá greinileg merki veggjar að austanverðu.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

ÁR-481:018 Bildsfellsvað heimild um vað $64^{\circ}02.315N$ $21^{\circ}00.743V$
Bíldsfellsvað mun vera þar sem Útsundsgötturnar eru við Tunguá um 30 m suðaustan við brúna á Heimaá, að sögn Steingríms Gíslasonar bónda á Torfastöðum

ÁR-482 Hlíð

20 hdr. 1524, 1706, 1839. 15 hdr 1627, 10 hdr. 1743. Bændaeign, Viðeyjarklausturseign 1395-1534. Fyrst getið 1395 og var þá 16 hdr jörð sem komist hafði undir Viðeyjarklaustur í tíð Páls ábóta 1380-1395 - DI III, 598. 12.10.1524 selur Helgi ábóti í Viðey Úlfljótsvatn með Hlíð, 20 hdr jörð, Arnbjörgu Stulladóttur fyrir jarðir að andivrði 64 hdr. DI IX, 247-248. 8.9.1567 hafði Steinunn Sighvatsdóttir gefið Önnu Guðmundardóttur dóttur sinni 10 hdr í Úlfljótsvatni, en Steinunn hafði erft 20 hdr í Úlfljótsvatni og 10 hdr í Hlíð, og var gjöf Steinunnar dæmd ólögleg - DI XV, 9-10. 30.3.1627 var Hlíð keypt fyrir 15 hdr. - AÍ IV, 218. 19.6.1743 selur sr. Vigfús Jóhansson Helgu Sigurðardóttur Hlíð, 10 hdr að dýrleika, fyrir 60 rdl in specie og 20 rdl croner - AI XIII, 175. 11.7.1755 lýsir Jóhann Vigfússon brigð á sölu Hlíðar og framboð peninga henni til lausnar so sem sínu óðali - AÍ XIV, 195. 1847. "Bærinn stendur í miðju túni móti suðaustri undir samnefndu fjalli sem nær frá Háafelli suður að Geitjamragili." SB III, 275. 1918: tún 5,84 ha, garðar 746 m2. 1839: "með líkum kostum og ókostum [og Litliháls: heyskapur hægur, vetrarþungt og snjósælt]" - SSÁ, 182. "Landstærð 900 ha, mest af því þurrlandis heiðarmóar með smá mýrarblettum og einu mýrarsundi sem Dælar heita. Vallendisblettir víða og voru þeir slegnir í fyrri tíð. ... Í brekkunum sem snúa á móti suðaustri er gott berjaland í hlýjum árum. Skógarkjarr er í Háafelli og við hamarinn suður undir Geithamragili. Mýrlendi er lítið en þó með mótaski. Erfitt var með slæjur og var heyskapur sóttur allt vestur í Hlíðardal." BS III; 275.

Heimildamenn: Sigurður Þorvaldsson fæddur 14.9.1954 kom að Hlíð árið 1990 og Ársæll Hannesson fæddur að Stóra-Hálsi 1.1.1929.

ÁR-482:001 *Hlíð bæjarhóll bústaður* 64°03.346N 21°04.036V
Gamli bærinn var vestan við hlöðuna (um 20 m) þarna er upprifið moldarsvæði og töluvert um grjót í moldinni má greina grjótraðir. Aflíðandi hæð sem búið erað sléttu úr að miklu leyti, þarna er í dag moldarsvað. Norðvestan við er tún en austan við er lækur og síðan óslétt tún.


Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-482:002 *Búhólskofi* tóft huldufólksbústaður 64°03.3319N 21°04.010V
"Vestan við Bæjarlækinn, þar sem hann rann áður, er Búhóll, á honum Búhólskofinn. Hann má aldrei eyðileggja. Ef það er gert þrifst ekki búskapur í Hlíð, því huldufólk á að búa í hólnum, sem hefur kofann til afnota", segir í örnefnalýsingu. Kofinn stendur enn í þýfðu túni eða túnrana milli tveggja lækja. Hann er 6x6 að utanmáli og hleðsluhæð er mest 1,2 m. Kofinn stendur undir þaki en virðist ekki gegna neinu sérstöku hlutverki. Það var opið inn í hann og í honum var smávegis rusl en annars var hann næstum tómur. Með V laga bárujárnsþaki.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Hlíð, 2; Túnakort 1918.



ÁR-482:003 heimild um útihús

64°03.3859N 21°03.756V

Um 200 metra suðaustur af 001 og um 6 metra vestur af heimreiðinni. Þarna er í dag sléttæð tún en á þessum stað má greina nokkuð af steinum í grasinu.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918.

ÁR-482:004 *Hesthúsbrekka* örnefni hesthús 64°03.421N 21°04.097V

“Bærinn Hlíð í Grafningi stendur móti suðaustri, túnið er nokkuð bratt, fyrir ofan bæ nefnist það Upptún. Norðast og efst í Uppitúninu er Hesthúsbrekka, hún var áður öll talin með túninu, en þegar túnið var girt, varð hún bæði fyrir utan og innan girðingu”, segir í örnefnalýsingu. Þarna sjást engar rústir í kring nema ef nafnið er dregið af tóft 007. Þarna er að hluta sléttæð tún en á þessu svæði og norðan girðingar taka við móar. Gæti verið sama og 002 eða 003.

Hættumat: hætta vegna umgangs


Heimildir: Ö-Hlíð, 1

ÁR-482:005 *Gamligarður* heimild um heygarð 64°03.380N 21°04.075V

“Rétt norðan við bæinn er Gamligarður, þar var áður heygarður”, segir í örnefnalýsingu. Norðan við bæinn er í dag annarsvegar slétt tún og hinsvegar bæjarhlæði og ekki sést til heygarðs þar.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Hlíð, 1

**ÁR-482:006** heimild um fjárhús
64°03.383N 21°03.639V

“Fyrir neðan heimreiðina er Niðurtúnið, efst nefnist það Hátúnið, en neðst Lágtúnið. Neðst á því er Fjárhúsbalinn, þar stóðu fjárhús frá aldaöðli, en hafa nú verið flutt upp á Stöðul”, segir í örnefnalýsingu. 60-70 metra suðvestan við 003. Við enda túnsins, um 10 metra norðan við bæjarlæk sem þarna rennur undir heimreiðina. Norðan við er rennislétt tún en sunnan/austan er mó nokkura metra að læknum.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Hlíð, 2

ÁR-482:007 fjárhústóft

64°03.479N 21°04.064V

Fyrir neðan heimreiðina er Niðurtúnið, efst nefnist það


Hátúnið, en neðst Lágtúnið. Neðst á því er Fjárhúsbalinn, þar stóðu fjárhús frá aldaöðli, en hafa nú verið flutt upp á Stöðul”, segir í örnefnalýsingu. Um 60 metra norðaustan við mörk túnsins og tæpum 200 metrum austan við 002 er fjárhústóft. Í aflíðandi þýfðri móahlíð, þýfður mói allt í kring. Tóftin er alls 19x27 að utanmáli og er hleðsluhæð mest um 1 m. Mjög greinileg tóft og tölувert um ryðgað bárujárn og spýtnabruk í henni. Greinileg fjárhústóft, hleðslur enn greinilegar að innanverðu, 2 eða 3 hólf.

Hættumat: hætta vegna
umgangs
Heimildir: Ö-Hlíð, 2

ÁR-482:008 útihúsatóft
64°03.320N 21°04.031V

Um 180 metra suðaustur af 001, í brekkubrún í þýfðu túni er hringlaga tóft 3x3 m. að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,5 m. Varla hægt að sjá veggi, staðsetningin og lögunun samt greinileg.

Hættumat: hætta vegna
umgangs




ÁR-482:009 lambhústóft

64°03.2570N 21°04.009V

“Ofan við Búhól og áfast við Búhólstúnið en svo nefndist vesturhluti túnsins, er Lambhústúnið og Lambhúsbalinn. Þar stóðu áður lambhús, enda eru þar upp af Lambhúshvammur og Lambhúslaut, sem talin eru upp í örnefnum utan túns”, segir í örnefnalýsingu. Suðvestan við Búghólslækinn eiginlega beint suðaustan við bæinn.

Mótatunga sem gegnur niður í rennislétt tún. Tóftin er 9x6 að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,6 m.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð, 2



ÁR-482:010 *Hlíðarhjáleiga* heimild um býli 64°03.199N 21°03.681V

“Hjáleiga hefur hjer ein verið fyrir innan 40 ár, en undir eður yfir 30 ár í auðn legið. Nafn hafði hún ekki víst það menn viti. Hvort skuldhæð hafi verið eður kúgildi vita menn ekki, nje heldur hitt, hvort landsdrottinn eður heimabóndi hafa þar skuldir tekið. Hitt vita menn, að ekki verður hjer aftur bygt jörðinni að skaðlausu” “Hjáleiguþýfi. þar er austan við blettinn, á milli Blettalækjar að vestan, en Berjaskarðslækjar að

austan. Það var stórbýft vallendi, en er nú orðið að sléttu túni. Þar var áður bær, og sást vel fyrir því, hvar hann hefur staðið, þar til nú fyrir nokkrum áður, að því var bylt í nýrækt. Ekki veit ég, hvenær sá bær hefur farið í eyði, en eins og nafnið á þýfinu bendir til, hét hann Hlíðarhjáleiga”, segir í örnefnalýsingu. Þarna er í dag stórt, fremur slétt tún, sem er kallað Hjáleigutún.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: JÁM II, 385; Ö-Hlíð, 4

ÁR-482:011 heimild um býli 64°03.371N 21°03.932V
“Önnur hjáleiga efast menn hvort hjer hafi að fornu verið, ætla þó verið hafa þar sem nú eru fjárhús heimabóndans. Rök til þess að menn meina so, eru fornar tóftaleifar, sem þar voru og aska fundin í jörðu, þá hjer voru sett fjáhrúsin. Hvort sem gátan er rjett eður röng, þá er ómögulegt hjer að byggja nema til skaða heimajörðinni, því alt liggur þetta byggingarstæði innangarðs, og má ábúandinn ei missa.” Hnit tekin 2 metra suður af núverandi íbúðarhúsi, ekki vita hvar bessi hjáleiga var.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: JÁM II, 386

ÁR-482:012 *Byrgi* tóft af fjárskýli 64°03.133N 21°04.020V
"Utastibletturinn. Hann afmarkast af Skálargili að sunnan, en Hamarslæk að norðan. Á honum eru þessi örnefni: Norðan við Skálargil er Byrgismýrin, norðan við hana er Byrgisvellið. Það nær að Hamarslæknum. Það er gömul tóft, sem heitir Byrgi", segir í örnefnalýsingu. Umhverfið í kringum Hamarslækinn er víðivaxið og mjög grýtt, ekki sáust neinar tóftir hjá læknum. Grýtt og gróðri vaxið svæði. Þar voru fráfærulömb geymd fyrstu dagana.

Hættumat: Ö-Hlíð, 5


ÁR-482:013 gata leið 64°02.514N 21°06.133V
“Hlíðarbrekkur. Neðan við þær er gatan, sem liggur út í Hlíðardal”, segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur um Kringluvatnsdalinn og á stöku stað má ennþá sjá merki hennar í móðanum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-482:014 þúst sel 64°02.854N 21°06.492V
"Selið. Þar er grashvammur nokkuð hátt suðvestan í Hlíðarfjalli gegnt dalnum. Þegar farið er norður Hlíðardal, hækkar hann brátt og verður allur óvistlegri en suðurendinn. Þar ber mest á uppblásnum börðum og moldargiljum, en nokkru eftir að hallar norður af, er komið á grasflöt ...", segir í örnefhnálysingu.

Í Kringluvatnsdalnum. "Sel frá Hlíð var norðan til í Hlíðardal utan í rótum Hlíðarfjalls, í valllendishvammi sem snýr móti suðvestri. Sést vel móta fyrir því enn." Selið var á grasbala austantil í dalnum, fyrir austan er mosavaxin hlíð en vestan aflíðandi hlíð niður í dalsbotninn. Þarna er fremur slétt og grasi gróið svæði. Ekki langt frá selinu frá Stóra-Hálsi um 20 mín gangur. Leifar selsins eru orðnar mjög ógreinilegar, þó vel megi sjá merki þeirra í landslaginu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð, 6; SB III, 246



Kort 16. Hlíð aðalkort

ÁR-482:015 *Prívörður* örnefni 64°04.401N 21°05.786V
“... Hnúkaheiðin. Hún er einnig á mörkum Hlíðar og Úlfhljóstvatns. Þegar hallar austur af henni, er brátt komið á Hnúkaflötina. ... Nokkru norðar, austan við Hnúkaheiðina eru Prívörðuflatir. Þær eru allstórar. Ofan við hana eru Hnúkarnir, á þeim eru vörður (Prívörður)”, segir í örnefnalýsingu. Prívörðuflatir eru sléttar flatir sem nái í norður-suður. Flatirnar eru grasi og lyngi vaxnar en austan og vestan við er grjót og melbornir ásar.

Heimildir: Ö-Hlíð, 7

ÁR-482:016 *Húsadalur* örnefni 64°03.480N 21°04.774V
“Húsadalurinn er allvíðáttumikill slakki upp af hlíðarbænum. Í norðvesturhorni hans eru Húsdalsbrekkurnar, sem nú er lítið eftir af annað en niðurbrotin moldarbörð”, segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást tóftir í brekkunum í dag. Húsdalsbrekkur eru aflíðandi móabrekkur og þar eru mikið um moldarbörð.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Hlíð, 7

ÁR-482:017 *Gudduvarða* heimild 64°03.330N 21°04.079V
“Gudduvarða. Hún er sunnan við Búhólsána og sést frá bænum”, segir í örnefnalýsingu. Engin varða sést frá bænum í dag og ekki er vitað hvað hún var nákvæmlega. Þýfður mói þar sem varðan á að vera Hnit tekin sunnan við Búhólsána, 20 metra austan girðingar. Ársæll Hannesson á Stóra-Hálsi kannaðist ekki við þetta nafn.

Heimildir: Ö-Hlíð, 8

ÁR-482:018 *Nónvarða* heimild um eyktamark 64°03.279N 21°04.173V
“Nónvarða. Hún er litlu sunnar en Gudduvarða og sést einnig frá bænum.” segir í örnefnalýsingu. Engin varða sést frá bænum í dag. Þýfður mói. Hnit tekin um 100 metra sunnan við Búhólsána. Rétt fyrir ofan girðingu við hliðina á stórum steini sem þar er.

Heimildir: Ö-Hlíð, 8

ÁR-482:019 *Stekkjarhöfði* örnefni stekkur 64°03.535N 21°02.662V
“Stekkjarhöfðinn. Hann er ofan við Hlíðina, nokkru norðar en Hvítibali, enda er Hlíðin þá farin að lækka. Hann er lítil hæð, lyngi og grasi vaxinn”, segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhöfðinn er beint ofan, austar, en Hellisgilið sem er fremur þróngt gil með upphornuðum lækjarfarvegur í miðjunni. Er lyngi vaxið en þó blásinn að hluta. Engar tóftir sjást á Stekkjarhöfða.


Heimildir: Ö-Hlíð, 8

ÁR-482:020 *Hellirsrétt* heimild um rétt 64°03.489N 21°02.821V
“Hellirsgilið. Það liggar niður Hlíðina, vestur af Stekkjarhöfðanum. Þar var áður hellir, en er nú hruninn. Einnig var þar áður fjárrétt, sem hét Hellirsrétt. Hún er einnig fyrir löngu aflögð”, segir í örnefnalýsingu. Hellirinn sem gilið er kennt við sést ennþá en ekki er hægt að greina merki réttarinnar. Fremur þróngt gil með lyngivöxnum

hlíðum og uppbornuðum lækjum. Gilið er mjög þróngt og erftirr er að ímynda sér að rétt hafi verið í því. Ekki er heldur að sjá rétt við gilsmunan eða austan gilsins.

Heimildir: Ö-Hlíð, 9

ÁR-482:021 Borgin tóft af fjárskýli



64°04.204N 21°03.651V

“Grænuskjól. Þar er gömul fjárborg, sem í einni tíð hefur verið kölluð Borgin. Hún er austan undir Háafelli, stuttan spöl fyrir sunnar Markgarð”, segir í örnefnalýsingu. Þar er mjög greinileg frá veginum sem áberandi grænn blettur í hlíðinni. Kjarrivaxin brött hlíð. Tóftin er mjög löng og mjó, aðeins

eitt hólf, hleðslur sjáanlegar við opið. sem er til vesturs. Hún er 18x7 að utanmáli og er hleðsluhæð mest um 0,8 m.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð, 10

ÁR-482:022 heimild um mógrafir

64°03.678N 21°03.779V

Mógrafir voru um það bil 500 m norðan við Hlíð 100-200 m austan við beitarhús sem nú eru. Um 20 m norðaustan við læk, þær sjást ekki í dag.

ÁR-482:023 heimild

64°03.104N 21°03.977V

Heimildarmaður sagði frá því að hann hefði sléttar fornlegar tóftir beint sunnan við Hlíð um það bil 800 metrum sunnar. Fremur þýft tún en þarna er sár í dag með nokkru grjóti.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-482:024 Kolagróf örnefni kolagröf

64°04.145N 21°03.314V

Á korti er Kolagróf merkt inn um 200 metra suðaustur af Grænuskjólum við þjóðveginn sem liggur suður Grafninginn og að Sogninu. Blásinn melás. Kolagrafir sjást ekki.

Heimildir: Staðfræðikort frá landmælingum

ÁR-482:025 varða

64°04.436N 21°05.614V

Suðvestan Þrívorðuflatarinnar (015) er mosavaxin varða. Hún er 0,4 á hæð. Gæti verið ein af vörðunum á Þrívorðuhálsinum.

ÁR-483 Stóri-Háls

12 hdr 1657, 1706, 1847. 10 hdr. 1722, 1839. 1657 bera hreppstjórar í Grafningi að Háls hafi verið tíunduð fyrir 12 hdr í tuttugu ár eða lengur. Þar kom einnig fram meðkenning Odds Einarssonar bps að hann hafi goldið Katrínú Þormóðsdóttur jörðina

upp í andvirði Miðfells hvort sem hún væri 10 eða 12 hdr. Ívari Guðmundssyni höfðu 1656 verið dæmd 8 hdr í Hálsi - AÍ VI, 400. 1712 er Ingimundur Jónsson bóni á Stóra Hálsi, án vitnisburðar kominn úr Gullbringusýlu - AÍ X, 67. 12.7.1722 selur Jón Ísleifsson sýslum. Högna Björnssyni lögréttumann Stóra Háls, 10 hdr að dýrleika, fyrir 65 rdl. in specie - AÍ XI, 161 sbr. 420. Á alþingi 1735 lætur Þorþjörg Oddsdóttir, ekkja Jóns Ísleifssonar sýlumanns auglysa að óðalsjarðir, þ.á.m. Stóri-Háls, 10 hdr, hafi á hennar giftingardegi til heimanmundar taldar verið og hafi hún ekki samþykkt kaup eða sölu á þeim - AÍ XII, 235. 1395 er getið um Háls, 16 hdr jörð, sem komist hafði undir Viðeyjarklaustur í tíð Páls ábóta (1380-95) og gæti það verið þessi jörð eða Háls í Kjós - DI III, 598

1706: "Engjar eru öngvar nema það, sem hent veriður á hagamýrum eður smáhlíðum þeim, sem grjótskriður spilla." JÁM II, 387. 1839: "með líkum kostum og ókostum [og Litliháls: heyskapur hægur, vetrarþungt og snjósælt]" - SSÁ, 182. 1918: Tún 4 ha, garðar 834 m2. "Landið er að mestu fjalllendi og skiptast á vallendisbörð, myrrablettir, lyng og mosamóar og ísaldamelur þegar ofar dregur." SB III, 274.

Heimildamaður: Ársæll Hannesson fæddur að Stóra Hálsi 1.1.1929

ÁR-483:001 *Stóri-Háls* bæjarhóll bústaður 64°02.031N 21°03.223V
"Elzti bærinn, sem um er vitað, (bær III), var rétt fyrir ofan þessi hús. Má enn sjá bæjarhólinn. Í bernsku minni sást greinilega móta fyrir tóttum, einkum þó heygarðinum, og var hann örnefni. Þar var jafnan gott gras, enda í miðju túni", segir í örnefnalýsingu. Vestan við syðrs íbúðarhúsið eru járnklædd úтиhús, þau standa þar sem gamla bæjarstæðið var að sögn heimildarmanns. Húsin eru ekki með kjallara en greinilega hefur verið sléttáð úr hólnum áður en húsið var byggt.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Stóri-Háls, 3

ÁR-483:002 heimild um býli 64°02.041N 21°03.210V
"Hjáleiga hefur hjer ein verið bygð innan 40 ára, og varaði byggðin um 2 eður 3 ár, og er síðan í auðn. Ekki vita menn hvað hjer hafi skuldir verið. Það vita menn að ómögulegt er hjer að byggja nema til meins og skaða jarðarinnar." Ekki vitað hvar þessi hjáleiga var og eru hnit tekin við bæjarhólinn.

Hættumat: hætta vegna umgangs


Heimildir: JÁM II, 387

ÁR-483:003 heimild um heygarð 64°02.070N 21°03.271V
"Elzti bærinn, sem um er vitað, (bær III), var rétt fyrir ofan þessi hús. Má enn sjá bæjarhólinn. Í bernsku minni sást greinilega móta fyrir tóttum, einkum þó heygarðinum, og var hann örnefni. Þar var jafnan gott gras, enda í miðju túni." segir í örnefnalýsingu. Vestan við úтиhúsin vestan við syðri bærinn.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 3

**Stóri-Háls
Túnakort**



Kort 17. Stóri-Háls túnakort

ÁR-483:004 heimild um hesthús 64°02.102N 21°03.087V
“Hesthústótt, gömul, var rétt við Slakkann en það hesthús mun ekki hafa verið notað eftir 1911”, segir í örnefnalysingu. Samkvæmt Örnefnakorti var tóftin í lægð um 15 metra norðaustur af nyrsta íbúðarhúsinu. Slétt tún. Gæti verið sama og tóftin sem var þar sem nú stendur nyrðra íbúðarhúsið, en Ársæll hafði heyrt að þar hefði verið fjós en ekki hesthús þannig að báðir staðir eru skráðir.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 3; Örnefnakort

ÁR-483:005 *Hlíðargata* gata leið 64°02.102N 21°03.087V
“Hlíðargatan lá frá bænum (II) [þar sem nú eru útihús] í norðurátt og jafnan farin, þá er leið lá upp í Grafning eða að Hlíð”, segir í örnefnalýsingu. Hún liggur meðfram hlíðinni alla leið að Hlíð og svo áfram að Úlfhljótsvatni, einnig kallaðar Kirkjugötur. Að miklu leyti undir túni en gatan greinileg á móunum milli þeirra.

Heimildir: engin hætta
Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 3

ÁR-483:006 garðlag túngarður 64°02.103N 21°03.370V
“Grjótgarðurinn var allmikið mannvirki, og náði hann kringum heimatúnið að vestan, norðan og austan. Skarð var í garðinn um Hlíðargötuna, og hlóð ég þar vegg úr sniddu, svo að um skeið var garðurinn svo til fjárheldur á þrjá vegu, en túnið að öðru leyti ógirt fram til um 1930”, segir í örnefnalýsingu. Kafli af garðinum er sýnilegur ofan túns, um 100 metra upp af útihúsunum ofan við syðra íbúðarhúsið. Alls sjást um 80 metrar og er garðurinn um 0,6 m breiður. Hleðsluhæð er aðeins 0,3 m.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 3

ÁR-483:008 þúst fjárhús 64°00.959N 21°04.956V
Torffjárhús voru byggð á Kagaflötum, um 250 metra suðvestur af Breiðholtinu á sléttum vallendibala. Húsin byggð 1940, ekki hægt að greina ákvaðið lag, hólfaskipan, aðeins 10x7 metra búst.

Hættumat: engin hætta

ÁR-483:008 heimild um brunn 64°02.062N 21°03.164V
“Dýið var grasi gróinn bolli, neðan til í túninu austanverðu. Mun þar hafa verið gerð tilraun til að grafa brunn. Oft safnaðist þar vatn, bæði í rigningum og að þeim loknum, en þar var svo óstöðugt, að ekki var á að treysta, enda ekki notað sem vatnsból”, segir í örnefnalýsingu. Um það bil 30 metra austnorðaustur af eldra fíbúðarhúsini. Í sléttu túni. Búið að leggja rör undir veginn til að leiða vatnið niður fyrir veg og út í skurð.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Stóri-Háls 4

ÁR-483:009 *Móbyrgi* heimild 64°02.088N 21°03.075V
“Móbyrgið var við neðri enda Grjótgarðsins að austanverðu. Það stóð í nokkur ár”, segir í örnefnalýsingu. Það var þar sem vegurinn liggur heim að íbúðarhúsunum,

beint niður af nyrðra húsinu. Þar er nú skurður meðfram heimreiðinni. Móbyrgið var ekki undir þaki.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 4

ÁR-483:010 Kúagata gata leið

64°01.720N 21°03.486V

“Kúagatan lá frá fjósínu yfir báða lækina, í vesturátt og vestur í mýrarblett, rétt við Svartagilslæk. Þá leið fóru menn einnig ríðandi, þegar farið var í Ölfus “um Grafningháls”. Um hásumarið voru kýrnar jafnan reknar “út í háls”, sem kallað var, og beitt á landið báðu megin Svartagils”, segir í örnefnalýsingu. Nú er vegaslöði á svipuðum stað og gatan var fram í Svartgil og Breiðholt. Þar er nú vegur og mói.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 4; Örnefnakort

ÁR-483:011 Stekkatúnsgata gata leið

64°02.395N 21°02.907V

“Stekkatúnsgata hlýtur að hafa verið mikið farin fyrrum, því hún er djúp. Hún liggur norður í Stekkatún, en er horfin fyrir löngu úr sjálfu túninu, sést hins vegar í móanum”, segir í örnefnalýsingu. Götuslöði hefur myndast norðan við Stekkjartúnið og heldur áfram til vesturs vestan við það og framhjá stekkjartóftinni. Tún og þýfður mói. Nokkur skýr götuslöði.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 4-5

ÁR-483:012 stekkjartóft

64°02.400N 21°02.896V

“Stekkatúnsgata hlýtur að hafa verið mikið farin fyrrum, því hún er djúp. Hún liggur norður í Stekkatún, en er horfin fyrir löngu úr sjálfu túninu, sést hins vegar í móanum.” “Stekkatúnshólar, Stóri- og Litli-, setja svip á landslagið hægra megin akvegarins, þegar farið er heim að bænum. Sunnan Litla-Stekkatúnshóls er Stekkatúnið, falleg flót og brekka sunnan í hólnum. Stekkurinn sjálfur er lítið rétt í tveim hólum, og sjást hleðslur greinilega, þó mun Stekkurinn ekki hafa verið notaður eftir 1911”, segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er við götuslöðann 011, um 70 metra vestur af heimreiðinni. Sléttur grasbali, nokkuð blautt vestan við tóftina.

Greinileg en nokkur gróin stekkjartóft. Að austanveður er stærra hólfid alls 4x1,5 að innanmáli og opnast það til suðurs. Hleðslur eru greinilegar í austurveggnum að innanverðu. Opið hefur verið milli hólfanna en veggirnir eru orðnir nokkur sokknir og breiðir þannig að veggurinn milli hólfanna er orðinn yfir 2 metra breiður og opið nokkur ógreinilegt. Vestara hólfid er lítið aðeins 2x1 að innanmáli og hleðslur eru aðeins sýnilegar á litlum bút suðst í vesturveggnum. Sunnan við tóftina eru óljós merki þess að hún hafi í eina tíð verið stærri. Hættumat: engin hætta



Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 4-5, 9

ÁR-483:013 *Dalagata* gata leið 64°02.265N 21°04.125V
“Dalagatan liggur út úr túninu vestanverðu, upp með Miðaftangili að vestan, yfir fjallið í Kringluvatnsdal. Sú leið var farin með heyband úr “Dalnum”, en svo var Kringluvatnsdalur jafnan nefndur”, segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur beint upp fjallshlíðina fyrir ofan bæinn þangað sem leið liggur yfir fjallið og yfir Stórahálsfjall og yfir í Stórahálsdal. Þarna er fremur grýtt en að nokkru mosa vaxið. Talsvert heyjað þar í þurrkasumrum. Voru leiðgötur en lítil sem engin merki þeirra sjást í dag.

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 5

ÁR-483:014 *Lambhústún* þúst lambhús 64°02.003N 21°03.330V
“Sá hluti túnsins, sem er vestan við heimalæk, var kallaður Lambhústún. Það var fyrrum stórbýft mjög, en grasgefið”, segir í örnefnalýsingu. Nánast beint í suður af útihúsasamstæðunni vestan syðra íbúðarhúss. Þar er nú sléttan tún. Þústin snýr norður suður og er 20 metra löng og 4-5 metra breið, og líklegt að húsið hafi staðið þar.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 5

ÁR-483:015 *Stöðull* örnefni kvíar 64°02.012N 21°03.2990V
“Milli fjárhúsanna og bæjarins, vestan lækjar, var Stöðulinn”, segir í örnefnalýsingu. Sunnan við útihúsin, vestan við syðra íbúðarhúsið. Grasi vaxinn slakki sunnan við læk er rennur niður brekkuna sunnan við íbúðarhúsið. Heimildarmaður man ekki eftir því að þarna hafi verið tóft, telur að bændur á Stóra Hálsi hafi notast við færíkvíar.


Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 5

ÁR-483:016 *Litligarður* kálgarður 64°02.029N 21°03.270V
“En Litligarðurinn var austan við lækinn, kartöflugarður, með þykkum hlöðnum veggjum úr torfi og grjóti, skjólgóður og frjósamur”, segir í örnefnalýsingu. Suðvestan í gamla bæjarhlónum, er 6-7 metra vegghleðsla og markar hún suðurenda (suðvesturenda) garðs. Milli íbúðarhússins og útihúsana vestan við það. Að miklu leyti er garðurinn sennilega horfinn undir hlaðið milli íbúðarhússins og útihúsanna.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 5



Kort 18. Stóri-Háls og Litli Háls aðalkort


ÁR-483:017 réttartóft

“Gamla réttin var örskammt niður undan Lambhúsunum, rétt við Kúagötuna, lengi notuð, þó vatnsrennslí væri í henni í rigningum”, segir í örnefnalýsingu. Suður af syðra íbúðarhúsinu, sunnan við lækinn, um það bil 50-60 metra frá íbúðarhúsinu í þýfðum slakka. Tóftin er ferhyrnd 10x8 að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,4m. Nóg af grjóti á staðnum, réttin var aflögð þegar heimildarmaður var ungrur.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 5

64°01.998N 21°03.2640V

**ÁR-483:018 Stórigarður**

heimild um kálgarð 64°02.026N 21°03.288V

“Stórigarðuinn var kartöflugarður, beint fram af stéttinni, sem var fyrir framan bæjarröðina. Hans sér nú engan stað. Í stað hans er komið hlað við enda vegarins hjá bænum”, segir í örnefnalýsingu. Milli syðra íbúðarhúss og úтиhusanna er malarborið hlað.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 5

ÁR-483:019 heimild um mógrafir

64°01.739N 21°03.472V

“Meðfram Litlahálsá, vestan Vestrilækjar og sunnan, er nálega samfellt graslendi, sem heitir Hvammar. ... Mógrafir voru í hvömmunum nálega miðjum”, segir í örnefnalýsingu. Túnið þar sem mógrafir voru er um 500 metra suður af 001. Sléttá og ýtt ofan í mógrafirnar, ekki góður mó.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 6, Örnefnakort

ÁR-483:020 Skólavarða varða

64°02.278N 21°04.095V

“Austurhluti Stórhálsfjalls er aflíðandi upp frá Hvammaflötum að norðan og móum fyrir ofan þær. Helzta kennileiti er Skólavarða, sem blasir við langa leið af svæðunum fyrir neðan fjallið, enda er hún uppi á lítilli hamrabrún, efst í þeim hluta fjallsins”, segir í örnefnalýsingu. Skólavarðan er líklega sú sem stendur á fjallsbrúninni vestur af bænum. Móa og mosasvæði. Skólavarðan er vandlega hlaðin og um 1,5 m á hæð er sýnilegust varðanna. Ungt örnefni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 11

ÁR-483:021 varða

64°02.280N 21°04.186V

Varða sem virðist eldri en Skólavarðan, hún er alveg hrunin og mosagróin, og er norðvestur af Skólavörðunni hún er 0,7 m á hæð.


ÁR-483:022 varða

64°02.270N 21°04.139V

Suðvestur af Skólavörðunni er þriðja varðan. Þar eru í raun tvær vörður en önnur er fremur léleg. Önnur er aðeins 0,5 m á hæð og líklega nýleg en hin er 1,3 m á hæð.

ÁR-483:023 seltóft

64°01.274N 21°04.371V




“Sel frá Stóra-Hálsi: Forn sel er á Selflötum úti í hálsi”, segir í Sunnlenskum byggður. Selflatirnar eru um 400 metra norðvestur af Seldalnum í landi Litla-Háls, um 60 metra vestur af Breiðholtinu. Sléttur vallendisbali, jarðvegurinn mjög grunnur og nokkuð rofinn. Tóftin er 5,5x4 að utanmáli en hún er alveg að hverfa og er orðin mjög ógreinileg. Virðist vera um 3,5x2,5 að innanmáli en ekki er hægt að greina op á henni, snýr vestur-austur.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: SB III, 247; Örnefnakort

ÁR-483:024 seltóft

64°01.986N 21°06.359V



“Sel frá Stóra-Hálsi: Forn sel er á Selflötum úti í hálsi. Annað sel var suður af myrunum í Stóra-Hálsdal. Það er hlaðið úr torfi og grjóti og mun vera síðasta selið sem notað var í Grafningi, en það var notað fram yfir 1850”, segir í Sunnlenskum byggðum. Seltóftin er um miðjan dalinn. Vestan við téftina er melur austan við eru móar í austurhlíð dalsins. Tóftin er 9 metra löng og 4 metra breið og samanstendur af

tveimur hólfum. Grjóthleðslur sjást að innanverðu og tóftin opnast til austurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB III, 247

ÁR-483:025 *Uppihús* heimild um fjárhús 64°02.077N 21°03.366V

Húsið var uppá Hátúninu, uppundir girðinginni, um það bil 80 metra vestnorðvestur af úтиhúsunum vestan syðra íbúðarhússins. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-483:026 heimild um fjós 64°02.109N 21°03.075V
Heimildarmaður man eftir tóftum sem sagðar voru af fjósi á þeim stað sem nyrðra íbúðarhúsið stendur nú. Tóftin var mjög greinileg.
Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-483:027 þúst fjárhús 64°01.160N 21°04.204V
Torfhlaðin fjárhús voru byggð á Kagaflötum, um 250 m suðvestur af Breiðholti sem er túnbali um 300 metra norur af selgilinu. Sléttur vallendibali. Húsin voru byggð 1940, og sjást nú sem 10x7 m þúst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnakort

ÁR-484 Litli-Háls

10 hdr. 1448, 1847, óþ. 1706, konungseign (meðal Grímsnesjarða). Einnig Syðri-Háls. 26.5.1448 kvittar Jón Oddsson Steinmóð ábóta í Viðey fyrir þau 10 kúgildi sem Steinmóður skuldaði Jóni fyrir jörðina Syðra Háls fyrir ofan Grafning - DI IV, 716. Þess er getið í sögnum af Ögmundi biskupi að hann hafi misst sjónina á leið um Grafningsháls og hafi verið orðinn alveg blindur er hann kom að Litla Hálsi - DI VIII, 709. Í eyði frá 1937, nytjuð frá Stóra-Hálsi.

1706. "Túminu skippa grjótskiður. Engjar eru nokkrar, en spillast þó árlega af jarðfllum og smáskeiðum." JÁM II, 387. 1839: "heyskapur hægur, vetrarþungt og snjósælt." SSÁ, 182. 1918: tún 3,8 ha, garðar 543 m2. "Hluti af landinu er myrlendi og hallar til norður og hluti jarðarinnar er einnig í hlíðum fjallsins þar sem skiptast á lyng- og mosabörð, valllendis- og mýrarblettir og er landið þar sundurskorið af giljum. Einnig nær landið upp á Ingólfssfjall." SB III, 273.

Heimildamaður: Ársæll Hannesson fæddur að Stóra Hálsi 1.1.1929.


ÁR-484:001 *Litli-Háls* bæjarhóll bústaður 64°01.622N 21°02.564V
Bæjarhóllinn er í brekku suðaustur af steypu útihúsi með járnþaki. Þar hefur verið sléttanum úr hólnum. Sléttanum tún. Hnit tekin um það bil 40 metra suðaustur af suðausturhorni útihússins.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnakort af túni

ÁR-484:002 heimild um fjós 64°01.620N 21°02.500V
Um það bil 20 metra austur af 001, bæjarhólnum. Sléttanum tún.
Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnakort af túni


ÁR-484:003 *Ærhús* heimild um fjárhús 64°01.592N 21°02.556V
Um 70 metra suður af 004 og 150 metra vestur af 001. Sléttanum tún.
Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnakort af túni

Litli-Háls Túnakort



Kort 19 Litli Háls túnakort


ÁR-484:004 *Sauðhús* heimild um fjárhús
Um 110 metra norðvestur af bæjarhólnum, 001 og 70 metra norður af 003. Sléttan tún.



Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnakort af túni

ÁR-484:005 *Lambhús* þúst lambhús
64°01.637N 21°02.596V
10 metra norðvestur af fjárhúsunum sem nú standa er lítil þúst í túninu. Sléttan tún. Þústin er 5x3 að ummáli en hleðslur eru útflettar.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnakort af túni



ÁR-484:006 garðlag
64°02.159N 21°02.107V
30 metra suður af fjárhúsunum á Borgarholtinu, upp við girðinguna þar er hleðsla í þýfðum blautum vallendismóa. Hún er um 35m. löng og 0,6 m á breið og er hleðsluhæðin um 0,4 m.

Hættumat: engin hætta

ÁR-484:007 *Lindargata*
gata leið
64°01.658N 21°02.535V
Gatan lá til norðausturs frá bæjarhólnum, 001 niður að Lindinni, 011. Sléttan tún.

Heimildir: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Örnefnakort af túni

ÁR-484:008 *Stöðulgata* gata leið
64°01.658N 21°02.555V
Á svipuðum stað og vegurinn upp að fjárhúsini. Sléttan tún og vegaslóði.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Örnefnakort af túni

ÁR-484:009 gata traðir 64°01.634N 21°02.519V

Suðsuðaustur af steinsteyptu útihúsi virðist móta fyrir tröðunum upp túnið. Vírgirðing var á hluta þeirra er skráð var 1998. Í sléttu túni. Sér móta fyrir upphækkun á um það bil 40 metra bili og hafa traðirnar stefnt norður - suður.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Örnefnakort af túni

ÁR-484:010 *Dýgata gata* leið 64°01.620N 21°02.463V

Suðaustur af bæjarhólnum, 001. Sléttað tún.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Örnefnakort af túni.

ÁR-484:011 heimild um áveitu 64°01.704N 21°02.565V

“Austan við Miðmundargil neðst eru Köldubunur, uppsprettu fram úr kletti. Mynda þær lækinn, er fellur sunnan við Litla-Hálstún. Í hann er líka veitt vatni úr Miðmundagilslæknum, ef þurfa þykir, svo sem þegar upp er þvegin eða ef vökva skal túnið eða Leirinn í þurkkatíð”, segir í örnefnalýsingu. Nú koma þarna saman afrennsli af túninu og Lindin, m það bil 100 metra norðaustur af fjárhúsunum sem nú standa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litli-Háls, 3; Örnefnakort


ÁR-484:012 seltóft 64°00.849N 21°04.373V

“Fyrir vestan Miðmundargil er Selfjall (norðurbrúnir Ingólfssjalls út að Selgili). Niður í því austast er Kýrdalur, gróinn hvammur. Niður af honum norður að Þverá eru melar, sem Dílaflatir eru austan við, en suðvestan við (utar í Hálsinum) er Smalamýri. Nokkru utar er Selgil og Seldalur austur og upp að Selfjallsbrúnum. Neðst í Seldalnum við Selgil eru Seltæptur ...”, segir í örnefnalýsingu.

“Sel frá Litla-Hálsi var í Seltúni í litlu dal vesta í Ingólfssjalli. Selgil liggur þvert fyrir suðvestan dalin og rennur í Þverá”, segir í Sunnlenskum byggðum. Um það bil 1,5 km frá bæjarhólnum, 15 metra norður af lækjafarvegi sem kemur úr dalnum. Mjög þýfður blautur mói. Tóftin er mjög forn og óglögg í þýfðum móanum. Sennilega 2 hólf og einnig hefur téftin sennilega einhverntíma verið stærri. Tóftin er 7x4 að utanmáli og eru hleðslur mjög útflettar, hleðsluhæð aðeins um 0,1m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litli-Háls, 3, SB III, 246; Örnefnakort



ÁR-484:013 heimild um beitarhús 64°02.159N 21°02.141V

“Upp af Eyrunum eru Kaplabrekkur og Leynir vestast við Þverá. Þar upp af Borgarhólmseyri upp að Borgarhól. Þar var áður fjárborg og síðar beitarhús”, segir í örnefnalýsingu. Nú eru steypt fjárhús og hlaða á Borgarhól. Vegaslóði liggur þangað

greinist frá heimreiðinni að Litla-Hálsi, rétt suðvestur af landamerkjunum. Steypt hús og í kring mjög blautur og deigur mói.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Litli-Háls, 1

ÁR-484:014 heimild um mógrafir 64°02.804N 21°02.457V
“Fyrir ofan Borghólmssóma, milli Þverár og Litla-Háslækjar, heitir Norðurmýri. Efst í henni heita Dýjakrókar og Pollar þar norður af að Þverá. Þar eru gamlar mógrafir”, segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru sennilega um 250-300 metra norðvestur af 001, bæjarhólnum í túni sem er vestur af heimreiðinni, neðan við brekkuna og um 150 metrum norðvestur af Lindinni. Slétt tún.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Litli-Háls, 2; Örnephakort

ÁR-484:015 heimild um þvottastað 64°01.697N 21°01.540V
“Austan við Miðmundargil neðst eru Köldubunur, uppsprettu fram úr kletti. Mynda þær lækinn, er fellur sunnan við Litla-Hálstún. Í hann er líka veitt vatni úr Miðmundagilslæknum, ef þurfa þykir, svo sem þegar upp er þvegin eða ef vökva skal túnið eða Leirinn í þurrtatíð”, segir í örnefnalýsingu. Nú koma þarna saman afrennsli af túninu og Lindin, m það bil 100 metra norðaustur af fjárhúsunum sem nú standa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litli-Háls, 3; Örnephakort

ÁR-485 Torfastaðir

38 2/3 hdr, 1847, óþ. 1706, Skálholtsstólseign, jörðinni fylgdu vatnshólmar. Kirkju á Torfastöðum er getið í Vilchinmáldaga, 1397, DI IV, 92-93. Jón Oddsson seljandi Syðra Háls gefur út bréf á Torfastöðum 26.5.1448 - DI IV, 716, Tvíbýli 1918. Tunguá liggar meðfram jörðinni að norðan. Torfastaðir III eiga hálfann Arnarhólmann í Álftavatni. SB II, 271-272.

1706: “Engjunum grandar sandságangur að framanverður, en fjallaskriður að ofan.” JÁM II, 389. 1839: “heyskapur mikill, en votur, beitarþróngt.” SSÁ, 182. 1918: tún á báðum bæjum 5,1 ha, garðar 1859 m2. “Torfastaðaland neðan fjalls má heita allt gróið land. Mest myrlendi, þá vallendi og lyngmóar, vaxnir krækiberjalyngi og nokkuð beytilyng. Ekki er skógargrótur neinn í landareigninni, en lítils háttar grávíðir með Ingólfssjalli fremst og á Tanganum norður við Sog. Þar er líka gulvíðir lítils háttar og austan við Markhamar.” Ö-Torfastaðir a, 7. Á Torfastöðum I var mest sléttá um 1957.

Heimildamaður: Steingrímur Gíslason fæddur að Torfastöðum 22.9.1921.

ÁR-485:001 *Torfastaðir* bæjarhóll bústaður 64°02.048N 21°00.533V
“Gamla bæjarstæðið var skammt suðvestur frá Torfastöðum I, rétt norðaustan við Torfastaði II”, segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóllinn er 100-120 metra suðvestur frá vúberandi íbúðarhúsi á Tornfastöðum I. Sléttá tún, ávalur hóll í því, ekki minni en

40-50 metrar að ummáli. Þrátt fyrir tvíbýlið bjuggu allir saman á þessum stað fram á þessa öld.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Torfastaðir b, 1

ÁR-485:002 heimild um bænhús 64°02.029N 21°00.637V

“Sagnir eru um, að bænhús hafi verið á Torfastöðum, en óvist er um staðsetningu þess”, segir í örnefnalýsingu. Heimildarmaður hefur heyrt að bænhúsið hafi verið við heygarðinn, 005 þar sem er sléttan tún.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 7

ÁR-485:003 *Gullhólar* heimild um fjárhús 64°02.009N 21°00.433V

“Rétt niður (suðaustur) frá bæjarhúsinu hétu áður Gullhólar; það voru gömul tóttabrot, sem hefur verið sléttan tún. Óvist er um uppruna þess nafns”, segir í örnefnalýsingu. Suðaustur af núverandi íbúðarhúsi á Torfastöðum I, um það bil 40 metra. Sléttan tún og garður við húsið.

Heimildir: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 2; Túnakort 1918

ÁR-485:004 *Vöggurúm* heimild 64°02.086N 21°00.433V

“Milli gamla bæjarstæðisins og íbúðarhússins í Austurbæ hét Vöggurúm, gömul tótt, og stendur nafnið sennilega í sambandi við barnaleiki. Nú er tóttin horfin”, segir í örnefnalýsingu. Um það bil 40 metra suður af núverandi íbúðarhúsi á Torfastöðum I og um það bil 20 metra vestur frá 003.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 2; Túnakort 1918

ÁR-485:005 heimild um heygarð 64°02.033N 21°00.672V

“Heygarðurinn gamli var fyrir vestan hlöðuna, og sjást hans merki sem upphækkun”, segir í örnefnalýsingu. Heygarðurinn var um það bil 10-15 vestnorðvestur af íbúðarhúsinu á Torfastöðum II og sést smá hækkun þar enn. Sléttan tún.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 7

ÁR-485:006 heimild um fjárhús 64°01.916N 21°00.560V

Um það bil 50 metra suður af íbúðarhúsinu á Torfastöðum II. Í sléttuðu túni

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918


ÁR-485:007 heimild um fjárhús 64°01.913N 21°00.576V

Um það bil 70 metra suðsuðvestur af íbúðarhúsinu á Torfastöðum II. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

Torfastaðir
Túnakort



Kort 20. Torfastaðir túnakort

ÁR-485:008 heimild um fjárhús 64°01.909N 21°00.725V
Um það bil 120 metra í suður frá 005. Í sléttuðu túni í brekku móti austri. Byggt um 1918 var mikið hús, fyrir um 100 kindur. Heyhlaða var byggð við það og grafin niður. Því miður fylltist hlaðan af vatni á vordögum.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-485:009 heimild um fjós 64°02.034N 21°00.510V
“Neðan við gömlu traðirnar, sem lágu suður á gamla veginn, er blettur í túni nefndur Fjósatunga, tungan milli traðar og Heimamýrar. Fjósið var milli gamla og nýja bæjarins”, segir í örnefnalýsingu. Suður af gamla bæjarstæðinu. Sléttuð land, grasi vaxið.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 7; Túnakort 1918

ÁR-485:010 heimild um útihús 64°02.049N 21°00.602V
Rétt 40-50 metra norðvestur af íbúðarhúsinu á Torfastöðum II, um 20 metra vestur af 009. Sléttuð tún, hér var flag þegar skráð var. Þarna var kofi með fjórum básum og hlöðu.


Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-485:011 heimild um beitarhús 64°02.369N 21°00.756V
“Heimamýri heitir einu nafni mýrin neðan við túnið á Torfastöðum, suður að Ferðamannagilslæk, niður undir Vatnsholt og norðaustur undir Tanginn. Á henni eru þessi örnefni: Fífladý norðan við Ferðamannagilslæk. Grænhóll nokkuð norðar. Flatholt þar norðaustur af. Þar eru nú beitarhús”, segir í örnefnalýsingu. Flatholtið er um 700 metra norðaustur af veginum suður Grafninginn en ekki er ljóst hvar nákvæmlega húsin voru á því. Torfveggir en járnþak voru á húsinu.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Torfastaðir a, 1

ÁR-485:012 *Tunguvað* heimild um vað 64°02.434N 20°59.998V
“Tunguá nefnist, þaðan sem Norðurá (Austurá) fellur í Þverá. Rétt fyrir neðan eru fossar, Tunguárfossar. Hún er merkjaá milli Torfastaða og Tungu og fellur í Sogið. Upp með henni, móts við Tunguárfossa, er Tunguvað heitir Leynir.” segir í örnefnalýsingu. Ef ekið er frá afleggjaranum að Bíldsfelli og í átt að Torfastöðum er farið yfir brú á merkjunum, austan við það er nokkuð kröpp beygja á veginum, norðvestan við hana liggur vegarslóði til norðvesturs út með túnunum. Ef keyrt er eftir þeim vegarslóða um 500 m er komið að brattri brekku sem liggur niður að Tunguánni og sést þá vel heim að Tungu. Þar var vaðið á ánni, um 600 m suðaustur af bæjarhólnum í Tungu.

Heimildir: Ö-Torfastaðir a, 2



Kort 21. Torfastaðir aðalkort

ÁR-485:013 *Torfdalur* örnefni rista 64°02.277N 21°00.778V
“Móarnir fyrir sunnan Vegagróf nefnast Suðurmóar, Miðmóar milli Vegagrófar og Löngulautar, en Norðurmóar þar fyrir vestan Löngulaut. Vestan undir Norðurmóum norðarlega er mýrarhvammur, sem nefnist Torfadálur og nær vestur af Þverá”, segir í örnefnalýsingu. Dalurinn opnast um 30 metra vestur af þjóðveginum, milli þjóðvegarins suður Grafninginn og túna sem eru norðaustur af bænum að Torfastöðum I. Þýfður mýrarslakki, dalurinn um það bil 30 metra breiður og um 100 metra langur. Steingrímur telur að nafnið sé ekki dregið af torfristu heldur hafi nafnið afbakast.

Heimildir: Ö-Torfastaðir a, 3

ÁR-485:014 *Vaðeyri* heimild um vað 64°01.844N 20°59.242V
“Fram undan vatnsbakknum er[u] tveir flatlendir slægjubotnar í Álftavatni: Innrieyri og Fremrieyri og suður af þeim Arnarhólmi, algróinn klettabólmi, vaxinn fjölbreyttu blómgresi með uppgróinni eyri áfastri að norðanverðu. Lengra út í Álftavatni, móts við Innrieyri, er Vaðeyri. Um hana var farið, þegar riðið var Álftavatn”, segir í örnefnalýsingu. Við bakkann þar sem vaðið var er líttill hólmi og var riðið þaðan í norðaustur ofan í hólmann, þar eru grónar djúpar götur og síðan var riðið áfram og yfir vatnið.

“Á einum stað mátti komast yfir á vaði. Það varð var um Álftavatn. Þegar farið var út Grímsnesi, var farið út í vatnið þar sem heita Vaðlækir og stefnt yfir í Vaðeyri, sem er vestan til í vatninu. Stefnt er yfir í Vaðeyrina miðja eða litlu neðar. Venjulega var þar ekki mjög djúpt, víðast litlu meira en í kvið á hesti, en nokkrar hestlengdir þó dýpra, jafnvel í taglmark. Botn var góður, harður sandbotn. Vegna þess hvað rennsli í Sogninu er jafn, er líklegt að oft hafi verið fært þarna, en auðvitað hefur þetta verið ófært þegar hækkaði í vatninu vegna flóðs í Hvítá. Þessa vaðs er getið á Sturlungaöld. Þarna fór Sturla Sighvatsson yfir og menn hans, er þeir höfðu svikið Gissur Þorvaldsson og handtekið við Apavatn.” segir í Sunnelenskum byggðum. Nokkur blautt mólemdir á bakkanum við Torfastaði, sandur við hólmann.

Heimildir: Ö-Torfastaðir a, 4, SB III, 254.

ÁR-485:015 náma mógrafir 64°01.805N 20°59.948V
“Mýrin milli Þverlækja [sem renna ofan í Ítakið] og Ferðamannagilslækjar [sjá Litla-Háls] heitir Háamýri. Í henni var mór tekinn næst Ferðamannagilslæknum”, segir í örnefnalýsingu. Mógrafr voru um það bil 50-70 m vestur af veginum, 20-40 m suður af læknum, en þær eru ekki greinilegar nú.


Heimildir: Ö-Torfastaðir a, 5

ÁR-485:016 heimild um ristu

64°01.349N 21°00.118V

“Vestur af Stórgrytinu með fjallinu er Steinamýri, slægjuland. Þar vestur af upp undir fjalli er Torfuklettur. Í skútanum undir honum að austanverðu þurrkuðu Torfastaðabændur nýristar reiðingstorfur sínar. Kringum 1880 klofnanði hann í tvennt og þekkist nú bezt undir nafninu Klofaklettur”, segir í örnefnalýsingu. Kletturinn sem skrásetjari teldi verið rétta kletttinn er um 20-40 metra austur af Ingjólfssjalli en þar eru margir klettar og kleiri en einn klofinn. Grýtt hlíð, mikið af skriðum og undir þeim blautir vallendismói. Heimildarmaður telur ólíklegt að rist hafi verið þar í grend, en þurrkunarstaður er í sjálfum sér ekki fornleif, aðeins ristustaðurinn.

Heimildir: Ö-Torfastaðir a, 5-6



stekkjartóftin.

Tóftin er í gróinni lægð, nokkur þýföri og er lækur fimm metra suður af tóftinni. Tóftin er tvíhólfa stekkjartóft, nokkuð gömul og opnast til austurs. Syðra hólfíð er 6x1 m en veggir tóftarinnar hafa sokkið inn á við og minkað ummál hólfanna og er tveggja metra veggur milli hólfanna en nyrðra hólfíð er aðeins 1x1,5 m að innanmáli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Torfastaðir a, 6

ÁR-485:018 4 tóftir+garðlag

64°01.792N 20°59.910V

60 metra austan við kofa einn sem er 10 metra austur af veginum í Ölfus eru 4 tóftir um 50 metra suður af Ferðamannalæknum í mjög þýfðum hestamóa. Allt svæðið er um 54x38m að ummáli allar hleðslur eru mjög útflettar og er meðal hleðsluhæð ekki meira en 0,2m.

Mikið þúfusprengdar og óglöggar fjórar tóftir og garðbútur. Nyrst er 7x6 m þúst, en ekki er hægt að greina hvernig sú tóft leit út. Til suðurs úr henni liggr 32 metra langur garðbútur í átt að suðaustustu tóftinni sem er aðeins gleggri, eitt hólf er greinanlegt en tóftin er 12x11 m að utanmáli. Rétt norðan við miðjan garðinn er óleggsta tóftin, engin leið að greina útlit hennar en þústin er 9x10 að utanverðu.

Beint suðsuðvestur af henni er gleggsta tóftin, eins hólfra tóft nokkuð lítil 6x7 að utanmáli en hún er gereinilega byggð ofan á eldri tóft sem hefur verið um 12x12 að utanmáli. Þarna gæti hafa verið hjáleiga eða sel þó þetta sé eiginlega of nálægt bæ til að geta verið selstaða frá Torfastöðum. Þjóðleiðin um Vaðeyrina liggur þarna við tóftirnar.

Hættumat: engin hætta



ÁR-485:019

heimild um hesthús

64°02.037N 21°00.461V

Um það bil 40 metra norðaustur af bæjarhólnum 001. Í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-485:020

heimild um brunn

64°01.963N 21°00.469V

Aðskilin vatnsból voru fyrir tvíbýlið þó bærnir væru sameiginlegir. Brunnurinn fyrir Torfastaði II var um það bil 60 metrum sunnar en brunnur 022. Austan og neðan við íbúðarhúsið á Torfastöðum II. Grasi vaxin hagi.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-485:021 þúst

64°02.972N 20°59.568V

Um það bil 30 metra suður af íbúðarhúsinu á Torfastöðum II er þúst í sléttuðu túninu. Hún er 8x4m að ummáli. Heimildarmaður kveðst ekki kannast við að þarna hafi verið hús.

Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-485:022 heimild um brunn 64°02.016N
21°00.429V
“Um 60 m neðan við gamla bæjarstæðið var Brunnurinn, þangað var sótt vatn; hann er horfinn nú; var grafinn í hann markaskurður milli bæjanna”, segir í örnefnalýsingu.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 2

ÁR-485:023 heimild um fjárhús 64°02.124N 21°00.452V
“Núverandi íbúðarhús var byggt 1952-1953, aðeins norðan við gömul fjárhús”, segir í örnefnalýsingu. Innan við 10 metra sunnan við núverandi íbúðarhús á Torfastöðum I. Garður sunnan við íbúðarhúsið. Húsin voru byggð seint á þriðja áratugnum, torfveggir og járnþak.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 2

ÁR-485:024 heimild um leið 64°01.887N 21°00.637V
“Gamla heimreiðin var þvert yfir túnið rétt ofan við íbúðarhúsið”, segir í örnefnalýsingu. Gatan lá norður suður í gegnum túnið og meðfram bæjarhólnum til norðurs.

Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 2, Túnakort 1918

ÁR-485:025 Brekkutótt heimild um fjárhús 64°02.124N 21°00.585V
“Upp á Brekkunni beint upp af íbúðarhúsinu var Brekkutótt, gamalt fjárhússstæði; sést ekki lengur”, segir í örnefnalýsingu. Um 70 metra austur af núverandi íbúðarhúsi í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 2

ÁR-485:026 heimild um beitarhús 64°02.329N 20°59.631V
“Frá Háamelskrók tekur við nafnlaust stykki með Tunguánni að sunnanverðu allt að Leyni, sem er dalverpi norðan við svonefnt Flataholt, móastykki um 20 ha, nú orðið að túni. Þetta stykki náði frá Leyni að Heimamýri. Austan við Flatholtið allt frá Vatnsholti að Tunguárósi er mýrarstykki, sem nefnt var Tanginn. Síðan er Djúpavík, sem gengur inn í mýrina út eftir Soginu um 150 m sunnan við Tunguárós. Um 100 m sunnan við þetta vik er kúlulagaður móahóll, sem heitir Tittlingaholt, og tengir móraní það við Vatnsholtið, og er hann að nokkru leyti blásinn. Í norðvesturjaðri Vatnsholts eru gamlar fjárhúsrústir, sem kallaðar eru Tættur; þær sjást enn”, segir í örnefnalýsingu. Rústin er merkt inn á örnefnakort en nú er búið að sléttu tún þar sem hún var vestur af Soginu, 8-900 m austur af þjóveginum suður að Prastarlundi. “Um þær eru þau munnmæli, að fjárhúsin hafi verið aflögð, eftir að kindur fóru það inn að sumarlagi undan flugu, lokaðust inni og sultu í hel.”

Hættumat: hætta vegna umgangs
Heimildir: Ö-Torfastaðir b, 5-6; Örnefnakort

ÁR-485:027 heimild um mógrafir $64^{\circ}02.105N$ $21^{\circ}01.258V$
Nokkuð miklar mógrafir eru í lægðardragi um það bil 50 metra suður af Norðurá, um
4-500 metra suðvestur af bæjarhólnum á Stóra-Hálsi. Þýfðar blautar mógrafir.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnakort

ÁR-485:028 heimild $64^{\circ}02.125N$ $21^{\circ}00.454V$
Samkvæmt heimildarmanni voru kofatóftir þar sem er núverandi íbúðarhús á
Torfastöðum I og útihúsin norðvestan við þau. Sléttu bæjarstæði malarborið hlað milli
íbúðarhúss og útihúsa.
Hættumat: hætta vegna umgangs

ÁR-485:029 heimild um fjárhús $64^{\circ}01.776N$ $21^{\circ}00.930V$
Hlaðið var framan við helli og komið fyrir garða inni í honum við Svartagilið, um 35
m norðvestur af bæjarlæknum. En hellirinn féll saman áður en hann var notaður sem
fjárhús. Ennþá sér þó móta fyrir innganginum, en engar hleðslur sjást. Sennilega gert
á fyrstu áratugum þessarar aldar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-485:030 garðlag kálgarður $64^{\circ}01.785N$ $21^{\circ}00.826V$
Torphlaðinn kálgarðurinn er um 5-8 metra austur af bæjarlæknum, í halla beint austur
af 029. Sléttur graslendisbalí. Tvíhólfu kálgarður 12x8 er
hólfíð að suðvestanverðu að
innanmáli enhitt er 10x10 að
innanmáli. Alls er hann því
26x13 að utanmáli og er
hleðsluhæð 0,3.

Hættumat: engin
hætta



Ferðamannalæk 50 metra vestur af bakka Sognsins, hann er um það bil 130 metra
langur. Lækurinn úr Ferðamannagilinu settur í ávetuskurð um 1918, bakkinn við
vatnið hærri en umhverfið.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

ÁR-485:031 garðlag
áveita
 $64^{\circ}01.836N$ $20^{\circ}59.270V$
"Flóðin [sunnan við Ítakið]: í daglegu tali kallað Áveita og
Áveituengi, enda var Þverlæk
veitt á þetta svæði", segir í
örnefnalýsingi. Svæðið vestur
af vaðhólmanum, sunnan við
Ferðamannalæk. Blaut myri.
Garðurinn liggur til suðurs frá

Heimildir: Ö-Torfastaðir ath og viðb, 1; Örnefnakort

ÁR-711 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Grafningi

ÁR-711:001 Vagnvegurinn gata leið 64°02.228N 21°02.589V

“Vagnvegurinn var rudd gata norðaustur frá [Stóra-Hálsi], aðalleiðin að næstu bæjum og frá Reykjavík, ef farið var með hlaðinn vagn. Lá þessi gata litlu ofar en þar sem upphleypti vegurinn er nú. Þegar farið var með tóman hestvagn eða léttan, var stundum farið fram Grafningháls, framhjá Hvammi eða Gljúfri í Ölfusi, en grýtt var sú leið og ófær með hlaðna vagna. Eystri leiðin var kölluð “fyrir framan fjall”.” Á örnefakorti má sjá að Vagnavegurinn lá samsíða heimreiðinni að Stóra-Hálsi. Að mestu melur og mói.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóri-Háls, 4; Örnefnakort

ÁR-711:002 heimild um leið 64°06.752N 21°17.790V

“Önnur leið lá upp Rauðuflögu sem eru norðvestan við Nesjavelli, um Sporhelludal, gegnum Dyrnar og þaðan út á Mosfellsheiði.” Nesjavallavegurinn sker Dyradal í sundur rétt sunnan við Dyrnar, hnit tekin þar.

Heimildir: SB III, 254

ÁR-711:003 heimild um leið 64°01.835N 20°59.587V

“Fjórða leiðin var um Grafningsháls. Lá beint við að fara þá leið er komið var um Álftavatn. Var þá farið upp með Ferðamannagili sem er skammt fyrir sunnan Torfastaði og þaðan upp á hálsinn. Var þá farið um Djúpa-Grafning. Hefur þessi leið sennilega verið fjölfarin áður fyrr því að þarna hafa verið gerðar vegabætur; er gatan flórlögð á einum stað. Þessi leið var gerð að sýsluvegi 1877. Niður í Ölfus er þá komið vestan við Hvamm.”

“Krosslækir heita jarðföll sunnan við Litla-Háslæk stutt fyrir ofan Borgarhól. Fyrir neðan þá er Lyngholt beint á móti borgarhól. Austan við það er Hrapamýri og markalaut í suður úr henni í stefnu að Rauðhól, dálítill melhóll úr rauðleitri möl og stendur á barmi Ferðamannagils, smáeyðist niður í það.” “Um Grafningsháls og Ferðamannagil var lestamannavegur til forna, þegar riðið var Álftavatn, en lagðist niður, þegar brú kom á Sogið hjá Alviðru.”

“Gamli ferðannavegurinn lá gegnum Ítakið. Farið var yfir Álftavatn frá Vaðlækjum eða út Vaðvíkinni yfir á Vaðeyri í landi Torfastaða I, síðan sunnan við kríueyraroddann, suðurendann á Kríueyrinni, sem var eitt sinn eyja. ... Vegurinn liggr síðan gegnum Ítakið að Ferðamannagili og eftir því að Litla-Háslandi.” Vegaslóðinn sést á um 100 metra bút (1,5m á breidd), greinileg upphækkun í myrinni en að hluta er hann kominn í lækinn.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga

Heimildir: SB III, 254-255; Ö-Litli-Háls, 1, Ö-Torfastaðir a, 3; Ö-Torfastaðir b, 3

6. Fornleifar og byggð

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bær hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólfögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir, en jafnframt þeir sem einna verst hafa orið úti í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallrar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gerekktar.

Á Litla-Hálsi hefur verið sléttað úr hólnum og flestar minjar sennilega skemmdar. Í Tungu er bæjarhóllinn óhreyfður, þar eru tóftir af síðasta bænum sem var að stórum hluta timburhús, og eru sennilega ósakddaðar minjar undir húsaleifunum. Á Stóra-Hálsi hefur útihús verið byggt yfir gamla bæjarstæðið. Þar er ekki kjallari þannig að líklega er þar óskemmdar minjar að finna. Einnig hefur verið byggt á gamla bæjarhólnum á Bíldsfelli og stendur þar enn gamalt timburhús. Þar hefur verið grafið niður í hólinn og sennilega er búið að eyðileggja mikið af minjum. Á Nesjum hefur einnig verið byggt yfir bæjarhóllinn og liggar vegaslóði yfir hann og er hólinn því að öllum líkindum nokkuð mikið skemmdur. Í Hlíð má sennilega finna eitthvað af óróskuðum leifum. Á Torfastöðum, Villingavatni, Krók og Hagavík hefur verið sléttað yfir bæjarhólna og minjarnar sennilega horfnar að miklu leyti, á Torfastöðum má þó sjá móta fyrir ávöllum hól og það sama má segja um leifar bæjarhólsins í Hagavík.

Á nokkrum stöðum hafa varðveist tóftir eða sagnir um býli. Þar má minnast rústa á Vatnsbrekku og Setbergsbóli innst í Nesjalandi og óljósar heimildir um forn eyðibýli í Kleifardal og undir Vegghömrum í sömu landareign. Tóftirnar í Kleifardal, Vatnsbakka og Vegghömrum eru óglöggar og í hættu vegna mikils gróðurs en mjög greinilegar tættur eru á Setbergsbóli. Óljósar heimildir eru um býli á Rauðbólsstöðum í Hagavíkurlandi, en ekki tókst að finna þær tættur né afla

upplýsinga um þær. Í túnfætinum á Króki eru tóftaleifar sem bera nafnið Grímkelstóftir og eiga samkvæmt munnmælum að vera leifar Grímkelsstaða þar sem Grímkell goði bjó áður en hann byggði upp á Ölfusvatni. Lítilsháttar fornleifarannsókn var gerð þar 1958 en ekki fékkst fyllilega úr því skorið hvort um mannabústað væri að ræða en ekki er ljóst hversu umfangsmikil þessi athugun var. Þar eru þrjár skýrar tóftir og garðlag. Vitað er um hjáleigur frá Hlíð og Stóra-Hálsi en ekki er vita hvar þær voru og óglöggar minjar býlis eru enn greinanlegar í landi Bíldsfells. Á einum stað í landi Torfastaða eru greinilegar tóftir sem gætu verið eftir býli.

Túngarðar og útihús

Útihús eru langstærsti minjaflokkurinn, en þau eru víðast horfin, hafa verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Í landi Nesja eru heimildir fyrir þremur útihúsum en minjar um þau eru nær alveg horfin en þar er einnig vel varðveitt fjárhústóft. Í Hagavík eru útihúsin vel varðveitt. Þar er ein óskýr útihúsatóft og önnur sem er mjög vel varðveitt, fast við þjóðveginn og mætti nýta hana til kynningar. Í víkinni er einnig vel varðveitt tóft af lambhúsi inni í miklu réttargerði sem einnig er mjög heillegt. Við veginn og útihúsatóftina er varðveittur hluti var garðagi sem er líklega hluti af túngarðinum. Í Króki hefur verið sléttuð yfir fjós og þrjú útihús. Ein útihúsatóft hefur varðveist þar og er nokkuð heilleg. Í landi Villingavatns eru heimildir um útihús á sex stöðum, þar af eitt fjárhús og eitt lambhús en ein útihúsatóft hefur varðveist fast við heimreiðina. Í Bíldsfelli eru heimildir um alls 15 útihús. Þar af hafa verið sjö fjárhús. Af fjárhúsunum eru fjögur alveg hofin, en tvær heillegar fjárhústóftir sjást enn og á einum stað eru þrjár tóftir. Heimildir eru síðan fyrir tveimur fjósum, fjórum hesthúsum, tveimur lambhúsum og á einum stað er ekki vitað um hlutverk útihússins. Í Bíldsfelli hefur einnig varðveist stór hluti túngarðsins og er hann nokkuð heillegur. Í Tungu sjást bæði mjög heillegar tóftir af fjárhúsi og ógreinileg hesthústóft ásamt heimildum um eitt útihús til viðbótar. Þar eru einnig greinilegar leifar af túngarði. Í Hlíð eru nokkuð margar útihúsatóftir. Þar er vitað um tvö fjárhús og enn sjást tóftir af öðru þeirra. Örnefni

bendir til þess að hesthús hafi verið þar. Þar er lambhústóft og önnur útihúsatóft sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi. Vitað er um eitt útihús til viðbótar en öll ummerki um það eru horfin. Á Stóra-Hálsi eru öll útihús horfin en heimildir greina frá því að þar hafi verið tvö fjárhús, eitt fjós og eitt hesthús. Þar hefur aftur á móti varðveisit hluti af túngarði. Öll útihús eru einnig horfin á Litla-Hálsi en þar greina heimildir frá tveimur fjárhúsum, fjósi og lambhúsi. Á Torfastöðum hafa engar útihúsatóftir varðveisit en þar hafa verið sjö fjárhús, eitt fjós, eitt hesthús og útihús sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi.

Tún og garðar

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Langflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélum og á þau hefur verið borinn ólífraðinn áburður um árabil. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjasí henta verr til rannsókna og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar. Öll gömlu túnin hafa verið sléttuð með nútímatækjum, nema ef væru Hagavíkurtún en þar hefur verið gróðursett um allt gamla túnið.

Garðrækt hefur ekki verið mikil og aðeins hafa heimildir um fimm kálgarða varðveisit. Á Torfastöðum er heilleg tóft eftir kálgarð og það sama má segja í Bíldsfelli og Króki. Á Stóra-Hálsi sjást óglöggar leifar garðs sem kallaður er Litligarður en heimildir greina frá öðrum garði sem hét Stórigarður en er nú horfinn.

Svarðartekja og kolagerð

Heimildir um mógrafir eru á öllum skráðum bæjum nema á Nesjum og Hagavík en sennilega hafa verið mógrafir að minnsta kosti á fyrnefnda bænum þó heimildir um hafi ekki varðveisit um það. Í landi Tungu voru mjög góðar og miklar mógrafir og komu menn alla leið frá Eyrabakka eftir að bílaöld hófst til að skera mó þar. Einnig eru greinilegar mógrafir í Torfdal í landi Króks og á Stóra-Hálsi.

Aðeins eru heimildir um kolagrafir á tveimur stöðum á skráningarsvæðinu. Í Lómatjarnarhálsi í landi Hagavíkur hafa verið miklar kolagrafir en þar er nú búið að gróðursetja svo mikið af trjám að ekki er gott að finna grafirnar. Í landi Háls er örnefnið Kolagróf merkt inn á kort landmælinga en nafnið er ekki í örnefnalýsingu þannig að ekki er víst að nafnið sé rétt.

Stekkir og kvíar

Alls eru skráðir níu stekkir á skráningarsvæðinu. Á Torfastöðum er vel varðveitt og heilleg stekkjartóft og sama má segja um Stóra-Háls, Villingavatn og Bíldsfell. Örnefni sem benda til þess að í grend hafi verið stekkir, eru í Hlíð og Bíldsfelli en heimildir um stekki sem ekki sjást nú eru á tveimur stöðum, á Villingavatni og í Hagavík. Engar heimildir eru um stekki í löndum Nesja, Króks, Tungu og Litla-Háls.

Örnefni benda til þess að kvíar hafi verið á fjórum stöðum á skráningarsvæðinu. Stöðull heitir svæði í landi Bíldfells, Tungu og Stórahálsi og örnefnið Kvíholt er í landi Villingavatns.

Beitarhús og sel

Alls eru skráð átta beitarhús á skráningasvæðinu. Þúst af beitarhúsum er á Lómatjarnarhálsi í landi Hagavíkur. Heimildir um beitarhús eru á tveimur stöðum á Torfastöðum og landi Litla-Háls. Ógreinileg beitarhúsatóft er í landi Bíldsfells og þrjár beitarhúsatóftir eru sjánlegar í landi Króks allar vel greinilegar.

Heimildir greina frá því að Klængssel hafi verið í landi Nesja, en ekki er vitað hvar það var. Örnefni sem benda til selja eru í landi Villingavatns og Bíldsfells. Tvær seltóftir eru í landi Stóra-Háls og ein í landi Litla-Háls. Selið frá Hlíð er stutt frá öðru Stóra-Hálsselinu, en tóftin er orðin óglögg, eins og seltóftin í Bíldsfelli. Gamlaselstóft í landi Villingavatns er ekki mjög skýr og er í hættu vegna þess hve nálægt hún er veginum upp í Laxárdalinn en tóftin af Króksseli er orðin óglögg vegna mikils gróðurs og uppblásturs í kringum hana.

7. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Flestir friðlýstar minjar voru settar á friðlýsingarskrá á fyrri hluta aldarinnar og valdar með hliðsjón af gögnum fornfræðinga og fornleifafræðinga sem fóru könnunarferðir um landið um og fyrir síðustu aldamót. Þeir lögðu helst leið sína um sagnahéruð. Minjastaðir sem skráðir hafa verið teljast fæstir í mikilli hættu, þótt nokkur dæmi séu um það, einkum þar sem gróður er mikill. Hins vegar hefur fjöldi minjastaða horfið undir tún og nýbyggingar á síðustu áratugum.

Framkvæmdir í landbúnaði hafa dregist saman síðastliðinn áratug en í staðinn hefur komið ný ógn, skógrækt. Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja hinsvegar veghleðslur og afmynda rústir þannig að það verður erfitt bæði að átta sig á þeim á yfirborðinu og kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatarmáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slikt krefst aðeins að fornleifastaðirnir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hannái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum. Skilningur eykst nú á því að minjastaðir hafa gildi fyrir útivist og ferðaþjónustu og er eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar að finna og skilgreina staði eða svæði sem þurfa á verndun að halda eða henta til kynningar fyrir útlendum jafnt sem innlendum ferðamönnum og skólabörnum. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska eða spilla, en hér að neðan verða gerðar sérstakar tillögur um verndun og er þá átt við að hirt sé um viðkomandi minjastað eða minjasvæði, staðurinn kynntur eða gerður aðgengilegur og ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir eyðingu af völdum náttúruafla þar sem það á við.

Gönguleiðir eru margar á svæðinu en þær eru ekki nálægt neinum tóftum og í raun eru takmarkaðir möguleikar á að leggja gönguleiðir þar sem hægt væri að skoða tóftir samtímis. Hinsvegar væru aðstæður mjög ákjósanlegar til að kynna fornar minjar í Hagavík ef þar væri dregið úr skógrækt. Bæði eru þær margar heillegar og merkilegar tóftir og svo er víkin sérstaklega fallegt og skemmtilegt svæði.

Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa. Besta leiðin til að varðveita minjastaði er að kynna þá og gera aðgengilega almenningi. Hér að neðan er skrá um staði sem hafa verndunar-rannsóknar- og/eða kynningargildi

- 1) **Setberg ÁR-473:010.** Tóftirnar á Setbergsbólum í landi Nesja eru nálægt þjóðveginum og henta því sérstaklega vel til kynningar.
- 2) **Réttargerði ÁR-476:011.** Réttin, Réttargerðið og lambhúsið í Hagavík eru einnig stutt frá þjóðveginum og eru sérstaklega heillegar og fallegar tóftir, sem henta til kynningar.
- 3) **Fjárhús ÁR-476:003.** Mjög heilleg fjárhústóft í landi Hagavíkur er fast við veginn og hentar vel til kynningar.
- 4) **Grímkelstóftir ÁR-477:009.** Grímkelstóftir í landi Króks væri vert að rannsaka betur og svo eru þær einnig mjög aðgengilegar.
- 5) **Grímshús ÁR-477:008.** Beitarhúsatóftin af Grímshúsi og aðrar tóftir kringum hana eru mjög greinilegar og vert að varðveita þær sem og aðrar beitarhúsatættur í landi Króks.
- 6) **Fjárhellirinn ÁR-478:006.** Í landi Villingavatns er stór og mikill fjárhellir niður við vatnið sem hefur kynningargildi.
- 7) **Stekkjartóft ÁR-478:012.** Stekkjartóft í landi Villingavatns er bæði sérstaklega heilleg og fallega hlaðin og vert að varðveita hana enda óvenju fáar stekkjartættur eftir í hreppnum.
- 8) **Gamlasel ÁR-478:042.** Gamlaselstættur í Seldalnum hafa ákveðið kynningargildi sérstaklega vegna þess hve aðgengilegar þær eru nú eftir að vegurinn upp í Laxárdal var lagður, enda er tóftin mjög nálægt veginum.
- 9) **Fjárborg ÁR-480:031.** Fjárborgin mikla í landi Bíldsfells hefur mikið varðveislugildi en hún er of langt frá vegum til að vera aðgengileg.
- 10) **Rafstöð ÁR-480:062.** Rafstöðvartóftin í landi Bíldsfells er mjög merkileg og hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Brýnt er að gera hana upp og halda við áður en vatnsflaumur nær að skemma meira. Hlutar úr rafstöðinni eru enn geymdir á bænum og því er enn mögulegt að gera hana upp.

- 11) Tunga ÁR-481:001-003.** Allt bæjarstæðið í Tungu hefur ótvíraett varðveislugildi og þar væri hægt að koma fyrir kynningu á gömlum búskaparháttum.
- 12) Tóftir ÁR-485-018.** Dularfullar tóftir í landi Torfastaða hafa ótvíraett rannsóknargildi enda hafa engar sagnir varðveist um hvaða byggingar voru þar.

8. Heimildaskrá

Heimildamenn:

Árni Þorvaldsson fæddur á Bíldsfelli 9.1.1957
Ársæll Hannesson fæddur að Stóra-Hálsi 1.1.1929
Egill Guðmundsson bóndi í Króki f. 13.5.1921
Guðmundur Þorvaldsson fæddur að Bíldsfelli 13.9.1953
Kristín Gísladóttir fædd 28.4.1957
Sigurður Hannesson bóndi á Villingavatni f. 1.6.1926
Sigurður Þorvaldsson fæddur 14.9.1954
Steingrímur Gíslason fæddur að Torfastöðum 22.9.1921.
Örn Jónasson fæddur að Nesjum 11.5.1955

Ritaðar heimildir:

Alþingisbækur Íslands I-XVII, Rv. 1912-1990.

Brynjúlfur Jónsson (1899): 'Rannsókn sögustaða í Grafningi í maímán. 1898.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899: 1-5.*

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.*

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv. 1983.*

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Rv 1990.

ÍF: *Íslenzk fornrit*, Rv 1933-.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

KK: Kristian Kaalund: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island I-II*, Kbh 1877-82.

Orri Vésteinsson (1996): *The Christianisation of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000-1300*, [óútg. doktorsritgerð við Lundúnaháskóla].

SB: *Sunnlenskar byggðir III*, Selfoss 1983.

Sigurður Vigfússon (1881): 'Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr.' *Árbók 1880-1881*: 8-52.

SSÁ Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Háldán Jónsson, Rv. 1979.

Sturl: *Sturlunga saga*, Rv. 1988.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1918.

Þórður Sigurðsson, Tannastöðum: "Útilegumenn í Henglinum og endalok þeirra." Lesbók Mbl. 1939, 30

Ö-Bíldsfell: Örnefnaskrá Bíldsfells. Örnefnastofnun.

Ö-Hagavík: Örnefnaskrá Hagavíkur eftir Guðmund Jóhannesson. Örnefnastofnun.

Ö-Hagavík, viðb: Viðbætur við örnefnaskrá Hagavíkur eftri Jónínu Hafsteinsdóttur 1987. Örnefnastofnun

Ö-Hlíð: Örnefnaskrá Hlíðar eftir Guðmund Kolveinsson. Örnefnastofnun.

Ö-Krókur: Örnefnaskrá Króks eftir Guðmund Jóhannesson 1974. Örnefnastofnun.

Ö-Krókur 2: Örnefnaskrá Króks eftir Guðmund Jóhannesson. Örnefnastofnun.

Ö-Krókur, aths og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Króks eftir Guðmann Ólafsson 1982. Örnefnastofnun.

Ö-Litli-Háls: Örnefnaskrá Litli-Háls eftir Sigurð Jónsson. Örnefnastofnun.

Ö-Nesjar: Örnefnaskrá Nesja eftir Jónínu Hafsteinsdóttur 1980. Örnefnastofnun.

Ö-Nesjavellir aths. og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Nesjavalla eftir Guðmann Ólafsson 1982. Örnefnastofnun.

Örnefnakort: Örnefnakort af túninu í Litla-Hálsi. Örnefnastofnun.

Ö-Stóri-Háls: Örnefnaskrá Stóra-Háls eftir Jóhann Hannesson 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Torfastaðir a: Örnefnaskrá Torfastaða eftir Sigurð Jónsson. Örnefnastofnun.

Ö-Torfastaðir ath og viðb: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Torfastaða eftir Ólaf Jóhann Sigurðarson 1974. Örnefnastofnun

Ö-Torfastaðir b: Örnefnaskrá Torfastaða eftir Þórhall Vilmundarson 1973. Örnefnastofnun.

Ö-Tunga: Örnefnaskrá Tungu 1990. Örnefnastofnun.

Ö-Villingavatn: Örnefnaskrá Villingavatns eftir Þorgeir Magnússon. Örnefnastofnun.